

2

18

42

Landbúnaðurinn hefur ekki fylgt ferðapjónustunni eftir

Hugmynd sem kviknaði í hrossahaga

Gamli traktorinn



Bændablaðið

4. tölublað 2016 • Fimmtudagur 25. febrúar • Blað nr. 461 • 22. árg. • Upplag 32.000



Eypór Einarsson héraðsráðunautur. Hann býr í Sólheimagerði í Skagafirði og er einn upphafsmanna Mjúkismótsins þar í sveit. Hér er hann með tvo til reiðar á mótinu sem fram fór þann 6. febrúar síðastliðinn. – Sjá nánar um mótið á bls. 7.

Mynd / Gunnar Rögnvaldsson.

Sérblað um búnaðarsamninga fylgir blaðinu í dag: Samningarnir marka nýja sókn í landbúnaði

Fulltrúar bænda og ríkisins skrifuðu undir nýja búvörusamninga 19. febrúar sl. Þeir marka tímamót í landbúnaði og upphafið að nýrri sókn að mati landbúnaðarráðherra og forsvarsmanna bænda.

Um er að ræða rammisamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparæktar og sauðfjárræktar á árunum 2017 til 2026.

Samningarnir eru til 10 ára en gert er ráð fyrir að þeir verði teknir til endurskoðunar tvisvar á samningstímanum, árin 2019 og 2023. Rökin fyrir löngum gildistíma eru þau að verið er að ráðast í umfangsmiklar breytingar.

Meginmarkmið samninganna er að efla íslenskan landbúnað og skapa landbúnaðinum sem fjölbreyttust sóknarfæri. Samningunum er ætlað að auka verðmætasköpun í landbúnaði og nýta sem best tækifærin



Sigurður Ingi Jóhannsson og Sindri Sigurgeirsson. Mynd / TB

sem felast í sveitum landsins í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls. Til þess að ná þessum markmiðum eru í samningum fjölbreytt atriði sem ætlað er að ýta undir framþróun og nýsköpun í landbúnaði.

Samningarnir fjórir eru allir prentaðir í heild sinni hér í blaðinu ásamt fleiri upplýsingum á bls. 29–36. Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, fjallar um áhrif samninganna á bls. 6.

Búnaðarþing 2016: Landbúnaðar- og matarhátíð í Hörpu

Sunnudaginn 28. febrúar nk. verður haldin sannkölluð landbúnaðar- og matarhátíð í Hörpu á milli klukkan 11 og 17. Búnaðarþing verður sett við hátíðlega athöfn í salnum Silfurbergi kl. 12.30 en yfir daginn verður nóg við að vera í Hörpunni.

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, setur þingið og Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ávarpar gesti. Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, leikkona og bóndi á Mýrum, stýrir athöfninni en ýmsir vel valdir listamenn koma þar fram. Í fyrsta sinn

verða veitt Hvatningarverðlaun Bændasamtaka Íslands og landbúnaðarverðlaunin verða á sínum stað.

Bæði fyrir og eftir setningarathöfn Búnaðarþings gefst gestum kostur á að kynna sér úrval íslenskra búvara hjá nokkrum úrvinnslufyrirtækjum bænda, skoða búvélar og virða fyrir sér mannlífið í Hörpu. Fyrir utan tónlistarhúsið verður grillvagn sauðfjárbænda, hamborgarabíllinn Tuddinn, ásamt dráttarvélum og öðrum tækjabúnaði sem bændur nota í sínum störfum.

Allir eru velkomnir á landbúnaðar- og matarhátíð í Hörpu sunnudaginn 28. febrúar.



Enn lágt verð á minkaskinnnum á uppboði í Danmörku — íslensku skinnin samt enn þau næstverðmætustu á markaðnum:

Mikill ótti við blóðsjúkdóm í dönskum mink

Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda, segir að niðurstöður á skinnuppboði hjá København Fur, sem lauk á þriðjudag, séu svipaðar og búist var við. Verð sé enn lágt og muni haldast lágt allt þetta ár.

Íslenskir minkabændur seldu um 40 þúsund skinn á uppboðinu og þar seldist allt sem í boði var, eða á sjöundu milljón skinna. Björn segir að Íslendingar geti verið sáttir við að vera með næstbestu skinnin á heimsvísu og þar rétt á eftir Dönum. Þar

hafi íslensku skinnin heldur verið að sækja á þau dönsku frá síðasta uppboði.

„Við erum allavega enn þá að tryggja okkur nokkuð vel gagnvart Norðmönnum og höldum þeim vel fyrir aftan okkur,“ segir Björn.

„Verðið á íslensku skinnunum var að meðaltali 213 danskar krónur að þessu sinni á móti um 214 krónum á síðasta uppboði í janúar. Niðurstaðan var allavega mun skárri en hún hefði getað verið.“

Björn segir að staðan á heimsmarkaði með loðskinn sé mjög erfið

um þessar mundir. Rússar, sem voru stórkaupendur á loðskinnnum um árabil, séu nær alveg horfnir úr kaupendahópnum. Þótt margir framleiðendur hafi dottið úr skaftinu vegna mikillar verðlækkunar á skinnnum, þá sé viðbúið að skinnaverð haldist lágt út þetta ár og jafnvel fram á árið 2017. Því sé þetta spurning um velvilja lánveitenda meðan þetta ástand varir.

Blóðsjúkdómur vekur ugg

Það er þó annað mál sem vekur

ekki síður ugg meðal minkabænda. Í Danmörku berjast minkabændur nú við alvarlegan blóðsjúkdóm í dýrunum sem breiðst hefur um allt landið. Gert er ráð fyrir að samtök danskra minkabænda leggi sem svarar um tveimur milljörðum íslenskra króna í baráttuna við sjúkdóminn á þessu ári. Búið er að lóga öllum dýrum á um 280 búum af þeim 1.500 sem þar eru starfærkt. Ekki sér fyrir endann á þeim vanda. Talið er að smit hafi borist með fóðri en ekkert er þó vitað um upprunann.

Lokað fyrir lífdýrainnflutning

Íslenskir minkabændur hafa flutt inn fjölda lífdýra árlega frá Danmörku til að viðhalda sínum stofni, en hafa nú alveg lokað fyrir það.

„Það verður ekki farið til Danmerku eftir mink næstu árin, allavega ekki meðan ég er í forsvari fyrir íslenska minkabændur. Það verður ekki tekinn neinn séns í þessum efnum því sjúkdómsleysið hér á landi eru einhver mestu verðmætin sem fólgin eru í okkar dýrum,“ segir Björn. /HKr.

Fréttir

Hagstofa Íslands: Atvinnuleysi ekki minn frá 2007

Samkvæmt Vinnumarkaðs-rannsókn Hagstofu Íslands voru að jafnaði 188.500 manns á aldrinum 16 til 74 ára á vinnu-markaði í desember 2015, sem jafngildir 81% atvinnuþátttöku. Launavísitalan hefur hækkað um 9,7%.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands segir að af þeim voru 184.900 starfandi og 3.600 án vinnu og í atvinnuleit. Hlutfall starfandi af mannfjölda var 79,4% og hlutfall atvinnulausra af vinnuafli var 1,9%.

Atvinnuleysi hefur ekki mælst lægra í mælingum Hagstofu Íslands síðan í nóvember 2007 þegar það mældist 1,3%. Samanburður mælinga í desember 2014 og 2015 sýnir að það fjölgaði í vinnuaflinu um 4.800 manns, atvinnuþátttak-an jókst því um eitt prósentustig. Fjöldi starfandi jókst um 9.100 og hlutfallið af mannfjölda um 2,9 stig. Atvinnulausum fækkaði um 4.300 manns og hlutfall þeirra af vinnuaflinu minnkaði um 2,4 stig. /VH

Lífland hefur áburðarsölu

Lífland mun hefja innflutning tilbúins áburðar í vor og er þetta í fyrsta sinn sem félagið býður upp á slíka vöru.

Í fréttatilkynningu frá Líflandi segir að meginástæða þess að félagið fetar þessa braut er stefna sem mörkuð hefur verið um að geta boðið bændum landsins upp á heildarlausnir í búrestrarvörum.

Áburðurinn er markaðssettur undir heitinu „LÍF“ og slagorðinu „Fáðu LÍF í tún og Akra“ sem vísar beint í eiginleika áburðarins og nafn Líflands.

Áburðurinn kemur frá írsku fyrirtækinu Grassland Agro og uppistaða vöruframboðsins eru fjölkorna blöndur. Grassland Agro er virt fyrirtæki á írsku áburðar-markaðinum og um þeirra hendur fer um fjórðungur alls áburðar sem seldur er á Írlandi þar sem þeir reka þrjár blöndunarstöðvar.

Verða alls níu vörutegundir á boðstólum þetta árið, m.a. nokkrar selenbættar. Nánari upplýsingar um vöruúrvalið og tilhögun flutningstilboða veita söluráðgjafar Líflands. /VH



Í Hlaðvarpanum á ÍNN: Nýr þáttur í loftið á mánudaginn

Þátturinn Í hlaðvarpanum, sem er fræðsluþáttur um landbúnaðarmál, hóf nýverið göngu á dag-skrá sjónvarpsstöðvarinnar ÍNN á mánudagskvöldum kl. 21.30.

Í þættinum næstkomandi mánudag verður fjallað um mikilvægi þess að framleiða og nota lífrænan áburð, auk þess sem rætt verður við ungan bónda á Vesturlandi.

Í síðasta þætti var fjallað um hættur af innflutningi hrárra matvæla og plantna, auk þess sem spjallað var við ungan kúabónda á Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum. Hægt er að sjá hann og fyrri þætti á á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

Þáttastjórnendur eru þau Áskell Þórisson blaðamaður og Berglind Hilmarsdóttir bóndi.



Keli vert (Þorkell Sigurmon Simonarson), segir endalaus möguleika í að selja ferðamönnum landbúnaðarafurðir, en kerfið hafi verið tregt til að taka þátt í þeim dansi og viðbrögðin sein. Landbúnaðurinn sé í svipaðri stöðu hvað það varðar í dag og ferðapjónustan í sveitum var í upphafi. Mynd / HKr.

Auka þarf nýsköpun í landbúnaði og tryggja stöðugt framboð, segir Keli vert í Langaholti á Snæfellsnesi:

Landbúnaðurinn hefur ekki fylgt ferðapjónustunni eftir

Gistihúsið Langaholt í Staðarsveit á Snæfellsnesi hefur sérhæft sig svolítið í fiskréttum. Hefur hróður Kela verts, Þorkels S. Simonarsonar, borist víða og nýtur hann frábærra samskipta við sjómenn, fiskmarkaði og útgerðarmenn á Snæfellsnesi. Hann segir þó skemmtilegt að vita til þess að nú sé að verða smá vakning í landbúnaðinum til að sinna ferðapjónustunni, en þar þurfi að gera miklu betur.

Í Langaholti er fullvinnslueldhús. Fiskurinn er keyptur heill og flakaður á staðnum og beinin soðin í súpukraft. Þannig kaupir Keli á fjórða tonn af fiski á ári á fiskmarkaði.

Keli segir að heimavinnsla á kjöti og öðrum afurðum landbúnaðarins sé enn af mjög skornum skammti á Snæfellsnesi.

„Allavega ekki í þeim mæli sem veitingaþrátturinn þarf. Þetta er þó allt í rétt átt.“

Of lítið framboð og stopul vinnsla

Hann segir að gallinn við heima-vinnsluna fram til þessa sé að flestir séu að vinna vörur í mjög litlu magni og í stuttan tíma á hverju ári. Þetta sé í raun nákvæmlega eins og ferðapjónustan var rekin á bernskuárum sínum. Ferðapjónustan hafi hins vegar verið að þróast hratt og þeir sem eru með heimavinnslu hafi ekki skoðað nægilega vel hennar þarfir við breyttar aðstæður.

Kjötvinnslan of mikið innstillt á þarfir stórmarkaða

Að sögn Kela þekkja kunningjarnir og bændurnir í nágrenninu vel til gagnrýni hans á landbúnaðarkerfið sem slíkt.

„Ef maður persónugerir kerfið, þá hefur það þumbast dálítið við að líta á þennan markað og tækifærin sem þar felast. Kjötframleiðslan í landinu er afskapleglega mikið innstillt á

hillupláss í stórmörkuðunum. Einnig neysluvenjur Íslendinga sem þjóðar. Nú erum við komin með yfir milljón ferðamenn á ári og þar er fólkið sem getur og hefur efni á að borða dýru og fínu bitana. Landbúnaðarkerfið hefur ekki kosið að líta í þá átt. Sem dæmi er mjög stór munur á því hvernig fiskiðnaðurinn hefur horft á ferðapjónustuna. Sú grein njóti þess nú að hafa verið með öðruvísi markaðsstarf áratugum saman og við að þjónusta fólk af ólíkum uppruna víða um heim.“

Hákarlinn sannar hvað hægt er að gera

„Fyrir tuttugu árum hefði enginn trúað mér að það kæmu milljón túristar til Íslands og hver einasti þeirra teldi sig ekki vera mann með mönnum nema hafa prófað að smakka hákarl. Slík fullyrðing hefði þótt fráleit fyrir nokkrum áratugum. Ef eitthvað er séríslenskt vekur það forvitni. Þetta sannar hákarlinn. Þótt okkur hafi kannski þótt hann óaðlaðandi og vart bjóðandi, þá er bara spurningin að gera hann spennandi og það hefur tekist.“

Þessum óskum hefur sjávarútvegurinn og ferðapjónustan mætt. Ég hef því sagt að ef landbúnaðurinn hefði sýnt sama lit við að sinna markaðnum, þá væru svið í jafn miklum metum hjá ferðamönnum og hákarlinn.“

Tækifærin liggja í að sinna veitingahúsunum

„Menn hafa bara ekki nýtt sér tækifærin. Flest veitingahús séu ekki með fullvinnslueldhús og þurfi því meira unna vöru en heila skrokka. Þessi veitingahús þurfi helst að ákveða í dag kvað þau ætli að hafa á matseðlinum eftir hálf, eða heilt ár. Þar bregst landbúnaðurinn, því veitingahúsin geti ekki treyst því að fá nýnnið kjöt eða þróaðar kjötvörur þegar þau þurfi á því að halda. Þörfin



Hákarl í hjalli í Bjarnarhöfn. Vertinn í Langaholti segir markaðssetningu á hákarli til ferðamanna vera gott dæmi um hvað hægt væri að gera varðandi séríslenskar landbúnaðarafurðir. Mynd / HKr.



Svið gætu verið í sömu stöðu og hákarlinn gagnvart ferðamönnum ef rétt hefði verið haldið á spöðunum.

og magnið sé samt stöðugt að aukast og menn neyðast þá til að leita til útlanda eftir slíku hráefni.

Það er vissulega mikil gerjun á sumum sviðum landbúnaðar. Nú er t.d. íslenskt bygg í boði á öðrum hvorum matardiski á veitingastöðum. Þetta gerðist í kjölfar þess að Eymundur í Vallanesi var búinn að reyna í mörg ár að fá okkur til að prófa íslenskt bygg í okkar matargerð. Nú borða erlendir túristar íslenskt bygg mörgum sinnum meðan þeir staldra hér við og Eymundur getur selt sína uppskeru. Menn þurfa því að vera vakandi yfir möguleikunum. Við getum selt túristunum okkar nánast allt. Við þurfum þó að gera það vel og ekki með lakari hætti en gert er á öðrum stöðum í heiminum.“

Eigum endalaus möguleika

„Við eigum endalaus möguleika, en landbúnaðarkerfið sem slíkt hefur ekki viljað dansa með. Veitingamenn nenna ekkert að taka þátt í pólitískum hráskinnaleik hvað þetta varðar og fara bara auðveldustu leiðina. Ef það er erfitt að fá þá vöru sem óskað er á Íslandi þegar á henni þarf að halda, þá taka þeir bara innfluttar vörur í staðinn.“

Þróunin er samt að byrja í rétta átt. Það eru útlendingarnir sem munu borða smjörfjallið okkar og borða dýru bitana, á meðan við Íslendingarnir tökum bara það ódýrasta til að halda okkar heimili.

Þegar maður reynir að ræða þessi mál við þá sem hafa eitthvað með kerfið að gera, þá grafa menn sig fljótt í skotgrafir og koma með upphrópanir. Oft líka án þess að vilja setja sig inn í málin. Veitingamenn eru bara að reyna að sinna sínu starfi. Þeim er umhugað um að koma með nýjungar og ef vel tekst til þá verður það vinsælt. Sama má gera úr öllu okkar hráefni eins og sviðunum. Ef þau eru hins vegar ekki til þegar á þarf að halda, þá seljast þau auðvitað ekki.“

Bráðum borða túristar meira en innfæddir

„Ferðamenn eru alltaf til í að prófa skritinn mat og við getum gert miklu meira ef við leggjum okkur eftir því. Bráðum verður það svo að túristarnir borða meiri mat hér á landi en þjóðin.“

Þó ég segi þetta, þá eru fyrirtæki í landbúnaðinum sem eru að gera mjög góða hluti. Þeir hjá Fjallalambi fyrir austan eru t.d. að standa sig feikilega vel og með afburða þjónustu miðað við aðrar afurðastöðvar,“ segir Keli vert á Snæfellsnesi. /HKr.

– Sjá viðtal við Kela á bls. 26-28



dlg

Sláturfélag Suðurlands kynnir!



Ærblanda SS - Óerfðabreytt kjarnfóður framleitt af DLG fyrir íslenska sauðféð

- Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini
- Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika
- Inniheldur tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt
- Gott jafnvægi í steinefnum og snefilefnum
- Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum

- 15 kg pokar / 750 kg sekkir



Vitlick Soft Sheep - Bætiefnafata

- Steinefna- og snefilefnaríkt og hentugt með vetrarfóðrun
- Inniheldur A-vítamín, D-vítamín og E-vítamín
- Án kopars
- Hátt seleninnihald
- Inniheldur hvítlauk

- 15 kg fata



Salto får - Saltsteinn fyrir kindur

- Inniheldur stein og snefilefni
- Ekkert koparinnihald
- Inniheldur selen
- Inniheldur náttúrulegt bergsalt
- Má notast við lífræna ræktun

-10 kg steinn

Vitfoss

Hafið samband við sölumenn Sláturfélags Suðurlands um land allt.

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Simi 575 6000 • www.ss.is

Fréttir

Talið er að um 25 þúsund manns látist árlega innan ríkja ESB vegna sýklalyfjaónæmis:

Vandinn er stöðugt að aukast og kostnaðurinn er gríðarlegur

— Fjölónæmar bakteríur valda sérstökum áhyggjum sérfræðinga

Vandinn við að lækna fólk af bakt-eríum sem fúkkalyf ráða ekki við hefur farið ört vaxandi í ríkjum Evrópusambandsins á undanförm-um árum. Eru sýklalyfjaónæmar súnur (Zoonoses) orðnar skæðar, en þær berast hæglega úr dýrum í menn.

Þá vara lækna nú við því að bakteríur séu að öðlast ónæmi fyrir fúkkalyfinu ciprofloxacín sem er afar mikilvægt til að berjast við sýkingar í mönnum.

Fúkkalyfjaónæmi er orðið mjög útbreitt í camfýl-bakteríum sem berast í menn m.a. úr fæðunni sem þeir borða. Það þýðir að æ erfiðar verður að lækna fólk sem af þessum bakteríum veikjast.

Samkvæmt úttekt Heilsu- og fæðuöryggisnefndar ESB þá deya nú árlega um 25 þúsund manns í Evrópusambandinu sem rekja má til sýklalyfjaónæmra baktería. Vandinn er enn að aukast og slíkar bakteríur berast til sífellt fleiri landa.

EFSA og ECDC vara við stöðunni

Fæðuöryggisstofnun Evrópu-sambandsins EFSA lét gera úttekt

á málinu 2014. Í skýrslu sem þá var unnin voru notaðar faraldsfræðilegar aðferðir við að greina stöðuna. Þá hefur miðstöð sjúkdómavarna í Evrópu ECDC og EMA einnig varað við stöðunni. Var síðan birt frétt þar sem sérfræðingar vöruðu við stöð-unni þann 11. febrúar síðastliðinn. Þar er byggt á gögnum úr skýrslunni.

Vandinn liggur í ofnotkun sýklalyfja

Vandinn í Evrópu á að stórum hluta rætur að rekja til notkunar sýklalyfja sem vaxtarhvetjandi efna við ræktun á alifuglum og nautgripum. Þessi vandi er líka orðinn mjög mikill í Bandaríkjunum af sömu ástæðum. Óhófleg notkun á sýklalyfjum hjá mannfólkinu hefur svo aukið enn á vandann. Þó að á Íslandi hafi sýklalyf verið notuð í óhöfi hjá mannfólkinu um langa hríð, þá er sýklalyfjanotkun í landbúnaði hér á landi og í Noregi sú allra minnsta sem þekktist í heiminum. Munar þar mjög miklu miðað við þau ríki sem mest hefur verið flutt af kjötvörum frá til Íslands. Sýklalyfjaónæmar bakteríur hafa því ekki náð fótfestu



Mynd úr skýrslunni ANTIBIOTIC RESISTANCE THREATS in the United States.

í landbúnaði hér á landi og þykir íslenskum læknum sem og erlendum sérfræðingum mikið til vinnandi að reyna að verja landið eins og kostur er. Það verði m.a. gert með því að hindra innflutning á hráu kjöti frá Evrópu.

Gallinn er að það eru ekki til nein skref til baka þegar bakteríur hafa á

annað borð áunnið sér ónæmi fyrir lyfjum. Eina ráðið er að þróa öflugri lyf sem ekki er einfalt mál þegar um sýklalyf er að ræða.

Spörum enn um 7 milljarða króna vegna hreinleika landsins

Staðan á Íslandi er afar mikils virði metið í beinhörðum peningum. Ef kostnaðarstaða miðstöðvar sjúkdómaeftirlits og sjúkdómavarna (CDC) hjá heilbrigðisráðuneyti Bandaríkjanna væri yfirfærð yfir á Ísland miðað við íbúafjölda, þá myndi baráttan við sýklalyfjaónæmar bakteríur kosta Íslendinga um 7 milljarða króna á ári. Slíkir peningar eru ekki gripnir upp úr götunni og því þyrfti annaðhvort að skera niður í heilbrigðisþjónustunni sem því nemur, eða taka þá fjármuni úr öðrum verkefnum.

Álegur heildarkostnaður Banda-riksamanna af glímunni við sýkla-lyfjaónæmið er því áætlaður um 55 milljarðar dollara. Það sam-svarar hátt í sjö þúsund milljörðum íslenskra króna (6.985.000.000.000).

Sambærilegur kostnaður í íslenskum veruleika yrði því fljótur

að vega upp meintan gróða af inn-flutningi á hráu kjöti. Hvert ár sem hægt er að halda sýklalyfjaónæm-um bakteríum fjarri eða í lágmarki er því mikils virði fyrir þjóðfélagið.

Fjölónæmar bakteríur orðnar áberandi

Samkvæmt tölum Evrópu-sambandsins hafa bakteríur í mönn-um og kjúklingum í 30% tilfella myndað ónæmi fyrir tetracyclín. Í 28,2% tilvika varðandi sulphomid og í 28,2% tilvika hafa þær myndað ónæmi fyrir ampicilín-lyfinu.

Fjöllyfjaónæmi er líka orðið hátt í Evrópubúum eða 26%. Þá finnast fjölónæmar bakteríur í 24,8% til 30,5% tilvika í holdakjúklingi og kalkún. Ákveðnar bakteríutegund-ir valda læknum þó sérstökum áhyggjum. Það eru Salmonella Kentucky og Salmonella Infantis sem hafa sýnt mjög hátt þol gegn ciprofloxacín og hafa hátt fjöllyf-jaónæmi. Vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er hafa yfirvöld m.a. verið að skoða hvort gera þurfi breytingar á löggjöf vegna alifuglaeldis í ríkjum ESB. /HKr.

Yfirlýsing frá Svínaræktarfélagi Íslands:

Niðurstöður búvörusamninganna vonbrigði

Stjórn Svínaræktarfélags Íslands hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hún lýsir vonbrigðum sínum með niðurstöður búvörusamninga, sem undirritaðir voru fyrir síðustu helgi.

Í yfirlýsingunni segir að helstu ástæður vonbrigðanna séu að í búvörusamningunum, sem gilda til 10 ára, séu framlög til uppbyggingar svínabúa samtals 440 milljón-ir króna. Þetta eru jafnframt einu framlög ríkisins til greinarinnar samkvæmt búvörusamningunum. Þetta er ekki í neinu samræmi við stuðning til svínaræktenda í nágrannalönd-um okkar, þar sem yfirvöld hafa gert sambærilegar kröfur um aðbúnað.

Tjón svínabænda gríðarlegt

Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands, sagði í samtali við Bændablaðið að með yfir-lýsingunni vilji Svínaræktarfélagið benda á þá stöðu sem búgreinin býr við og tengist einkum nýjum lögum um velferð dýra og tollasamningum við Evrópusambandið.

„Við gerð laganna horfðu stjórnvöld til landa sem fremst standa þegar kemur að dýravel-ferð og sérstaklega til landanna í Skandinavíu þar sem þessar reglur eru að mörgu leyti til fyrirmyndar. Við hjá Svínaræktarfélaginu erum að sjálfsögðu mjög ánægð með það enda viljum við að aðbúnaður dýranna sé sem allra bestur. Það sem hins vegar er ekki tekið með frá viðmiðunarlöndunum er fjár-mögnun þeirra fjárfestinga sem ráðast þarf í. Þessar 440 milljónir alls sem ríkisstjórnin ætlar að leggja til á móti kostnaði sem er áætlaður af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðar-ins um 3 milljarðar króna dugir því skammt. Algengt er að sambærileg-ur stuðningur í Skandinavíu sé 40 til 50% af kostnaði.

Á sama tíma munu svínabændur verða fyrir gríðarlegu tjóni vegna nýju tollasamninganna sem taka gildi í upphafi árs 2017. Í skýrslu sem Bændasamtök Íslands létu gera vegna áhrifa samninganna á einstakar kjóttegundir er talað um að skerðing á tekjum svínabænda

geti numið 308 milljónum á ári og er ekki jafn mikil á neina aðra kjót-tegund.

Það sjá því allir að það er harla ólíklegt að viðskiptabankarnir séu tilbúnir til að koma að fjármögnun á fjárfestingum vegna nýrra aðbún-aðarreglna í því starfsumhverfi sem greinin býr við.

Hörður segir að í þessu ljósi sé eðlilegt að skoðað verði hvernig hægt sé að nota þær 440 milljónir króna sem ætlaðar eru til fjárfestinga samkvæmt nýjum rammisamningi til úreldingar á þeim búum sem rekstrargrundvelli hefur verið kippt undan með stjórnvaldsákvörðunum að hans sögn.

„Staða landbúnaðarins í dag er þannig að hann þarf á öflug-um heildarsamtökum að halda. Heildarsamtökum sem hafa burði til að koma fram fyrir landbún-aðinn í heild og fyrir þá sem í sveitunum búa. Eins og staðan er í dag finnst okkur svínabændum að loknum búvörusamningunum að við stöndum eftir án þess að hafa fengið lausn á okkar málum. Í ljósi þess er eðlilegt að við veltum fyrir okkur hvort við eigum samleið með Bændasamtökum Íslands eða ein-hverjum öðrum. Svo má líka velja því fyrir sér að ef svínabúskapur er að leggjast af í stórum stíl, hvort það skipti nokkru máli lengur hvort svínabændur séu hluti af einhverjum samtökum eða ekki,“ segir Hörður.

Nauðsynlegar breytingar kosta 2,5 til 3,2 milljarða

Í yfirlýsingunni segir stjórn Svínaræktarfélags Íslands að óháð-ir sérfræðingar telji að kostnaður við nauðsynlegar breytingar til að uppfylla ákvæði nýrrar reglugerð-ar um aðbúnað í svínarækt sé 2,5–3,2 milljarðar króna og að með íþyngjandi reglugerð um aðbúnað, auknum heimildum til innflutnings



Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands. Mynd / Úr myndasafni

á svínakjöti frá og með 2017 og nú síðast nýjum búvörusamningum er vegið alvarlega að rótum svínarækt-ar á Íslandi.

Við gerbreyttar forsendur, sem alfarið eru að tilstuðlan ríkisins, hlýtur að vera sanngjörn krafa að úrelding búa sé hluti af nýju rekstr-arumhverfi greinarinnar. Þannig gefist bændum sem það kjósa kostur á að hætta rekstri án þess að taka með sér skuldaklafa.

Skoða hvort hagsmunum sé betur borgið utan BÍ

Þá segir að gerð nýrra búvörusamn-inga hafi verið með þeim hætti að Svínaræktarfélag Íslands hljóti að skoða það alvarlega hvort hags-munum þess er betur borgið utan Bændasamtaka Íslands. Tillaga þess efnis liggur fyrir fundi sem boðaður hefur verið 2. mars næstkomandi.

/VH

Hagsmunum svínabænda var haldið til haga

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, segir vegna yfirlýsingar svínabænda að áherslur svína-ræktarinnar hafi verið ræddar í viðræðum um búvörusamninga.

„Hagsmunum svínabænda var haldið til haga við samningaborðið eins og reyndar hagsmunum allra annarra búgreina. Bændasamtökin létu dr. Vífil Karlsson gera skýrslu um tollasamninginn og RML skýrslu um kostnað vegna nýrra aðbúnaðarreglugerða, einmitt til

að draga fram þann mikla kostnað sem svínaræktin og fleiri búgreinar eru að verða fyrir vegna þessara atriða. Því miður voru stjórnvöld ekki tilbúnir að koma til móts við þessi sjónarmið nema að litlu leyti í svínaræktinni, en ekkert í öðrum greinum. Það eru vonbrigði að Svínaræktarfélagið sé að velja fyrir sér úrsögn úr Bændasamtökunum. Ég er og verð þeirrar skoðunar að bændur séu sterkari saman sem ein heild.“

NÝR L200 FLÝGUR ÚT



5 ÁRA
ÁBYRGÐ



Mitsubishi L200 er hann kominn með nýtt útlit, aukið rými og meiri snerpu. Þú finnur varla sterkbyggðari og áreiðanlegri bíl. Svo er hann svo notadrjúgur að erfið verkefni munu bara gleðja hann. Komdu og náðu þér í nýjan L200 áður en hann flýgur frá þér.

Mitsubishi L200 Intense
6 gíra beinskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

6.890.000 kr.

„Hér er því kominn bíll sem mjög auðvelt er að mæla með og sannast sagna átti reynsluökumaður alls ekki von á svo góðum bíl er hann var sóttur.“

Finnur Thorlacius, Fréttablaðinu



FYRIR HUGSANDI FÓLK



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbergsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefsíða blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Ekki ósnertanleg

Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins, „The common agricultural policy“, eða CAP, er eins og búvörusamningum á Íslandi, ætlað að hjálpa bændum við að framleiða næga fæðu handa íbúunum.

Búvörusamningur ríkisins við íslenska bændur á sér því hliðstæður sem finna má í flestum ríkjum heims, meira að segja í landi frelsisins – Bandaríkjunum.

Þótt þjóðir heims telji mikið til vinnandi að veita miklu fjármagni til landbúnaðar svo tryggja megi fæðuöryggi þegnanna, þá er ekki þar með sagt að það sé sama hvernig það er gert. Hvort sem nýgerðir búnaðarsamningar á Íslandi verða samþykktir mögularlaust eða ekki, þá verður að skoða áfram alla möguleika á að gera kerfið skilvirkara og sem ódýrast. Auka enn frekar öryggi matvællanna og rekjanleika auk þess að setja það sem höfuðmarkmið að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Hefja þarf markvissa vinnu við að gera íslenskan landbúnað eins sjálfbæran og nokkur kostur er. Það mun gera gæfumuninn, bæði fyrir bændur, sem og þjóðina alla, þegar til framtíðar er lítið.

CAP, sem upphaflega var sett í gang árið 1962, er einnig ætlað að tryggja að fæðan sem framleidd er sé örugg (meðal annars í gegnum rekjanleika). Að bændur sé verndaðir fyrir verðsveiflum og markaðshruni. Þeim sé hjálpað við að fjárfesta til að nútímavæða sinn búskap. Búa til og verja störf í matvælagæiranum. Vernda umhverfið og stuðla að velferð dýra. CAP er líka ætlað að verja veikar byggðir í dreifbýlinu með því að skjóta fjölbreyttari stoðum undir efnahagslífið. Þar hefur kerfisköllum í Brussel reyndar hrappallega mistekist.

Eftir hálfa öld undir þessum samningi, sem í grundvallaratriðum hafði verið lítið breytt, voru gerðar nokkrar breytingar á CAP 2013. Þar var samt aðaláherslan enn lögð á fæðuöryggið, „food security“.

Í nýjum CAP-samningi var einnig bent á spá sem gerir ráð fyrir að íbúum jarðar muni fjölda úr 7 í 9 milljarða fram til 2050. Að hlýnnun jarðar muni valda miklum búsisfjum í landbúnaði víða um heim. Því sé afar mikilvægt að halda dreifðum byggðum Evrópu á lifi svo þær geti þegar á þarf að halda verið reiðubúnaar til að takast á við aukna matvælaframleiðslu. Fram til 2050 verði heimsbyggðin nefnilega að tvöfalda landbúnaðarframleiðslu sína ef allt þetta fólk eigi að geta dregið fram lífið. Það þýðir að baráttan um brauðið mun harðna og það verulega.

Einn angi af lífsbaráttunni er baráttan um vatnið. Hún er ekki aðeins óraunveruleg martröð úr fjarlægri framtíð, því hún er staðreynd þegar í dag. Þetta gat heimsbyggðin m.a. séð í fréttum í byrjun þessarar viku af baráttu um vatn í indverskri stórborg. Bandaríkjamenn eru nú að ganga inn í slíka martröð líka.

Skiptir þetta Íslendinga engu máli? Erum við kannski hafin yfir aðrar þjóðir varðandi skyldu okkar til að vera sjálfbjarga um frumnauðsynjar, mat og vatn?

Það mætti ætla af umræðunni að við séum ósnertanleg í þessum efnum. Hér getum við hagað okkur eins og fífl og stólað á að einhverjir aðrir sjái alla tíð um að framleiða matinn ofan í okkur. Kaupum bara frá útlöndum matvælin sem greidd eru niður af almenningi í viðkomandi löndum. Líkt og bankamenn og fjárfestar stóluðu á að almenningur á Íslandi og í útlöndum borgaði brúsann af þrífum þegar þeir voru búnir að drulla upp á bak.

Fólk með slíkan þankagang mætti alveg fara að gera sér það ljóst að framleiðsla á mat gerist ekki af sjálfu sér. Kjöt og grænmeti vex ekki í kæliborðum verslana frekar en fiskurinn sem sjómennirnir okkar veiða. /HKr.

Nýir búvörusamningar

Sindri Sigurgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Skrifað var undir nýja búvörusamninga þann 19. febrúar síðastliðinn. Samningarnir eru til 10 ára en gert er ráð fyrir að þeir verði teknir til endurskoðunar tvisvar á samningstímanum, árin 2019 og 2023. Það er nýmæli að gildistíminn sé þetta langur, en ástæða þess er að með samningunum er verið að ráðast í umfangsmiklar breytingar á starfsumhverfi landbúnaðarins sem kallar á langtímahugsun.

Meginmarkmið samninganna er að efla íslenskan landbúnað og skapa greininni sem fjölbreyttust sóknarfæri. Markmiðið er að auka verðmætasköpun í landbúnaði og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls. Til þess að ná þessum markmiðum eru í samningum fjölbreytt atriði sem ætlað er að ýta undir framþróun og nýsköpun í greininni. Enn fremur fylgir samningnum bókun þar sem gert er ráð fyrir frekari viðræðum um innviði hinna dreifðu byggða og almenn atriði er varða byggðastefnu stjórnvalda.

Gerð er hagræðingarkrafa í samningunum sem nemur 0,5% fyrstu 5 ára samninganna en 1% næstu 5 ár á eftir. Þetta á við um alla þætti samninganna nema þeim sem lúta að niðurgreiðslu raforku og framlögum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Heildarútgjöld ríkisins vegna samninganna verða nánast þau sömu í lok samningstímans (á föstu verðlagi) og þau eru nú. Sett er þak á stuðning í alla samningana þannig að enginn framleiðandi getur fengið meira en ákveðið hlutfall af heildarframlögum.

Mjólkursamningur tekur breytingum

Í nautgriparéktarsamningi er stefnt að viðamiklum breytingum. Vægi greiðslna út á framleidda mjólk auk gripagreiðslna eykst en á móti er gert ráð fyrir að vægi greiðslna út á greiðslumark verði þrepað niður. Viðskipti með greiðslumark verða jafnframt takmörkuð en aðlögunartími er talsverður. Horft er til þess að hægt verði að afnema kvótakerfi í mjólkurframleiðslu en ákvörðun um það verður ekki tekin fyrr en við fyrri endurskoðun árið 2019. Atkvæðagreiðsla verði meðal mjólkurframleiðenda um málið áður en til þess kemur. Ný verkefni eru einkum að nú verður tekinn upp stuðningur við nauta-

kjötsframleiðslu, en innlend framleiðsla hefur ekki annað eftirspurn síðustu ár. Enn fremur verður mögulegt að fá stuðning við fjárfestingar, sem líka er nýmæli. Þá mun ráðherra beita sér fyrir því að tollvernd á ákveðnum mjólkurvörum verði færð til raungildis, en hún hefur verið óbreytt í krónum talið frá árinu 1995.

Garðyrkjusamningur

Samningur garðyrkjubænda er um margt áþekkur fyrri samningum og engar snöggar eða áhrifamiklar breytingar eru fyrirsjáanlegar vegna hans. Kveðið er á um hlutdeild ríkisins í kostnaði við dreifingu og flutning raforku, en undanfarin ár hafa verið gerðir sérstakir samningar um þá þætti, utan búvörusamninga. Áfram munu papriku-, gúrku- og tómataframleiðendur fá beingreiðslur vegna framleiðslu sinnar. Sett hefur verið viðmið um hámarksstuðning til einstaka bænda vegna beingreiðslna og niðurgreiðslna á flutnings- og dreifingarkostnaði raforku í því skyni að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtist sem best.

Breyttar áherslur í sauðfjárræktinni

Í sauðfjárræktarsamningi eru breyttar áherslur frá fyrri samningi. Markmið nýja samningsins er að efla íslenska sauðfjárrækt í sátt við samfélag og náttúru þar sem sérstaða, sjálfbærni, fjölbreytni, verðmætasköpun og góðir búskaparhættir eru hafðir að leiðarljósi. Að auki á að hlúa að þeirri einstöku íslensku menningu sem tengist sauðfjárrækt um leið og stuðlað er að framþróun, nýsköpun, nýliðun og eflingu byggðar um allt land.

Vægi álagsgreiðslna gæðastýringar er aukið og greiðslur út á greiðslumark þrepaðar niður á móti. Teknar verða upp gripagreiðslur í sauðfjárrækt þegar liðið er á samninginn, en á öðru ári hans hefjast greiðslur sem kallast býlisstuðningur og eru sérstaklega ætlaðar til að styðja við minni bú. Einnig verður kostur á fjárfestingastuðningi í sauðfjárrækt og stuðningur við svæði sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt verður aukinn. Nýtt verkefni er í samningnum um aukið virði afurða sem er ætlað til margs konar aðgerða til að auka verðmæti framleiðslunnar.

Bændur munu nú greiða atkvæði um samningana og Alþingi fjalla um lagabreytingar sem þeim tengjast. Búast má við mikilli umræðu á næstu vikum og mánuðum sem er eðlilegt enda málið stórt. Bændur eru tilbúnir í þá umræðu.

Hvað þýða samningarnir fyrir neytendur?

Stundum er spurt hvað samningarnir feli í sér fyrir neytendur. Stutta svarið við því er að stuðningur við landbúnað gerir greininni kleift að framleiða afurðir á hagstæðara verði fyrir neytendur. Það er varla til sá staður þar sem að stjórnvöld hlutast ekki á einhvern hátt til um landbúnað – með stuðningi, verndaraðgerðum eða hvoru tveggja. Svo er einnig raunin hér. Okkur er ekki frekar en öðrum sama um hvort það er landbúnaður hérlandis eða ekki. Einhliða ákvörðun okkar um að hætta stuðningsaðgerðum yrði einfaldlega til þess að greinin hefði ekki sanngjarna samkeppnisstöðu. Stuðningurinn hérlandis gerir bændum kleift að selja afurðir sínar frá sér á lægra verði. Þetta eru engir bankabónusar – heldur er þessu að langmestu leyti skilað aftur í formi lægra verðs fyrir alla. Væri það ekki gert myndi stuðningurinn þurfa að færast inn í afurðaverðið. Samfélag okkar styður við margs konar starfsemi. Vissulega er það réttur hvers manns að hafa á því skoðun hvort það sé stutt við landbúnað eða ekki, en menn verða að gera sér ljóst hvaða þýðingu stuðningsaðgerðir hafa og bera saman fyrirkomulagið með sanngjörnum hætti.

Landbúnaðarframleiðslan hefur víðtæka þýðingu fyrir landið í heild. Á hverju ári á sér stað mikil verðmætasköpun í íslenskum landbúnaði. Árið 2014 var verðmæti landbúnaðarafurða 51 milljarður kr. en að viðbætti annarri starfsemi 54 milljarðar. Um 4.200 lögbylí eru í notkun hér á landi og tæplega 4.000 manns starfandi í landbúnaði samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Alls munu um 11.000 störf tengjast landbúnaði með einum eða öðrum hætti. Íslenskur landbúnaður er mikilvægur þáttur í virðiskeðjunni og skilar hann og viðskipti með landbúnaðarvörur miklum skatttekjum til ríkisins.

Búnaðarþing fram undan

Búnaðarþing verður sett um hádegi næstkomandi sunnudag í Hörpu. Á þinginu verða samningarnir án efa áberandi, en við setninguna gefst öllum áhugasömum kostur á að öðlast nokkra innsýn í þá fjölbreyttu starfsemi sem landbúnaðurinn tengist. Fyrirtæki sem byggja á afurðum greinarinnar eða þjónustu við hana kynna starfsemi sína, landbúnaðarverðlaunin verða veitt og ný hvatningarverðlaun Bændasamtakanna. Verið velkomin í Hörpu sunnudaginn 28. febrúar.

Ísland er land þitt



Úr Helgafellssveit á Snæfellsnesi.

Mynd / HKr.

Líf og starf



Björn á Varmalæk óumdeildur sigurvegari, reiðmennskan frábær og hesturinn allgóður eins og dómsformaður orðaði það. Við hlið hans er hins vegar Ingimar Ingimarsson á Ytra-Skörðugili sem hlaut Dúddabeinið, sem Björn hampar þarna í sigurvímu ásamt liðsmönnum sínum.

Myndir / Gunnar Rögnvaldsson

Mjúkísmótið í Skagafirði þar sem sveitabæirnir etja saman hestum sínum:

Sjálfsprottin hátíð og undanfari þorrablóts í Seyluhreppi

Hið árlega Mjúkísmót fór fram í blíðviðri laugardaginn 6. febrúar sem undanfari þorrablóts Seyluhrepps sem haldið var í Miðgarði þá um kvöldið.

Mjúkísmótið er í grunninn liða- og bæja-keppni þeirra bæja sem land eiga að Holtstjörn neðan Langholts í Skagafirði. Upphafið má rekja meira en áratug til baka þegar nágrannar á Ytra- og Syðra-Skörðugili og Halldórsstöðum ákváðu á gleðistund að blása til mannfagnaðar og skemmtimóts fyrri part þorrablótsdagsins. Síðan þá hefur aðeins einu sinni verið uppihald, en nafngiftin lýsir því að ísálög eru ekki alltaf trygg þó á miðporra sé.

Keppt er um veglegan farandgrip, „Dúddabeinið“, listaverk hannað og unnið af Guðmundi Hermannsýni frá Fjalli sem að uppistöðu til er úr mjaðmabeini af Sötu gömlu.

Andi Dúdda heitins á Skörðugili svífur yfir vötnum því um miklu meira en ísmót er að ræða, andlega upplýftingu og nágrannavörslu einnig.

Upphaflega var samkoman með varnarþing í hlöðunni á Ytra-Skörðugili en fluttist síðan í reiðhöllina á Syðra-Skörðugili, „Sundahöllina“. Þegar gestir fara að tínast að um hádegi er kjötsúpa í boði húsfreyja á bæjunum, liðin eru kynnt sem og dómara. Mútur þeim til handa jafnvel hanteraðar.

Fjögur fimm manna lið

Að þessu sinni voru fjögur lið með fimm keppendur hvert. Frá Skörðugilsbræðrum, Einari, Elvari og Eyþóri Einarssonum (Syðra-Skörðugili) og Ingimar Ingimarssyni á Ytra-Skörðugili. Dómarar voru þeir Agnar H. Gunnarsson á Miklabæ, Arnór Gunnarsson frá Glaumbæ og Bjarni Maronsson sem taldi sig sjálfkjörinn formann og gerði enginn athugasemdir, enda maðurinn stjórnarformaður KS. Þulur og „leikstjóri“ var Gunnar Rögnvaldsson á Löngumýri.



Ásdís Sigurjónsdóttir á Skörðugili við Dúdda-beinið. Hún er nú að segja má verndari Mjúk-ismótsins í Skagafirði.



Dómaratríóið leikur stórt hlutverk á Mjúkísmótinu. Þarna eru frá vinstri; Bjarni Maronsson í Furulundi, Agnar Gunnarsson, oddviti á Miklabæ, og Arnór Gunnarsson frá Glaumbæ. Fullyrt er að keppendur eigi það til að gauka að þeim mútum til að tryggja sér betra sæti í úrslitum.



Á annað hundrað manns mættu í gleðskapinn í reiðhöllina á Syðra-Skörðugili.

„Hleyptu skeiði hörðu halir yfir ísa“

Keppnin var óvenju hörð, magnaðir hestar og úrval knapa á öllum aldri þar sem „hleyptu skeiði hörðu halir yfir ísa“. Haldið var í Sundahöllina að nýju eftir reiðina þar sem enn meiri veitingar biðu gesta sem og niðurstöður keppninnar.

Var ómögulegt fyrir leikmenn að skera úr um sigurvegara en dómaramir voru starfi sínu vaxnir og töldu Björn Sveinsson á Varmalæk óumdeildan sigurvegara, reiðmennskan frábær og hesturinn allgóður eins og dómsformaður orðaði það.

Dúddabeinið féll svo í skaut Ingimars Ingimarssonar á Ytra-Skörðugili en hann var

í öðru sæti á eftir liðsmanni sínum, Birni. Þórarinn Eymundsson var svo þriðji.

Að verðlaunaafhendingu lokinni eru gjarnan skemmtiatriði, söngur og gamanmál eða keppt í óhefðbundnum greinum s.s. skautahlaupi, pílukasti og skinnaflokkun. Nú var söngur og almennur mannfagnaður látinn duga en ugglaut hafa einhverjir farið að velta fyrir sér hvernig nappa megi beininu að ári frá Ytra-Skörðugili.

Gestrisni mótshaldara, viðmót og yfirbragð samkomunnar er hrifandi og minnir okkur á að orðin sem letuð eru á legsteininn hans Dúdda eru þess virða að taka mark á og fara eftir: „Menn eiga að hafa vit á að vera í góðu skapi“.

/GR/HK.

MÆLT AF MUNNI FRAM

148

Vísur tengdar veðurfari hafa áður birst í þessum þáttum. Það er við hæfi, enda fátt fólki hugstæðara en veðurlag. Jafnvel verður nettur núningur og metingur milli landshluta þegar heyrast fréttir af fjölda vindstiga og ekki síður af snjómagni hér eða þar, svo ekki sé minnst á hitatölur. Þeim mun minna er um samanburð á rigningarmetum, sem þó falla af og til. Fáum hefur betur tekist en Ísleifi Gíslasyni að lýsa veðri og vindhraða:

Voga skefur vindakast,
virðar trefil brúka.
Það er án efa þéttingshvasst
þegar refir fjúka.

Í síðasta vísnaþætti birtust vísur úr nýút-kominni Leirbók. Þar er auðvitað svakalegar veðurlýsingar að finna. **Hallmundur Kristinsson** „hundraðþjalasmiður“ á Akureyri orti í einu stórviðrinu:

Suð austanrokurnar auka nú í,
allhvasar vindhviður styrkja.
Líkast til mun ég nú þagna af því
það er of hvasst til að yrkja!

Og einmitt í þessu sama ofviðri orti **Davíð Hjálmar Haraldsson** um ósérhlífni hjálparaarsveitarfólks:

Bjarga þeir bágstöddum enn
og blás'ekki úr nös uppá heiðum
en löggur og Landsbjargarmenn
lýjast á trampólínveiðum.

Og til að ekki halli á með landshlutum, þá orti **Sigrún Á Haraldsdóttir** „leirlistakona“ einmitt í þessu sama stórviðri sem einnig reið yfir Reykjavík:

Í moldviðrinu mátti sjá
margt um götur sviðra,
eins og fjaðrir fauk það hjá
fólkið herna syðra.

Og enn bætir Davíð í lýsingarnar:

Er á ferli naumast neinn
nema sá er þarf.
Yfir tíu tonna steinn
tókst á loft og hvarf.

En um miðjan febrúar sl. tók nú alveg steininn úr yrkingum **Davíðs Hjálmars**. Laust trúin ég að nokkurt landshlutaskáld hafi upplifað slík veðrabrigði:

Opnar dyrnar upp á gátt
Ingveldur í Sogni.
Naumast blæs þar nokkur átt
nema helst í logni.

Leiðist mest í logni og yl
Leopold á Hólt,
hann vill fimbulfelliþyl
en fjarviðri í skjóli.

Á Stafni fellur steypiregn
stöðugt. Þó að linni
blotnar þvottur þar í gegn
í þurrkklefanum inni.

Þurrast veit ég veðurfar
í vindinum á Grundum.
Fyllibyttur þorna þar
á þremur klukkustundum.

Svalt er oft við Syðri-Skörð.
Sauður var þó heppinn;
frusu bara fjórtán spörð
á ferð úr vömb í keppinn.

Við Seylu er á sumrin heitt.
Sjóði vatn í kílum
er með hneif og agni veitt
ögn af krókóðílum.

Fæst þar einnig fenjagás,
fuglum öðrum betri,
en gómsætust þó gæfist krás:
Geirhjörtur að vetri.

Geirhjartarkjöt er vinsæll réttur á mínu heimili, og greinilega víðar:

Frost var slíkt við Fremri-Ás
-og frekar herti,
að frúin eldaði Geirhjartarglás
við grýlukerti.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir

Fjöldi vísindamanna og sérfræðinga uggandi um framgang sýklalyfjaónæmis í Evrópu:

Vilja bann við notkun sýklalyfja sem vaxtarhvetjandi efna í landbúnaði

— Tveir þriðju sýklalyfjanotkunarinnar fara til landbúnaðar — Vilja fylgja frumkvæði bændasamtaka á Norðurlöndum

Um 90% allrar sýklalyfjanotkunar í landbúnaði í 26 af ríkjum Evrópusambandsins eru til að auka vaxtarhraða við húsdýraeldi. Veldur þetta vísindamönnum miklum áhyggjum þar sem slík ofnotkun er farin að valda því að hættulegar bakteríur mynda með sér ónæmi fyrir lyfjunum. Það hefur valdið tugþúsundum dauðsfalla í Evrópu.

Fjöldi sérfræðinga í vísindastofnun og í háskólum víða um Evrópu hafa því hvatt ríkisstjórnir í Evrópusambandslöndum til að styðja bann við notkun á sýklalyfjum sem vaxtarhvetjandi efna í landbúnaði. Vilja þeir að fylgt verði fordæmi bændasamtaka á Íslandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og í Finnlandi. Þau hafa gert kröfu að yfirvöld ríkjanna leggi að Evrópusambandinu að banna fyrirbyggjandi notkun sýklalyfja í landbúnaði til að auka vaxtarhraða í dýrum.

Í ákalli sérfræðinganna, sem birt var í breska blaðinu The Telegraph á dögunum, segir m.a.:

„Hin hættulega mikla ofnotkun á sýklalyfjum í lækningum á mönnum og aukin tíðni sýklaónæmra baktería er nú orðið að alheimsvandamáli. Við þurfum pólitískar aðgerðir til að hamla ofnotkun í landbúnaði.

Landbúnaður stendur á bak við um tvo þriðju af allri sýklalyfjanotkun í Evrópu. Um 90% sýklalyfja sem notuð eru í landbúnaði eru



Frá Bæjaralandi. Tveir þriðju hlutar af allri sýklalyfjanotkun í Evrópu fer til landbúnaðar. Um 90% allrar sýklalyfjanotkunar í landbúnaði í 26 af ríkjum Evrópusambandsins eru til að auka vaxtarhraða við húsdýraeldi. Það er gert til að reyna að bæta afkomu bændanna og lækka afurðaverð vegna kröfu verslunarfyrirtækjanna. Við innflutning frá slíkri framleiðslu þurfa íslenskir bændur að keppa, en þeir nota ekki sýklalyf í þessum tilgangi.

notuð til hópmeðferðar. Oft fyrir dýr sem eru fullkomlega heilbrigð.

Síðasta úrræðið í lyfjameðferð dugar oft ekki

Bakteríur sem öðlast hafa ónæmi gegn neyðarúrræða-sýklalyfjum [colistin eða polymyxin antibiotic],

hafa fundist í dýrum á bóndabæjum og í fólki í fjölmörgum ríkjum, í Evrópu, Asíu og í Afríku. Þetta er nýjasta vísbending um að núverandi notkun lyfjanna megi ekki viðgangast lengur.

Endurskoðun á reglum um notkun lyfja við dýraeldi í ESB-ríkjunum gefur tækifæri til að knýja á um að lyfin verði notuð af meiri ábyrgð. „Í niðurlagi bréfsins segir síðan:

„Við hvetjum ríkisstjórnir innan ESB, Evrópuþingið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til að styðja bann í þessa veru.“

Það eru svo sem engir vanvitir sem skrifa undir þessa áskorun og því erfitt að afgreiða málið sem einhvern hræðsluáróður frá fávísu afdalabændum. Þetta eru:

Baroness Hollins, stjórnarformaður British Medical Association Board of Science, prófessor Tim Walsh, Cardiff University, dr. Jeremy Farrar, yfirmaður Wellcome Trust, Shirley Cramer, forstjóri Royal Society of Public Health, Babulal Sethia, forseti Royal Society of Medicine, dr. Clifford Mann, forseti Royal College of Emergency Medicine, prófessor Peter Piot, yfirmaður London School of Hygiene & Tropical Medicine, professor Jane Dacre, forseti Royal College of Physicians, prófessor Michael Dixon, forseti College of Medicine, prófessor Barry Cookson í University College London, dr.

Alex O'Neill í University of Leeds, dr. Asha Kasliwal, varaforseti Faculty of Sexual and Reproductive Healthcare, prófessor Neena Modi, forseti Royal College of Paediatrics and Child Health, Vilma Gilis, forseti Guild of Healthcare Pharmacists, dr. David McCoy hjá Queen Mary University, dr. Ron Daniels forstjóri UK Sepsis Trust, dr. William Gazeigh í University of Exeter Medical School, prófessor Derek Bell, forseti Royal College of Physicians of Edinburgh, prófessor James P O'Gara, yfirmaður Microbiology hjá National University of Ireland, prófessor Murat Akova, forseti European Society of Clinical Microbiology and Infectious Diseases, Tim Reed, framkvæmdastjóri Health Action International, Carolyn Whitten, framkvæmdastjóri Universities Allied for Essential Medicines Europe, Nina Renshaw, aðalritari European Public Health Alliance, dr. Anna Zorzet, skipuleggjandi hjá ReAct Europe, dr. Ton Nicolai, skipuleggjandi og talsmaður EUROCAM, Thomas Breitkreuz, forseti International Federation of Anthroposophic Medical Associations, prófessor Jan Kluytmans hjá Amphia Hospital í Breda í Hollandi, prófessor Dick Heederik, deildarstjóri hjá Institute for Risk Assessment Sciences - Division Environmental

Epidemiology í Hollandi, dr. Dik J Mevius, yfirmaður Netherlands National Reference Laboratory for Antimicrobial Resistance in Animals - Central Veterinary Institute, prófessor Jaap A Wagenaar hjá Utrecht University í Hollandi, dr. Torkel Ekman, staðgengill deildarforseta og varaformaður stjórnar í Swedish University of Agricultural Sciences, Thomas Svensson, deildarstjóri svæðisdýralækna í stjórn landbúnaðarmála í Svíþjóð [Swedish Board of Agriculture], dr. Jenny Lundstrom, gestarannsóknarmaður hjá ReAct í Svíþjóð, prófessor Jorgen Schlundt hjá Nanyang Technological University, prófessor Frank Möller Aarestrup, yfirmaður rannsóknarteymis matvælastofnunar Tækniháskóla Danmerkur, prófessor Anders Folkesson hjá Tækniháskóla Danmerkur DI, Hans-Petr Hutter, aðstoðarprófessor og aðstoðaryfirmaður Institute of Environmental Health, Medical University Vienna, Lance B. Price, yfirmaður Antibiotic Resistance Action Center við Milken Institute School of Public Health í George Washington University í Bandaríkjunum, Meredith Basey, yfirmaður Universities Allied for Essential Medicines North America í Bandaríkjunum, Shefali Sharma, stjórnandi Agricultural Commodities and Globalization Initiatives hjá Institute for Agriculture and Trade Policy í Bandaríkjunum, David Wallinga, fyrrum yfirmaður Natural Resources Defence Council í Bandaríkjunum, dr. Stuart B Levy, yfirmaður Center for Adaptation Genetics and Drug Resistance í Bandaríkjunum, Greg Filice, yfirmaður Infectious Disease Section - Veterans Affairs Medical Center í Bandaríkjunum, prófessor James R. Johnson hjá University of Minnesota í Bandaríkjunum, dr. Gudrun Illmanova, fyrrum rannsóknarmaður í atferlisfræði hjá Ethology í Institute of Animal Science í Prague í Tékklandi, dr. Robert Zajíček, yfirmaður Prague Burn Centre við Teaching Hospital Kralovske Vinohrady í Prague í Tékklandi, Marek Špinko, aðstoðarprófessor og yfirmaður í atferlisfræði hjá Institute of Animal Science í Prague í Tékklandi, dr. Ivana Grossová hjá Prague Burn Centre við Teaching Hospital Kralovske Vinohrady í Prague í Tékklandi, dr. Miloš Kravciv hjá Medical House í Tékklandi og prófessor Peter Collignon hjá Australian National University.

Fyrirtæki til sölu

Til sölu eru rekstur og eignir Fatahreinsunar Húsavíkur ef viðunandi tilboð fæst. Fyrirtækið er í fullum rekstri og verkefnastaða mjög góð.

Mögulegt er að kaupa eingöngu rekstur og tæki og gera leigusamning um húsnæðið.

Fatahreinsun Húsavíkur er 25 ára gamalt fjölskyldufyrirtæki sem hefur stækkað mikið undanfarin ár vegna vaxandi verkefna, m.a. tengd ferðaþjónustu.

Gott tækifæri fyrir dugmikla einstaklinga eða fjölskyldu.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður á staðnum eða eftir samkomulagi. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið fatahreinsun@simnet.is

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

HAUGSUGUDÆLUR **Jurop**
Eigum til afgreiðslu Jurop haugsugudælar



Eigum einnig til gott úrval af haugsuguhlutum

NB **LANDBÚNAÐUR** ehf.
NB Agriculture Ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Þingeyjarsveit:

Styrking raforkuflutningakerfis á N-Austurlandi forgangsatriði

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar telur að styrking raforkuflutningskerfis á Norðausturlandi með bættum raforkuflutningi milli Blöndu og Kárahnjúkavirkjunar sé forgangsatriði fyrir landshlutann.

Þá sé brýnt að ráðast verði í þá framkvæmd óháð því hvort og þá hvenær ráðist verði í fyrirhugaða Sprengisandslínu. Sveitarstjórn telur að Sprengisandslína sé fyrst

og fremst ætluð til styrkingar á byggðalínunni og því sé um aðskildar framkvæmdir að ræða sem ekki séu háðar sameiginlegu umhverfismati.

Þetta kemur fram í bókun sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar sem samþykkt var á fundi nýverið. Sex fulltrúar greiddu bókuninni atkvæði sitt, einn sat hjá. Fyrir fundinum lá erindi frá Skipulagsstofnun sem

hefur til meðferðar tillögu fyrirtækis að matsáætlun vegna Sprengisandslínu.

Stofnunin hefur verið að fara yfir þær athugasemdir sem bárust við tillögunni. Í þeim athugasemdum, sem eru samhljóða, auk annarra athugasemda, hefur verið víkið að mögulegu sameiginlegu umhverfismati línunnar og annarra framkvæmda sem eru fyrirhugaðar af hálfu Landsnets. /MPÞ

ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

Öryggi á sjó. Áreiðanleiki, afl og ending ásamt hagstæðum rekstri og góðri þjónustu er trygging Volvo Penta.



Skoðaðu Volvo Penta í dag

Breið lína bátavéla sem henta margvíslegum gerðum og stærðum báta. Komdu og skoðaðu sýningarvélur í dag og ræddu við ráðgjafa.

Uppitaka á bátavélum

Við tökum eldri Penta vélbúnað upp í kaup á nýjum búnaði. Eigum til uppgerðan vélbúnað til sölu á lager. Kynntu þér notaðar bátavélar til sölu.

Öflug Volvo Penta þjónusta

Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt. Vélaverkstæði Brimborgar og þjónustuaðilar um land allt taka að sér þjónustu og niðursetningu á Volvo Penta vélbúnaði.

Neyðarþjónusta okkar fyrir Volvo Penta vélbúnað, ljósavélar og rafstöðvar er margþætt enda aðstæður viðskiptavina okkar misjafnar. Fáðu verðtilboð í þjónustu.

Kauptu bestu varahlutina

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.

HAFÐU SAMBAND Í DAG

- Sími: 515 7070
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Ný heimasíða: volvopenta.is



Traust teymi Volvo Penta á Íslandi | Brimborg

Á myndinni eru frá vinstri: Jóhann Rúnar Ivarsson þjónustustjóri, Hilmar Skúli Hjartarson vélvirkir, Ingvar Karl Ingason verk- og tæknistjóri, Gissur Kristjánsson söluráðgjafi varahluta, Guðmundur Gísli Sigurðsson söluráðgjafi vélbúnaðar, Gunnar Hjálmarsson söluráðgjafi varahluta og Kristinn Már Emilsson framkvæmdastjóri Volvo Penta á Íslandi.

- Hældrifsvélar
- Girvélar
- IPS vélbúnaður
- Rafstöðvar og ljósavélar



Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bildshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is

Hraustur gripur er gulls ígildi



**Calforte styrkir
ónæmiskerfi kálfsins**

**Calcivit-B kalk-
og B-vítamínjafi**



**Pro-Keto
orkugjafi**



Hollensku FARM-O-SAN bætiefnin eru rómuð fyrir áreiðanleika og gæði. Kynntu þér úrvalið í verslunum okkar og hjá endursöluaðilum.



**Rediar
skitumeðhöndlun**

**Reviva
orkudrykkur
fyrir nýbærur**



Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is



Fréttir



Handverkshátíð 2016:

Opnað fyrir umsóknir

Opnað hefur verið fyrir umsóknir þátttakenda á Handverkshátíð við Hrafnagil sem haldin verður dagana 4.–7. ágúst næstkomandi.

Líkt og undangengin ár geta þátttakendur sótt um sölubás á innisvæði, útsvæði eða í matvælatjaldi. Með umsókn skuldbindur sýnandi sig til að taka þátt í sýningunni alla fjóra sýningardagana.

Í ár verður haldin samhliða

Handverkshátíðinni Landbúnaðarsýning auk þess sem aukin áhersla verður lögð á matvæli, sér í lagi matvæli úr héraði.

Til að sækja um er bent á heimasvæði Handverkshátíðar sem er að finna í tengli inni á síðu Eyjafjarðarsveitar, esveit.is. Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl. Niðurstaða mun liggja fyrir þann 2. maí og verður öllum umsóknum svarað.

Stefnt að gjalddöku á bílastæðunum við Seljalandsfoss og Skógafoss

„Á þessu stigi getum við ekki svarað því þó að við stefnum að því. Til þess að þetta sé möguleiki verður samstaða að ríkja meðal landeigenda en við erum landeigendur við Seljalandsfoss ásamt með fjórum jörðum við Seljaland.

Við Skóga eru þetta héraðsnefndirnar tvær, Vestur-Skaftafellinga og Rangæinga, þannig að þar koma fimm sveitarfélög að málinu. Við þurfum líka að færa til og laga bílastæði við fossana, það er væntanlega forsenda þess að geta hafið gjalddöku,“ segir Ísólfr Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra, þegar hann var spurður hvort það ætti að fara að taka upp gjalddöku á bílastæðunum fyrir ferðamenn við Seljalandsfoss og Skógafoss, sem báðir eru staðsettir í Rangárþingi eystra. Sveitarfélagið hefur verið í sambandi við fyrirtæki sem sérhæfa sig í búnaði varðandi gjalddöku á bílastæðum, salernum og þess háttar. Við Seljalandsfoss hefur verið rætt um að gjalddökan verði hugsanlega í höndum heimamanna, þ.e. að landeigendur sjái um þennan þátt ferðabjónustunnar.

Ekki hlynntur skoðunargjöldum

En hvað með Ísólfr Gylfa sjálfan, vill hann sjá gjalddöku við ferðamannastaði í sveitarfélaginu?

„Ég vildi gjarnan komast hjá því að innheimta einhvers konar skoðunargjöld. Hins vegar er mikill átroðningur við þessa staði, við rekum salerni o.þ.h. sem er kostnaðarsamt og engin ástæða að reka frítt fyrir ferðamenn. Sjálfur hefði ég kosið að þessi gjöld væru inni í



Ísólfr Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra.

farmiðanum til Íslands eða einhvers konar borgar- eða landsgjald eins og þekkist víða í útlöndum.“ Rætt hefur verið um samræmda gjalddöku á ferðamannastöðum í Rangárþingi eystra en út á hvað gengur sú hugmynd?

„Við höfum verið á sameiginlegum fundum með ferðabjónustuaðilum sem eru við Suðurstöndina. Það er afar æskilegt að þetta sé með sama eða svipuðum hætti alls staðar. Við erum líka á Kötlu jarðvangssvæði og þetta eru alls konar vangaveitir sem hafa komið upp.

Auðvitað er líka ákveðin skylda sem liggur á ferðaskrifstofum og rútufyrirtækjum sem koma með gestina á þessa fjölförnu staði. Flestar nýjar rútur eru með salernisaðstöðu sem einhverjir fullyrða að lítið séu notaðar, það þarf líka að vera aðstaða til þess að tæma þau ferðaklóssett,“ segir Ísólfr Gylfi. /MHH

Denis Grbic er Kokkur ársins 2016

Keppni um útnefninguna Kokkur ársins fór fram í Hörpu 13. febrúar síðastliðinn. Þá mættust í fimm manna úrslitum kokkar sem unnið höfðu sér þátttökurétt úr tíu manna keppni sem haldin var 8. febrúar. Denis Grbic, matreiðslumaður á Grillinu á Hótel Sögu, bar sigur úr þýtum, en í öðru sæti var Hafsteinn Ólafsson á Nasa og þriðji varð Ari Þór Gunnarsson á Fiskifélaginu. Þetta er annað árið í röð sem matreiðslumeistari af Grillinu hlýtur nafnbótina, en í fyrra sigraði Atli Erlendsson.

Fyrirkomulagið á keppninni, sem áður hét Matreiðslumaður ársins, var að faglærðir matreiðslumenn sendu inn í keppnina uppskrift ásamt mynd af réttinum. Valnefnd skipuð fimm faglærðum dómurum völdu nafnlaust þær 10 uppskriftir sem þóttu lofa góðu þar sem mið er tekið af frumleika, nýtingu á hráefni og útliti réttar.

Lambið í leyndarkörfunni

Keppendur fengu fimm klukkustundir til að elda þriggja rétta matseðil sem samanstóð af forrétti, aðalrétti og eftirrétti. Daginn fyrir úrslita-keppnina var upplýst um hvaða hráefni væru í boði fyrir keppendur, þegar hulunni var svipt af svokallaðri leyndarkörfu. Þar kom í ljós að í forrétt skyldi notað langa, humar, og söl. Í aðalrétt yrði notaður lambahryggur og lambasíða. Í eftirréttnum sýkulaði, grænt epli og lakkrís. Að auki völdu keppendur sitt eigið grænmeti, mjólkurvörur og þurrvörur. Keppendur skyldu mæta með eigin aðstoðarmann eða matreiðslunema, sem mætti vera 23 ára eða yngri á keppnisdag.

Félagsskapur sigurvegara keppninnar

Það er Klúbbur matreiðslumeistara sem hefur veg og vanda að keppninni eins og áður og byggir á sterkri



Hafsteinn, Ragnheiður E. Árnadóttir, Denis Grbic, Björn Bragi Bragason, forseti Klúbbs matreiðslumeistara og Ari Þór. Mynd / Sigurjón Sigurjónsson

sögu og hefð. Fyrir keppnina var stofnaður félagsskapur sigurvegara keppninnar frá upphafi, en hópurinn fylgdi keppninni úr hlaði og tók virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd. Yfirdómari keppninnar í ár var Sven Erik Renaa frá Noregi.

Samhliða keppnishaldinu var boðið til glæsilegs kvöldverðar þar sem Kokklandsliðið sá um að matreiða fjögurra rétta máltíð sem borin var fram með ljúffengu víni, en talið er að um 200 manns hafi gætt sér á krásu landsliðsins. /smh

Á Grillinu starfa fjórir verðlaunakokkar um þessar mundir:

„Erum með besta veitingastaðinn á landinu“

Með sigrinum í keppninni um Kokk ársins 2016 vann Denis Grbic sér þátttökurétt í keppni um besta norræna kokkinn sem fram fer í Danmörku í mars. Denis má því ekki slá slöku við æfingar næstu daga. Norræna keppnin er talin með erfiðari kokkakeppnum en síðustu ár hafa matreiðslumenn frá Norðurlöndunum notið mikillar velgengi á alþjóðavettvangi.

Denis byrjaði ungur að hafa áhuga á kokkamennsku og hann segist hafa fengið áhugann hjá foreldrum sínum. „Ég varði miklum tíma í eldhúsinu þegar ég var krakki. Mamma ætlaði alltaf að verða kokkur en þau áform fóru í bið þegar ég fæddist. Eftir grunnskólann fór ég að vinna við byggingarvinnu og lærði að verða múrari. Samhliða náminu vann ég á skyndibitastað en þegar kreppan skall á hætti ég hins vegar í múrverkinu, rétt kominn að sveinsprófinu, og skellti mér í Menntaskólann í Kópavogi í matreiðsluna. Ég fór á samning hjá Hótel Sögu og kláraði sveinsprófið árið 2013. Þá hóf ég störf á Dill og var þar um tíma þar til mér bauðst starf á Grillinu þar sem ég er nú. Ég er því búinn að vera sjö ár í faginu,“ segir Denis.

Stíf keppni í Danmörku

Norræna keppnin um kokk ársins á Norðurlöndunum verður haldin í Herning í Danmörku í mars. „Við förum út 6. mars, keppum og komum aftur heim 9. mars. Nú standa yfir æfingar en fyrirkomulagið er þannig að við fáum fjóra klukkutíma í undirbúning og þar til maður skilar forrétti, þar á eftir klukkutíma fyrir aðalrétt og joks 80 mínútur fyrir eftirréttnum. Ólíkt keppninni hér heima er ég einn á báti þar sem ég verð ekki með neinn aðstoðarmann,“ segir Denis en það var Hinrik Örn Lárusson, matreiðslunemi á Grillinu, sem var honum innan handar í Hörpunni á dögunum. Á sama tíma verður þjónakeppni og keppni yngri kokka í Herning. Annar fulltrúi úr Grillinu verður í þjónakeppninni en það er Thelma Björk Hlynisdóttir sem um þessar mundir er við störf



Á Grillinu er sannkallaður verðlaunakvartett starfandi í eldhúsinu. Frá vinstri: Denis Grbic, Kokkur ársins 2016, Sigurður Helgason yfirmatreiðslumeistari á Hótel Sögu og Bocuse d'Or-fari 2015, Hinrik Örn Lárusson, matreiðslunemi ársins 2015 og Atli Þór Erlendsson, Matreiðslumaður ársins 2015. Myndir / TB



Denis Grbic, Kokkur ársins 2016, hefur starfað í faginu í 7 ár.

á Michelin-staðnum Olo í Helsinki í Finnlandi.

„Við erum með besta veitingastaðinn á landinu!“

Aðspurður um það hvaða þýðingu það hafi fyrir Grillið að vera með hvern verðlaunakokkinn á fætur öðrum í starfsliðinu segir Denis það ekkert vafamál. „Við erum með besta veitingastaðinn á landinu! Þetta er vissulega mjög góð auglýsing fyrir okkur og við finnum

fyrir því. Það er fullbókað næstu 3–4 helgar og viðskiptavinahópurinn á örugglega eftir að stækka,“ segir Denis. Hann segist vera mikill aðdáandi norrænnar matargerðar og með það í huga henti samstarf við íslenska bændur mjög vel. „Við erum opnir fyrir öllu samstarfi við bændur. Á Íslandi er eitt flottasta hráefni sem býðst og við erum stoltir af því að geta boðið upp á það besta. Allt sem við fáum og bjóðum hér á Grillinu er í hæsta klassa.“

Var í hópi flóttamanna sem settust að á Íslandi

Denis fluttist hingað til lands með foreldrum sínum frá Króatíu árið 1996. „Við vorum í hópi flóttamanna sem settust að á Ísafirði. Ég var ellefu ára gamall og var strax settur í stíft íslenskunám sem gekk vel. Árin á Ísafirði voru frábær en eftir fjögur ár þar fluttum við suður. Pabbi minn er Serbi en mamma er Króatí. Maður reynir að fara reglulega til Króatíu enda á maður þar ættingja og vini,“ segir Denis sem er fjölskyldumaður með konu og tveggja ára dóttur. Aðspurður um það sem er fram undan segir kokkur ársins að það sé að taka þátt í keppninni í Danmörku og síðan einfaldlega að mæta á vaktina á Grillinu. /TB

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í DRIFSKAFTAHLÍFAR

GOTT ÚRVAL Í BOÐI

ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI? ÖRYGGISHLÍFAR Á MJÖG HAGSTÆÐU VERÐI

BENZI & DI TERLIZZI

VB LANDBÚNAÐUR ehf. www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Undur hafsins



Hrein fæðubót úr íslenskum fiskafurðum

AMÍNÓ VÖRULÍNAN samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda IceProtein® ásamt öðrum lífvirkum efnum.

Amínó Liðir inniheldur Sæbjúgu og IceProtein®. Sæbjúgun samanstanda að mestu leyti úr brjóski og eru því rík af kollageni og Chondroitin sulfat. Auk Sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó Liðir einnig Túrmerik, vítamín D, vítamín C, og Mangan. Amínó Liðir eru því góð fæðubót fyrir liðina.

Amínó Létt inniheldur auk IceProteins® Glucomannan, sem eru náttúrulegar trefjar sem unnar eru úr Konjac plöntunni. Það hefur verið staðfest í klínískum rannsóknum að Glucomannan stuðli að þyngdartapi. Glucomannan er á lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar. Inniheldur að auki Króm-pikkólinat.

Amínó 100% inniheldur einungis IceProtein®. Samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum eru þorskrótín talin einstaklega heilsusamleg vegna náttúrulegrar blöndu af mikilvægum aminosýrum á borð við glútamín, leusín, lysín og argínín. Amínó® 100% er góð leið til að auka úthald og jafna orkustig á milli mála.

IceProtein® og þyngdarstjórnun

Rannsóknir hafa sýnt að fiskprótín sem meðhöndlað hefur verið með vatni og ensímum örvar mettunarferli líkamans sem stuðlar að minni matarlyst.

IceProtein® og blóðþrýstingur

Rannsókn sem framkvæmd var árið 2014 bendir til að vatnsrofin þorskrótín hafi mildandi áhrif á blóðþrýsting. Fyrir utan að innihalda vatnsrofin þorskrótín þá inniheldur IceProtein® náttúrulega hátt hlutfall af aminosýrunni argínín sem gegnir mikilvægu hlutverki í lækun á blóðþrýstingi.

IceProtein® og bólgu-sjúkdómar

Rannsókn sem framkvæmd

var af Dr. Dort og félögum árið 2013 leiddi í ljós að þorskrótín geta hjálpað til við að vinna gegn bólgu vegna þess að þau innihalda tiltölulega mikið af aminosýrunum argínín, glýsín og tárín. IceProtein® er þorskrótín og inniheldur því náttúrulega hátt hlutfall af þessum aminosýrum.

IceProtein® og blóðsykur

Vatnsrofin þorskrótín eru sögð hafa mildandi áhrif á blóðsykur eftir máltíð og geta aukið insúlínæmi hjá einnstaklingum sem þjást af stöðugt háum blóðsykri. Rannsóknir hafa einnig sýnt að fiskprótín, m.a. þorskrótín auka glúkósaþol (glucose tolerance). Rannsóknir hafa einnig sýnt að neysla á prótíni á undan kolvetnariðri máltíð geti leitt til lægra magns af glúkósa og insúlíni í blóði en ella í offitusjúklingum sem einnig þjást af sykursýki af tegund 2.

Góð reynsla

Amínó Liðir hefur reynst einstaklega vel þeim sem eiga við verkjasjúkdóma og gigt að stríða:

„Ég var mjög slæm í baki og leiddu verkirnir í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálfhaltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó Liðir sæbjúgnahylkin þarf ég ekki lengur að taka inn verkjalyf að staðaldri og hef öðlast meiri liðleika í bakinu“.

Steinþóra Sigurðardóttir

„Ég hef glímt við liðagigt í um 30 ár. Það hefur gengið upp og ofan að finna réttu lyfjablönduna. Stundum gengið vel í nokkur ár svo fer alltaf að síga á ógæfuhliðina. Ég hef alltaf verið á tveimur til þremur lyfjum í einu. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó Liði og hefði ekki getað trúað því sjálf að það kæmi sá tími að ég væri bara á tveimur meðulum. Vonandi heldur þetta áfram á sömu braut og vonandi verða Amínó Liðir hjálplegir öðrum sem eru í mínum sporum.“

Ida Haralds Malone

FRUMKVÖÐULLINN

Hugmyndasmiðurinn á bakvið Amínó vörulínuna er Dr. Hólmfríður Sveinsdóttir stofnandi og framkvæmdastjóri PROTIS ehf.



Dr. Hólmfríður Sveinsdóttir

Dr. Hólmfríður er með meistargráðu í næringarfræði og doktorsgráðu frá matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands. Hún er með áralanga reynslu í rannsóknum á fiskprótínum og starfaði um árabil sem verkefnastjóri á lífefnasviði Matis við rannsóknir á fiskprótínum.

Þorskrótínið IceProtein® í Amínó vörulínunni byggir á langtíma rannsóknum vísindamanna rannsóknafyrirtækisins Iceproteins sem hafa verið unnar í samstarfi við vísindamenn frá Matis, Háskóla Íslands og samstarfsaðila þeirra hér heima og erlendis.

Rannsóknirnar hafa verið styrktar af m.a. Tækniþróunarsjóði, AVS og Vaxarsamningi Norðurlands vestra.

Hvað er IceProtein®?

IceProtein® er hreint prótín sem unnið hefur verið úr há-gæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski með það að markmiði að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu. Fiskprótínið er unnið samkvæmt IceProtein® tækni sem byggir á vatnsrofstækni þar sem prótínin eru meðhöndluð með vatni og ensímum og í framhaldinu síuð þannig að prótínið samanstendur einungis af smáum lífvirkum peptíðum. IceProtein® tækni tryggir skjóta virkni prótínsins. PROTIS er íslenskt líftækni-fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu IceProtein®.



Styrkir bæði ónæmiskerfið og meltinguna

ICECARE KYNNIR Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarma-flórana.

Íris Ásmundardóttir mælir með Bio-Kult fyrir meltinguna.

Íris Ásmundardóttir er á fullu í framhaldskólanámi og æfir ballett í rúmlega tuttugu klukkustundir á viku ásamt því að vinna sem aðstoðarkennari í ballett fyrir þau sem eru að taka fyrstu sporin. „Þegar ég lærði að stærsti hluti ónæmiskerfisins væri staðsettur í meltingarfarunum ákvað ég að gera eins vel og ég gæti til að styðja við og halda þeim í sem bestu standi. Ég ætla mér langt í ballettinum og mér hefur undanfarin tvö ár hlotnast sá heiður að fá að stunda nám við sumarskóla Boston Ballett ásamt því að hafa tekið tíma bæði í Steps on Broadway og í London. Til þess að geta stundað þetta allt saman af fullum krafti tek ég Bio-Kult á hverjum degi til að styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir að ég fái allskonar umgangspæstar sem ég má ekkert vera að eyða tímanum í,“ segir Íris.

Henni finnst Bio-Kult gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði. „Ég er allavega mjög hraust, sjaldan þreytt, með góða einbeitingu og hlakka til að takast á við verkefni dagsins.“

BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlaug og grape seed extract. Bio-Kult Candéa hylkin virka sem vörn gegn candida-



Íris Ásmundardóttir æfir ballett og mælir með Bio-Kult.

sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki svo sem munnangur, fæðuþol, píringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

- ✓ Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflórana.
- ✓ Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla bæði fullorðna og börn.
- ✓ Fólk með mjólkur- og sojaþol má nota vörurnar.



IceCare vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Sjá nánar á www.icecare.is - Þú finnur okkur á:



Fréttir



Guðni Ágústsson — rithöfundur og fyrrverandi landbúnaðarráðherra: Til hamingju með nýgerða búvörusamninga

Það er full ástæða til að óska bæði bændum og neytendum til hamingju með nýgerða búvörusamninga. Og jafnframt að flytja forystumönnum landbúnaðarins og landbúnaðarráðherra þakkir og óska þeim til hamingju með samningana.

Nú sjá bændur langt fram í tímann því samningarnir eru til tíu ára, þetta skiptir miklu máli í allri áætlanagerð í atvinnugrein sem þarf langan tíma til að sjá kálf verða að kú og lamb að á.

Fljótt á lítið sýnist mér að stærstu tíðindi þessa búvörusamnings og mestu kostir hans séu hversu langt fram í tímann hann nær. Jafnframt að samstaða hafi tekist í ríkisstjórninni um að uppfæra magntolla í mjólkundanrennudufti og ostum til þess raunverðs sem gildi 1995. Enn fremur að nú skuli nautakjötsframleiðslan efla og nautabændur fái stuðning, vonandi til að gera Ísland að einu besta nautaeldislandi Evrópu, það er hægt. En samningana þarf að skýra vel fyrir bændum sem taka ákvörðun um framtíð hans í atkvæðagreiðslu. Einnig þarf framkvæmd samningsins að liggja ljós fyrir svo sem verðlagningin í mjólkinni og hvernig verður að henni staðið.

Hörfað með aflagningu á greiðslumarkskerfinu

Forystumennirnir halda hins vegar áfram að boða byltingu á greiðslumarkskerfinu þótt þeir hafi hörfað frá því að leggja það af eins og til stóð, en megn óánægja í grasrót kúabænda réð því að þeir bökkuðu. Svokölluð Ragnarsskýrsla sýndi fram á að slík ákvörðun hefði leitt af sér kjaraskerðingu og valdið átökum milli bænda og innan búgreinanna.

Ég fann vel á mjög fjölmennum fundi í Þingborg í Flóa hvernig Birgir Þór Runólfsson prófessor útskýrði á mannamáli kjarnann í Ragnarsskýrslunni og bændum var brugðið. Nú verður það stórt verkefni næstu tvö árin að vega og meta hvort greiðslumarkskerfið haldi áfram út samningstímann eða það verði fellt niður í atkvæðagreiðslu meðal bænda.

Fróðlegt væri að vera á fundi þar sem hagfræðingurinn, sem bæði bændaforystan og ráðherra styðjast við, Daði Már Kristófersson, og hins vegar Ragnar Árnason prófessor rök-ræddu afleiðingarnar sem fylgdu breytingunni sem til stóð að knýja í gegn.

Líka hagar neytenda

Fullyrða má að þessi samningur skiptir neytendum ekki síður en bændur, miklu máli, en þeir

vilja íslensk matvæli á sitt borð og standa með bændum. Búvörusamningurinn er trygging þess að landbúnaðurinn mætir nýjum tímum af þrótti. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur talað máli landbúnaðarins og aldrei dregið af sér í þeim efnum, hann segir nú í Morgunblaðinu um búvörusamningana:

„Alsiða er að ríkið komi í einhverri mynd að gerð kjarasamninga á almenna markaðnum og í grunninn séu samningar um búvöruframleiðsluna sáttmáli um kjör bænda. Þar hangir þó meira á spýttunni, svo sem markmið um framleiðslu heilnæmra afurða, gjaldeyrisparnaður, auðlinda-nýting og byggðastefna.“

Njála í Borgarleikhúsinu

Borgarleikhúsið hefur ráðist í það stórvirki að setja Njálu, áhrifaríkustu sögu okkar Íslendinga, á svið. Margir ráðlögðu mér að fara ekki á sýninguna, þeir töldu að ég myndi sennilega ganga út í hléi. Nú er frá því að segja að ég fór, borðaði kjötsúpuna og hlustaði á Óttar Guðmundsson geðlækni flytja skemmtilegt erindi í upphafi.

Með kvíða í maganum settist ég svo í troðfullan salinn og bjóst við öllu. Skemmst er frá því að segja að ég tel að þessi Njálusýning sé langstórbrótasta verk sem sýnt hefur verið í íslensku leikhúsi um langt skeið. Sýningin er hlaðin söngvum og dónsum og handbragði listamanna. Sögumaður rekur söguna og allir stærstu atburðirnir, allt frá uppveiti Hallgerðar Langbrókar til Njálsbrennu, koma fyrir.

Leikritahöfundar velja það að sýna tilfinningaríkustu senurnar úr Njálu, persónur fornaldar ganga ljóslifandi um sviðið í frábærum leik og skrafa á gullaldarmáli. Ég hvet fólk til að bregða undir sig betri fætinum og sjá sýninguna sem markar tímamót í leikhúsi. Auðvitað hefði eitt-hvað mátt missa sig í sýningunni sem ég „fílaði“ ekki en hvað um það, svona er lífið. Svo hefði mátt gera eitthvað enn áhrifaríkara. Ég saknaði t.d. Þórðar litla Kárasonar, að hann skyldi ekki vera á sviðinu í brennunni, leikinn af ungum dreng, því það eru einhver stórbrotnustu örlög Íslendingasagnanna þegar hann kaus að deyja með afa sínum og ömmu. Svo hefði ég kosið í hinni stórkostlegu senu á Þingvöllum eftir víg Höskuldar Hvítanesgoða að Skarphéðinn hefði kastað hinum bláu kvenbrókum í Flosa. Ég bæði hló og felldi tár á þessari stórbrotnu sýningu. Og flottur var Karlakór Kópavogs þegar hann í lok brennunnar söng Brennið þið vitar og Heyr himnasmiður.



Styrkþegar að lokinni athöfn í Skaftelli á Seyðisfirði, miðstöð myndlistar á Austurlandi.

Mynd / Austurbrú

Uppbyggingarsjóður Austurlands: Tæplega 60 milljónir til 90 verkefna

Uppbyggingarsjóður Austurlands hefur úthlutað tæplega 60 milljónum króna til 90 verkefna sem efla munu atvinnuþróun og menningu í landshlutanum.

Þetta er önnur úthlutun sjóðsins sem hefur það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni í samræmi við sóknaráætlun landshlutans.

Alls bárust 150 umsóknir sem er svipaður fjöldi og í fyrra. Áætlaður heildarkostnaður við þessi 150 verkefni er rúmar 807 milljónir króna. Sótt var um rúmar 221 milljón en til úthlutunar komu 55,5 m.kr. sem er örlítið lægri upphæð en í fyrra þegar 58 milljónum var úthlutað.

Signý Ormarsdóttir, verk-

efnastjóri Uppbyggingarsjóðs Austurlands, segir á vef Austurbrúar ánægjulegt hversu margar umsóknir bárust. Ákveðið var í haust að þýða helstu umsóknargögn yfir á ensku og telur hún að það hafi skilað sér í auknum fjölda umsókna sem margar hverjar voru afskaplega faglega unnar. Signý segir að það hafi líka vakið athygli hversu öflugar umsóknir um skógræktarverkefni hefðu borist. Þessi atvinnugrein hafi vissulega verið áberandi í styrkúthlutunum áður en aldrei með jafn fjölbreyttum og áhugaverðum verkefnum og nú.

Tanni Travel fékk hæsta styrkinn

Hæsta styrkinn að þessu sinni fær

Tanni Travel, eða 4,3 m.kr., til tveggja verkefna; 3,5 m.kr. til verkefnisins Fly Europe sem snýr að sölu flugsæta með beinu flugi Discover the World milli Egilsstaðaflugvallar og Lundúna sumarið 2016 og 800 þúsund kr. til Meet the locals en það verkefni snýst um að heima-menn taki á móti ferðamönnum á persónulegum nótum. Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, hlýtur 2,7 m.kr. til tveggja verkefna; 2,1 m.kr. til sýningardagskrár Skaftells 2016 og 600 þúsund kr. til fræðsluverkefnið miðstöðvarinnar. Þá hlýtur LungA – listahátíð ungs fólks á Austurlandi 2,5 m.kr. og Wasabi Iceland ehf. fær 2,2 m.kr. til vefjaræktunar á wasabi í rannsóknaraðstöðu. /MPÐ

Orf líftækni:

Sérþróað bygg gegn kampýlóbakter

Verulega má draga úr bakteríunni kampýlóbakter í kjúklingi með því að nota sérþróað bygg með fódri fuglanna. Þetta eru niðurstöður rannsóknaðar ORF Líftækni og Háskólans í Bristol.

ORF Líftækni hefur fengið samþykki fyrir styrk frá Tækniþróunarsjóði og Evrópusambandinu í gegnum Eurostars-verkefnaáætlun upp á 45 milljónir til að þróa vöru út frá rannsókninni.

Kampýlóbakter-sýking stórt vandamál

Matareitrun vegna kampýlóbakter úr kjúklingum er stórt vandamál víða um heim. Samkvæmt tölum frá breska matvælaeftirlitinu má

áætla að á hverju ári megj rekja 80 dauðsföll og 15.000 sjúkrahúsinnlagnir í Bretlandi til matareitrunar af völdum kampýlóbakter úr kjúklingi. Árlegur kostnaður breska ríkisins vegna þessa nemur rúmlega 120 milljörðum króna.

Ísland er í hópi fárra landa þar sem lítið er um kampýlóbakter-mengun í kjúklingum.

Dregur verulega úr smiti

Í fréttatilkynningu frá Orf segir að niðurstöður rannsókna bendi til að koma megj fyrir næstum öll dauðsföll þessu tengd og snarlækka kampýlóbakter í kjúklingi með því að blanda litlu magni af byggi sérþróðu til að vinna gegn kampýló-

bakter saman við fóður fuglanna.

Nýjustu niðurstöður rannsókna benda til þess að áhrifin séu veruleg, en engin kampýlóbakter fannst í tæpum þriðjung þeirra kjúklinga sem fengu byggið í rannsókninni. Birtar rannsóknir gefa til kynna að ef kampýlóbakter í kjúklingum fækkar 1.000-falt þá geti það leitt til 300 færri tilfella af matareitrunum þeim tengdum í þeim löndum þar sem slík vandamál eru til staðar.

Tílefni til hjartsýni

Dr. Hákon Birgisson, yfirmaður markaðsþróunar lífvísindavara hjá ORF, segir niðurstöðurnar mjög spennandi og gefa tílefni til hjartsýni um framhaldið. „Í dag eru engar lausnir til sem taka almennilega á þessum vanda og væri þessi vara að þróun lokinni því sú fyrsta af sínu tagi. Hingað til hafa niðurstöðurnar sýnt að áhrifin eru eingöngu bundin við kampýlóbakter á meðan aðrar náttúrulegar bakteríur sem eru kjúklingunum mikilvægar verða ekki fyrir áhrifum. Okkur er því mikið í mun að halda þróun áfram af krafti og er því kærkomið að hljóta þennan styrk. Auk þess eru mörg af stærstu fódurframleiðslufyrirtækjum heims nú farin að ræða við okkur og sýna vörunni áhuga.“ /VH



Rannsóknir benda til þess að áhrif byggsins séu veruleg og engin kampýlóbakter fannst í tæpum þriðjung þeirra kjúklinga sem fengu það í rannsókninni.

Þingeyjarsveit:

Bora eftir köldu vatni á Fosshóli

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur samþykkt að taka þátt í kostnaði, að hámarki eina milljón króna, vegna borunar eftir köldu vatni í landi Fosshóls.

Fyrir fund sveitarstjórnar á dögunum lá fyrir erindi frá Gesti Helgasyni fyrir hönd Fosshóls ehf. þar sem hann tilkynnir um lokun á almenningssalernum á Fosshóli til frambúðar.

Gestur segir að það sé m.a. gert þar sem standi til að byggja upp 12–20 vel útbúin salerni við verslunina á staðnum. Með vorinu stendur til að bora eftir köldu vatni í

landi Fosshóls fyrir þessi salerni og aðra starfsemi á staðnum en vegna síaukinnar notkunar hefur vatnsleysi verið til baka á staðnum. Af því tilefni er sveitarfélaginu boðið að tryggja sér vatn til framtíðarnota gegn 1/3 þátttöku í kostnaði, þó að hámarki ein m.kr. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki fyrir 1. júní næstkomandi.

Sveitarstjórn samþykkti að taka þátt í kostnaði sem fyrr segir og kemur fram í bókun hennar að með samningi verði sveitarfélaginu tryggður aðgangur að köldu vatni á staðnum.

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús
naut - svín - hross - sauðfé

AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)



G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

BOSCH

-30%

BOSCH AQT 33, 100 bör,
L/klst max 300, 1300 W

13.855 kr.
74810233
Almennt verð: 19.795kr.

SPÚLUM EÐA SMÚLUM SAMAN?



KÄRCHER

KÄRCHER 120 bör,
L/klst max 420, 1800 W

39.495 kr.
59680100



BOSCH

BOSCH AQT 35, 120 bör,
L/klst max 350, 1500 W

27.695 kr.
74810235

BOSCH AQT 37, 130 bör,
L/klst max 370, 1700 W

34.595 kr.
74810237



SKIL

SKIL 105 bör,
L/klst max 370, 1400 W

12.995 kr.
74097000

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengi. Tilboðin gilda til 29. febrúar 2016.



byko.is

AUDVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

KÄRCHER®



Vatnsdælur



Ryksugur



Gólfþvottavélar



Sópar



Háprýstidælur
fyrir heimilið



Gufudælur



Háprýstidælur



RAFVER

KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Fréttir



Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri hinnar nýju búnaðarmálaskrifstofu MAST, ásamt Sigurði Inga Jóhannssyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, við formlega opnun skrifstofunnar í Bændahöllinni.

Búnaðarstofa Bí flutt: Orðin búnaðarmálaskrifstofa Matvælastofnunar

Um áramót fluttist starfsemi Búnaðarstofu Bændasamtaka Íslands til Matvælastofnunar í samræmi við breytingar á búvörulögum sem voru samþykkt frá Alþingi í júlí 2015.

Matvælastofnun breytti skipuriti sínu um áramót. Inn í skipurit Matvælastofnunar var m.a. bætt inn nýrri skrifstofu, búnaðarmálaskrifstofu. Búnaðarmálaskrifstofa er staðsett á 2. hæð í Bændahöllinni. Starfsfólk Búnaðarstofu, fjögur talsins, fluttist frá Bændasamtökunum yfir í búnaðarmálaskrifstofu Matvælastofnunar. Samtals er þetta starfsfólk með yfir 140 ára starfsreynslu hjá Bændasamtökunum, Búnaðarfélagi Íslands og Framleiðslu-



ráði landbúnaðarins. Hin nýja skrifstofa mun halda utan um stuðningsgreiðslur til bænda í tengslum við búvörusamninga og búnaðarlagasamning, tölur um framleiðslu og sölu búvara, hagtolur um búfjáreign bænda, hjarðbækur o.fl.

Þann 3. febrúar sl. var haldið upp á opnun búnaðarmálaskrifstofunnar og mættu um 90 manns. Jón Gíslason,



Guðrún S. Sigurjónsdóttir og Auður Oddgeirsdóttir við brjóstmynd af Halldóri Pálssyni sem var búnaðarmálstjóri frá 1963 til 1980.



Sala á jörðum á Íslandi:

Talsverð aukning

Áhugi á jarðakaupum er að aukast aftur eftir hrun að sögn fasteignasala. Hann segir áhuga væntanlegra kaupenda bæði snúast um jarðir undir búskap og til annarra nota. Hækkun á fasteignaverði húsnæðis hefur áhrif til hækkunar á jarðaverði.

Magnús Leópoldsson, fasteignasali hjá Fasteignamiðstöðinni, segir að sala á jörðum hafi smám saman verið að aukast undanfarið eftir að hún datt alveg niður eftir hrun. „Ég er ekki að segja að eftirspurnin núna sé eins mikil og hún var þegar mest var fyrir hrun en hún er að aukast og er meiri í dag en á sama tíma fyrir ári.“

Áhugi fyrir jörðum hefur aukist

„Satt best að segja datt salan alveg niður eftir hrunið og það er ekki fyrr en á síðustu mánuðum sem hún hefur verið að aukast aftur. Aðdragandinn af því að fólk kaupir jörð er yfirleitt langur og ég finn greinilega fyrir auknum áhuga því fyrirspurnum um jarðir til sölu hefur fjölgað umtalsvert.“

Í venjulegu árferði hafa um hund-



Magnús Leópoldsson.

að jarðir skipt um eigendur á ári þó að fjöldinn hafi reyndar verið mun meiri á árunum fyrir hrun.“

Fasteignaverð að hækka

Að sögn Magnúsar er misjafnt hvort væntanlegir kaupendur ætli sér að vera með búskap á jörðunum eða

annars konar rekstur, svo sem eins og ferðaþjónustu. Það er yfirleitt dýrt að kaupa jörð og ætla að hefja búskap. Í sumum tilfellum þarf að endurnýja húsnæði mikið og kaupa bústofn og til þess þarf talsvert mikið eigið fé.“

Magnús segir að áður hafi menn setið lengur á jörðum sínum og dregið saman í stað þess að bregða búi og að algengara hafi verið að afkomendur tækju við búrekstrinum af foreldrum sínum en í dag.

„Hækkun á fasteignaverði á höfuðborginni og annars staðar á landinu er að hafa þau áhrif að verð á jörðum er einnig að hækka. Þeir sem bregða búi verða í flestum tilfellum að kaupa sér húsnæði annars staðar og því dýrara sem það er því hærra verð þurfa þeir að fá fyrir sína eign.“

Verðið skiptir mestu

Magnús segir að áhugi á jörðum sé svipaður um allt land, þó meira út frá þéttbýli. „Verð á jörðum er svipað í dag og það var á árunum 2005 og 2006 og það er verðið sem ræður mestu um það hvort kaupin gangi í gegn eða ekki.“

VH

Nýjar reglur um velferð gæludýra:

Ítarlegri ákvæði um dýravelferð

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur gefið út nýja reglugerð um velferð gæludýra. Með gildistökunni hafa nýju dýravelferðarlögin verið útfærð fyrir allar helstu dýrategundirnar sem löggjöfin nær yfir.

Matvælastofnun og ráðuneytið halda málþing fyrir gæludýraeigendur og aðra áhugasama fimmtudaginn 3. mars þar sem farið verður yfir reglugerðina, kröfur hennar og helstu nýmæli.

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði gæludýra með góðri meðferð, umhirðu og aðbúnaði. Leitast skal við að þau geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli, eins og framast er unnt. Í reglugerðinni koma fram lágmarkskröfur um einstök atriði og er Matvælastofnun falið að hafa eftirlit með framkvæmd hennar.

Ítarlegri ákvæði um velferð dýra

Í fréttatilkynningu vegna nýju reglnanna segir að nokkur nýmæli séu í reglugerðinni en að stofni til er hún endurskoðun á reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Með nýrri reglugerð eru sett mun ítarlegri ákvæði um velferð gæludýra svo sem nákvæmari skilgreiningar á hugtökum og gerðar eru ákveðnar kröfur til gæludýraeigenda um þekkingu og hæfni til að eiga og halda gæludýr. Þeim sem selur eða afhendir gæludýr er skylt að veita móttakanda upplýsingar um dýrið og eiginleika tegundarinnar, þarfir þess og rétta meðferð.

Tilkynningarskyld gæludýrahald svo sem gæludýraverslanir, dýramiðlanir og ræktendur með vissan fjölda dýra þurfa að veita skriflega eða aðgengilega rafræna fræðslu til kaupenda.

Ákvæði um aðgerðir á dýrum

Enn fremur koma inn ný ákvæði um



Í reglugerðinni er gerð krafa um örmerkingar allra hunda, katta og kanína.

aðgerðir á gæludýrum, sem í samræmi við lög um velferð dýra skulu aðeins framkvæmdar af dýralæknum og við sársaukafullar aðgerðir eða meðhöndlun skal ávallt deyfa eða svæfa þau og veita þeim verkjastillandi meðhöndlun. Að undanþegnum ófrjósemisaðgerðum og geldingum gæludýra eru skurðaðgerðir til að fjarlægja líkamshluta ekki leyfðar nema af læknisfræðilegum ástæðum. Skurðaðgerðir í tilgangi fegrunar, svo sem að fjarlægja spora og stýfa eyru eða rófu/skott, eru bannaðar. Ekki má nota tukur áfram til undaneldis sem hafa tvisvar gengist undir keisara og ekki má þvinga tük til þörunar ef hún sýnir augljós merki um óþægindi eða hræðslu.

Tilkynningarskylda um dýrahald í atvinnuskyni

Auk tilkynningarskyldu á dýrahaldi í atvinnuskyni verður umfangsmikið dýrahald einnig tilkynningarskyldt samkvæmt skilgreiningu í reglugerð. Í kaflanum um dýrahald í atvinnuskyni eru nýjar greinar um smitvarnir og slysavarnir og í því sambandi má nefna að húsnæði þar sem dýr eru vistuð skal búið virkum eldvörnum svo sem reykskynjara og slökkvitæki. Enn fremur getur Matvælastofnun gert kröfu um að vistarverur dýra þar sem stunduð er tilkynningarskyld

starfsemi eða dýrahald séu búnar sjálfvirkum viðvörðunarbúnaði tengdum loftræstingu, hitastigi, vatnsflæði eða eldvörnum, ef það er nauðsynlegt til að tryggja öryggi dýranna. Sleðahundahaldi eru einnig settar nánari skorður í reglugerðinni.

Örmerkja skal hunda, ketti og kanínur

Í reglugerðinni er gerð krafa um örmerkingar allra hunda, katta og kanína. Settar eru takmarkanir á umfangsmikið búrahald hunda í ferðabúrum. Notkun, sala og dreifing á útbúnaði sem

gefur hundum rafstöð eða hálsólum með gadda eða hvassa kanta innan á ól er bönnuð. Hálsól skal þannig gerð að hún geti ekki herst að hálsi þannig að það geti takmarkað öndun eða skaðað dýrið á annan hátt.

Varað við offitu gæludýra

Í viðaukum með reglugerðinni eru að finna mun ítarlegri ákvæði en voru í eldri reglugerð, m.a. er nú talin upp sú atvinnustarfsemi sem telst tilkynningarskyld til Matvælastofnunar. Þá er að finna holdastuðla fyrir hunda, ketti, kanínur og búrfugla, sem munu auðvelda dýraeftirlitsmönnum að meta fóðrun og holdafar gæludýra og gera viðeigandi kröfur til úrbóta þegar það á við. Vakin er athygli á að í reglugerðinni kemur fram að offóðrun og offita gæludýra er ekki góð meðferð, rétt eins og vanfóðrun og rýrt holdafar.

Málþing um velferð gæludýr

Matvælastofnun heldur opið málþing um velferð gæludýra fimmtudaginn, 3. mars kl. 13–16 í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í Sjávarútvegshúsinu að Skúlagötu 4 í Reykjavík. Á málþinginu verður farið yfir kröfur reglugerðarinnar og helstu nýmæli.

VH

Fáðu eldhúsið sent heim

- tilboð á heimsendingum út á land í febrúar og mars

Hámarksverð fyrir heimsendingar
út á land, sama hve mikið er pantað,
er aðeins 10.000,-
þú borgar mögulega minna, en aldrei meira

Verslaðu á vefnum okkar **www.IKEA.is**

492.925,-

METOD/LAXARBY eldhús
Sjá bls. 50 í eldhúsþæklingnum
okkar á www.IKEA.is



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is



Alvöru vörur fyrir hesthúsið



Kælivökvir fyrir fætur Hófkrem og feiti Leðurhreinir og feiti Krem og vökvir sem eyðir lús Glansvökvir fyrir tagl og fax Sjampó

BRIMCO

FLUGUMÝRI 8 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 10. mars



Úrval hjólbarda á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-,
jeppa- og vörubíladekk í úrvali.



Handverkfæri **20%**
afsláttur af öllum dekkjum
til 15. mars 2016

Beinn innflutningur til Akureyrar **MOTUL**
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124 Smurpjonusta

DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)
Hjólbardaþjónusta - Smurpjonusta -
Príf á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350



SPEGLAR

Íspan
GLER OG SPEGLAR

B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

2 manna herbergi 9.900 kr

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

Scangrip er skínandi vinnufélagi

SCANGRIP®

Sensor ennisljós með snertilausum rofa

Öflugt ennisljós með snertilausum rofa og „zoomi“. Lysir allt að 40 metra. Gengur fyrir 3xAAA/1,5V rafhlöðum. IP54 vottað.

3.500 kr.
Almennt verð: 5.879 kr.

Vörunúmer: 893 03.5025



Uniform hlaðanlegt COB LED vinnuljós

Kröftugt og sterkt LED vinnuljós sem kemur með hleðsludokku, öflugum segli og krók. 100/200 lumen. Hleðsla í allt að 6 klst. á 100 lumen og 3 klst. á 200 lumen. IP65 vottað.

8.990 kr.
Almennt verð: 14.771 kr.

Vörunúmer: 893 03.5070



Miniform hlaðanlegt COB LED vinnuljós

Punnt og öflugt vinnuljós. Öflugur segull og krók. 55/110 lumen. Hleðsla í allt að 5 klst. á 55 lumen og 2,5 klst. á 110 lumen. IP20 vottað.

5.990 kr.
Almennt verð: 9.831 kr.

Vörunúmer: 893 03.5060



Flash 100 vasaljós

Mjög sterkt og öflugt vasaljós með „zoomi“ 10°-70°. Kemur með nælon mittishulstri og er 130 lumen. IP54 vottað.

3.500 kr.
Almennt verð: 5.879 kr.

Vörunúmer: 893 03.5105



Verslanir N1 um land allt
Akureyri s. 440 1420 • Grindavík s. 426 8290 • Höfn s. 478 1940
Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581
Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127



SPARAÐU MEÐ VARMADÆLU

Allt að 80% sparnaður á hitunarkostnaði



BOSCH COP 5,1 A++
LG Life's Good COP 5,6 A++

- LG og Bosch eru leiðandi framleiðendur á varmadælum með áratuga reynslu.
- Búnaður framleiddur og prófaður fyrir norðlægar slóðir.
- Hátt sparnaðarhlutfall, allt að 80% sparnaður.
- LG loft í loft, Bosch loft í vatn og jarðvarmadælur.
- Mjög hljóðlátar.

LOFTTÆKNI
STOFNAD 1994
S: 546 9500 • www.lofttaekni.is

Sölu uppsetninga og þjónustuaðilar

Kópavogur - Hólmavíkur: Rafhöld ehf.
Ölver Ragnarsson rafvirki • S: 893 3543
Stykkishólmur: Raflagnabjónusta Hilmars • S: 894 1988
Patreksfjörður: Vélsmiðjan Logi • S: 456 1245
Þingeyri: Viktor Pálsson pípuلاغningam. • S: 456 2378
Ísafjörður: AV pípuلاغnir ehf. • S: 892 4844
Hvammstangi: Tengill ehf. • S: 451 2818
Blönduós: Tengill ehf. • S: 452 4720
Sauðárkrúkur: Tengill ehf. • S: 455 9200

Akureyri: Ljósgrjafinn ehf. • S: 460 7799
Vopnafjörður: Rafbjónn ehf. • S: 824 4081 / 848 9770
Eskifjörður: Rafkul ehf. • S: 822 8567
Djúpivogur: Rafstöð Djúpavogs ehf. • S: 478 2325
Höfn: Rafhorn • S: 478 1859
Vík: Rafsuð ehf. • S: 894 3979
Hvolsvöllur: Rafverkstæði Ragnars ehf. • S: 487 8022
Vestmannaeyjar: Geisli Raftækjavinnustofa • S: 481 3333



Anitar ehf. þróaði hugbúnað á snjallsíma og stefnir nú á framleiðslu örmerkjalesara:

Hugmynd sem kviknaði í hrossahaga

Smáforrit sem les örmerki hrossa og heldur utan um skráningar hefur litið dagsins ljós.

Hugmynd sem kviknaði úti í haga hefur nú fengið byr undir báða vængi því fjármögnun hennar var tryggð nýverið. Bændablaðið kíktti í heimsókn til Anitar ehf.

Anitar ehf. er hugbúnaðar- og tæknifyrirtæki á sviði landbúnaðarlausna. ANITAR, sem stendur fyrir Animal Intelligent Tag Reader, er smáforrit og örmerkjalesari sem einfalda lestur, skráningar og utanumhald húsdýra með lestri örmerkja þeirra. Um er að ræða hugbúnaðar- og tæknilausn fyrir landbúnaðinn sem og hinn almenna notanda. Með Anitar smáforritinu verður hægt að sjá allar helstu upplýsingar um dýrið í símanum, strax eftir lestur á örmerki. Örmerkjalesarinn sendir örmerkjanúmerið í appið og flettir því upp í þeim gagnagrunni sem notandi velur.

Auðveldar hestamönnum lífið

Hugmyndin fæddist haustið 2014 þegar Karl Már Lárusson var staddur úti í haga að sækja hross og sá þar tvo aðra í sömu erindagjörðum.

„Þeir áttu í vandræðum með að þekkja eigin hross úr hópnum. Þeir notuðust við góðan örmerkjalesara en þurftu þrátt fyrir það að keyra heim að bæ til að fletta upp örmerkjunu í gagnagrunni íslenska hestsins, WorldFeng. Eftir að hafa séð þá gera þetta nokkrum sinnum hugsaði ég með mér að það hlýti að vera hægt að gera þetta á einfaldari máta, þ.e. með örmerkjalesara sem myndi sækja upplýsingar beint í WorldFeng. Þegar heim var komið hóf ég leit að þannig lausn án árangurs. Í framhaldi af því kynnti ég fyrir öðrum hestaeigendum hugmyndina að beinum samskiptum milli örmerkjalesara og gagnagrunns. Hestaeigendurnir tóku mjög vel í þessa hugmynd og vildu sjá hana framkvæmda,“ segir Karl Már, sem



Sigríður Ólöf og Karl Már eru að koma sér fyrir á nýrri skrifstofu Anitar í Borgartúni. Fram undan er mikil vinna við áframhaldandi þróun smáforritsins og framleiðslu á örmerkjalesurum fyrir snjallsíma. Þau munu kynna uppfært forrit á Landsmóti hestamanna í sumar.

Mynd / GHP

setti að því búnu saman teymi sem vann að frumþróun hugmyndarinnar. Vinnuhópurinn samanstóð af Jóni Inga Stefánssyni, Níelsi Bjarnasyni og Sigríði ÓlöfuValdimarsdóttur ásamt Karli Má.

Uppfæra forritið fyrir Landsmót

Forritið, sem nú er aðgengilegt fyrir iOS og Android síma, býður upp á einfalda leit með örmerkjanúmeri, eða FEIF-auðkenni hestsins. Forritið flettir upp hrossinu í WorldFeng.

„Anitar-appið getur komið að góðum notum og verið mjög skemmtilegt á hestamótum. Þá er mjög hentugt að geta flett upp nánari upplýsingum um þau hross sem eru á vellinum hverju sinni.

Hvernig virkar Anitar?

Anitar er frítt smáforrit sem nálgast má í gegnum vefsíðuna anitar.is. Eigendur hesta og aðrir sem vinna með eða umgangast hesta geta notað appið við uppflettingar í WorldFeng. Eins og appið er í dag er hægt að fletta upp upplýsingum um hesta með því að slá inn örmerkjanúmer eða FEIF ID númer (IS númer) hestsins. Við uppflettingu hests í appinu koma fram eftirfarandi upplýsingar; nafn, IS númer, örgjörvanúmer, fæðingardagur, staðsetning, litur, foreldrar, eigendur og ræktendur. Úr niðurstöðunum er svo hægt að velja foreldrana og sjá sömu upplýsingar um þau.



Einnig höfum við séð lausnina virka vel hjá umsjónarmönnum hagagöngu, þeir geta þá sannreynt hvaða hross séu að koma eða fara úr

hólfunum,“ segir Karl Már en fyrir Landsmót hestamanna á Hólum í sumar er áætlað að gefa út uppfært forrit með fleiri leitarniðurstöð-

um, svo sem með einkunnum og afkvæmum. Þá verður einnig hægt að leita eftir nafni hestsins.

Styrkur tryggir framtíðina

Í lok árs 2015 hlaut Anitar stærsta verkefnastyrkir sem Tækniþróunarsjóður RANNÍS býður upp á og er þróun og starfsemi fyrirtækisins því tryggð næstu þrjú árin.

„Það kom okkur skemmtilega á óvart að hljóta verkefnastyrkinn enda mikil samkeppni um styrkinn meðal annarra frumkvöðla, stofnana og stærri fyrirtækja. Þá þykir afar sjaldgæft að hljóta verkefnastyrk Tækniþróunarsjóðs í fyrstu tilraun. Styrkurinn kemur sér virkilega vel fyrir okkur og gerir okkur kleift að þróa vörur okkar hraðar og koma þeim þannig fyrir til neytenda. Eins mun styrkurinn nýtast okkur til að sækja sýningar á erlendum vettvangi þar sem við getum sótt okkur frekari þekkingar á sviði örmerkja,“ segir Karl Már en auk Tækniþróunarsjóðs nýtur Anitar góðs af samstarfi við KPMG, Bændasamtökin og Háskóla Íslands.

Nýr örmerkjalesari í bígerð

Framtíð fyrirtækisins er því tryggð og Karl Már segir að Anitar stefni að því að víkka svið forritsins.

„Við vinnum að heildarlausn til nýskráningar og utanumhald dýra og má þar meðal annars nefna að árið 2017 gerum við ráð fyrir að hefja sölu á nýjum örmerkjalesara sem notendur munu geta tengt við snjallsíma sína, örmerkjalesarinn er bæði hannaður og framleiddur af okkur. Einnig vinnum við að einfaldri lausn fyrir nýskráningar á sauðfé, sú lausn sameinar örmerkjalesarann og hugbúnað okkar á snjalltækjum notenda. Við sjáum fyrir okkur að vinna með íslenskum bændum og almennum notendum næstu 3–4 árin áður en við förum að bjóða upp á lausn okkar á erlendum markaði.“

Aðalfundur Landssambands landeigenda:

Langvarandi réttaróvissa um þjóðlendur óboðleg og íþyngjandi fyrir landeigendur

Óbyggðanefnd hefur þurft að minnka umfjöllunarsvæði sín vegna þróns fjárhagsramma enda hafa fjárheimildir hennar minnkað um helming frá því fyrir hrún.

Nefndin ákvað nýlega að smækka þau svæði sem tekin eru fyrir og miðað við núverandi starfsáætlun er ekki við því að búast að nefndin ljúki störfum fyrr en eftir nærri tíu ár. Úrskurðar Óbyggðanefndar er að

vænta í Borgarfirði á næstu mánuðum og málsmeðferð er hafin í Dalasýslu og Snæfellsnesi. Undrun vekur að kröfufylsingafrestur fjármálaráðherra á síðastnefndu svæðunum hefur margsinnis verið framlengdur, að því er virðist af litlu tilefni. Ef ástæðan er sú að lögmönnum hafi verið gefin fyrirmæli um að rökstyðja þjóðlendu-kröfur sínar betur er það vel, en landeigendum hafa þótt kröfurnar handa-

hófskenndar og engin tilraun gerð til þess að útskýra og rökstyðja á hvaða hátt þær eru byggðar á fyrirbyggjandi gögnum. Þetta kom meðal annars fram í máli Arnars Bergssonar, formanns Landssambands landeigenda á Íslandi (LLÍ) á aðalfundi sambandsins í síðustu viku.

Í máli Arnars kom fram að Óbyggðanefnd á eftir að taka fyrir Vestfirði, Strandir og Austfirði. Það sé íþyngjandi fyrir landeigendur að eiga eftir að ganga í gegnum ferlið og úrskurðir dragist á langinn. Óbyggðanefnd hafi nú lokið málsmeðferð á 76% af landinu öllu og 92% af miðhálandinu. Af þeim hluta hálandisins sem nefndin hafi úrskurðað um séu 88% þjóðlendur og 12% eignarlönd. Verkefnið, sem taka hefði átt um áratug og ætlað var fyrst og fremst að skýra eignarhald á miðhálandi Íslands, hafi farið í allt annan farveg en Alþingi og hagsmunaaðilar hafi ætlað í upphafi.

Örn lýsti yfir vonbrigðum með að forsætisráðuneytið hafi hafnað óskum LLÍ um að fá endurupptökuákvæði í Þjóðlendulögin frá árinu 2012, finnist gögn sem gætu breytt niðurstöðu mála. Endurupptökuákvæði í lögum um sjálfum hefði verið mjög gagnlegt, enda ekki að vænta mikils af endurupptökunefnd, sem sé sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem hafni nær undantekningalaust upptöku mála.

Örn fagnaði því að ríkt samráð hefði verið haft við LLÍ vegna nýrra laga um náttúruvernd sem tóku gildi þann 15. nóvember síðastliðinn.



Örn Bergsson.

Gildistöku fyrri laga frá síðasta kjörtímabili hefði verið frestað, enda hefðu þau þótt ganga of langt í átt til stofnanavæðingar og ríkisforsjár. Örn taldi núverandi lög ásættanleg fyrir landeigendur og nefndi til dæmis að náðst hefði fram að landeiganda eða hans mönnum væri nú heimil för um sitt eigið land á vélknúnu ökutæki svo fremi sem það ylli ekki spjöllum á landi. Umhverfis- og samgöngunefnd náði ekki að klára skilgreiningu á svokölluðum almannarétti við lokaafgreiðslu laganna, en gert er ráð fyrir að því verði lokið á þessu ári. Örn upplýsti að samtökin verði kölluð til samráðs um almannaréttinn á næstunni og benti á, sem ekki mætti gleyma, að komið hefðu fram óskir frá aðilum sem krefjast þess að eiga nýtingarrétt á landi í einkaeign og byggja starfsemi á slíkum notum án leyfis landeigenda. Við þessu þyrfti að bregðast af hörku.

Loks hvatti Örn landeigendur til þess að standa vörð um samtökin sem væru að hefja sitt tíunda starfsár og náð hefðu þeim árangri að stjórnvöld víðurkenndu þau sem samtök sem opinberir aðilar leiti til þegar fjallað er um hagsmuni landeigenda á opinberum vettvangi. Samtökin stæðu sterk en full ástæða væri til að allir landeigendur gengju í þau, eflðu og styrktu. Ekki síst í því ljósi að sótt væri að landeigendum úr mun fleiri áttum en áður. Samtökin hefðu fyrst og fremst verið stofnuð til að gæta hagsmuna landeigenda í þjóðlendumálum, en í seinni tíð hefði ásókn og ágangur margfaldast af utanaðkomandi aðilum í ferðaþjónustu og annarri atvinnustarfsemi, bæði inn á eignarlönd og þjóðlendur, sem skert gæti hefðbundinn rétt landeigenda. Fjölmargir tóku til máls á fundinum og hvöttu samtökin til dáða til að verjast eignaupptöku og standa vörð um rétt landeigenda. Undir var tekið að vakningu þyrfti meðal þeirra fjölmörgu landeigenda sem stæðu fyrir utan samtökin þar sem brýnt væri að styrkja einu samtökin sem gætt gætu hagsmuna þeirra á fjölmörgum sviðum. Stjórn landssamtakanna var endurkjörin á fundinum að öðru leyti en því að Elín R. Líndal vék úr stjórn og situr í varastjórn, í hennar stað kom Björn Magnússon úr varastjórn inn í aðalstjórnina. Hana skipa að öðru leyti Örn Bergsson, formaður, Guðrún María Valgeirsdóttir, Sigurður Jónsson og Snorri Jóhannesson.

Bjóðum nú uppá hina frábæru Dieci skotbómulyftara á góðu verði.

Margar útfærslur í boði.



Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is



TRYGG
Nøstet Kjetting as

SNJÓKEÐJUR





Vertu viðbúinn vetrinum

Mest seldu snjókeðjur á Íslandi

LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR



Ísnet Húsavík s. 5 200 555
Ísnet Akureyri s. 5 200 550
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565
Ísnet Sauðárkrúkur s. 5 200 560

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna



ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 10. mars



VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

STAÐA ÞJÓÐGARÐSVARÐAR Á NORÐURSVÆÐI VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS

MEÐ STARFSSTÖÐ Í ÁSBYRGI ER LAUS TIL UMSÓKNAR

Vatnajökulspjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði: norðursvæði, austursvæði, suðursvæði og vestursvæði. Á norðursvæði eru tvær meginstarfsstöðvar (samkvæmt lögum nr. 60/2007 og reglugerð nr. 608/2008), þ.e. í Ásbyrgi og Mývatnssveit og starfar þjóðgarðsvörður á báðum svæðum. Hér er auglýst staða þjóðgarðsvarðar á norðursvæði með fastri starfsstöð í Gljúfrastofu í Ásbyrgi, sem eiga mun náð samstarf við þjóðgarðsvörð með starfsstöð í Mývatnssveit.

HELSTU VERKEFNI:

- Framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.
- Umsjón með daglegum rekstri á rekstrarsvæðinu og ábyrgð á að hann sé innan heimilda.
- Yfirumsjón með rekstri gestastofu og tjaldsvæða.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Samvinna við atvinnulíf, sveitarfélög, skóla og íbúa á nærsvæði við Ásbyrgi/Jökulsárgljúfur.
- Samskipti og samvinna við þjóðgarðsvörð á hálendissvæði Norðursvæðis.
- Leiða starf í faglegri umsýslu landvörslu og fræðslu.
- Þátttaka í stefnumótun þjóðgarðsins.
- Almenn stjórnsýsla og leyfisútgáfa fyrir Ásbyrgi og Jökulsárgljúfur.

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af umhverfismálum og náttúruvernd.
- Frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í starfi.
- Skipulagshæfileikar og þjónustulund.
- Hæfni og lípurð í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af almennum rekstri og mannaforráðum.
- Þekking og/eða reynsla af fræðslu til mismunandi hópa. Þekking á náttúrutúlkun og landvörslu er kostur.
- Reynsla og þekking af öryggismálum ferðamanna er kostur.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, frekari tungumálakunnátta er kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir um ofangreint starf skulu hafa borist Vatnajökulspjóðgarði Klappartíg 25-27, 101 Reykjavík, eigi síðar en 29. febrúar nk.

Upplýsingar um starfið veitir Þórhur H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs, thordur@vjp.is eða í síma 575 8400.

Skór

til vinnu og frístunda



... þegar þú vilt þægindi

25290 - Parma
Litir: Svart, hvítt, blátt og rautt
Str. 36-42
Verð 12.600



53802
Litir: Svartur, lilla, lime, bleikt, blátt og hvítt
Str. 36-44
Verð 10.500,-



Teg. 25090
Litir: Svart/Hvítt/Blátt
Str. 36-42
Verð 14.990,-



Mikið úrval af klossum
í öllum stærðum, gerðum og litum

00314 - Boston
Litir: Svart/-Hvítt
Str. 36-48
Verð 12.900



25240
Litir: Svartur/hvítur
Str. 36-42
Verð 9.900,-



Praxis.is
Pantið vörulista

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Ópið mánud. - föstud. 11:00-17:00. Lokað laugard.





Hátíðnifælur í hæsta gæðaflokki.
Gegn flugum, músum, rottum, köttum og hundum.

Sölustaðir:





STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.
Elnangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Fréttaskýring

Gatslitna gamla efnahagsplatan er enn á fóninum:

Bankarnir græða á snúningnum en rispuarnar eru að æra almenning

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Enn hrikur í efnahagskerfi heimsins þótt dagsveiflur á fjármála-mörkuðum hafi enn ekki fætt af sér keðjuverkandi hrún.

Á dögnum varaði eignarhaldsfélag risaskipafélagsins Maersk í Danmörku, AP Moller Maersk, við því að staðan í efnahagsmálum nú væri verri en fyrir hrúnið 2008. Þar glíma menn við 84% hagnaðar-samdrátt samhliða því að vera með aukna flutningsgetu á 27 risaskipum.

Þetta er athyglisvert frá þessum flutningarisa í ljósi þess að einn stærsti kostnaðarliðurinn í rekstrinum, olían, hefur snarfallið í verði. Lágt olíuverð dugur þó hvergi nærri til að veita upp stöðnun og samdrátt í hagkerfum heimsins með tilheyrandi mun minni flutningum. Fyrir hrúnið 2008 var Maersk með gróða sem skrifaður var með tveggja stafa prósentutölum en á síðasta ári var hann áætlaður 0 til 1%.



Nils Smedegaard Andersen.

Nils Smedegaard Andersen, forstjóri samsteyppunnar, sagði í samtali við Financial Times á dögnum að flutningageirinn hafi verið að hegða sér mjög undarlega á liðnum miss-erum. Þannig hafi innflutningur til Evrópu, Brasilíu, Rússlands og Vestur-Afríku hriðfallið.

Á fjórða ársfjórðungi síðasta árs var nettótap Maersk 2,5 milljarðar dollara. Á sama tíma afskrifaði félagið miklar eignir í olíugeiranum í Kazakstan, Kúrdistan, Bretlandi, Angóla og Brasilíu, eða metna eign upp á um 2,5 milljarða dollara. Efnahagsrýnar höfðu aftur á móti gert ráð fyrir 300 milljóna dollara hagnaði.

Hagvöxtur í Kína var langt undir væntingum á síðasta ári, eða 6,9%, sem er minnsti hagvöxtur þar í landi í 25 ár. Í Evrópu var aðeins spáð 1,5% hagvexti.

Værukærd gagnvart vaxta- og peningakerfinu á Íslandi

Á Íslandi virðast ráðamenn aftur á móti hinir rölegustu. Vitandi það að vaxtakervið eigi eftir að sviða almenning enn eina ferðina inn að beini ef illa fer.

Það er eitt óumbreytanlegt lög-mál í heiminum sem fjölmargir hagspekingar virðast ekki skilja og margir fjármálasnillingar reyna að telja almenningi trú um að sé rangt.



Evran er enn í tómu tjóni og nú sjá æðstu ráðamenn stærstu ríkja ESB enga aðra leið í stöðunni en fullan efnahagssamruna evruríkjanna.

Það snýst einfaldlega um að það eyðist sem af er tekið. Maður étur sem sagt ekki sama brauðið tvisvar. Vissulega hafa íslensk stjórnvöld unnið vel á einum anga þessarar staðreyndar, nefnilega að nýta tekjur til að greiða niður skuldir ríkisins. Hitt stendur eftir að almenningur er enn berskjaldaður vegna okurvaxta og verðtryggingar sem hér ríkir.

Kallað á breytingar

Það er staðreynd að peningaút-gáfa án innstæðu og háir vextir eru hrúnvaldar hagkerfa heimsins. Það að enn sé haldið áfram á þeirri sömu braut þrátt fyrir ítrek-aða slæma reynslu, er líka ástæða þess að stöðugt styttra verður á milli efnahagshruns í heiminum. Ákall um að þessu verði breytt heyrir nú úr mörgum áttum, jafnvel frá hinni mjög svo afturhaldssömu stofnun páfadóms í Róm.

Á Íslandi hefur líka verið uppi krafa um að aflétta vaxtaokri og verðtryggingu af almenningi, en lítið virðist þó vera um undirtektir í röðum þeirra sem ráða ferðinni. Þar er greinilegt að hagsmunir fjármagnseigenda veita þyngra en hagsmunir almennings. Það var því ástæða til smá bjartsýni þegar af því fréttist að ellefu alþingisþingmenn með Frosta Sigurjónsson í broddi fylkingar lögðu fram þingsálykt-unartillögu um að þingmannanefnd kanni fyrirkomulag peningamynd-unar og skili Alþingi tillögum að endurbótum. Gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu í síðasta lagi tíu mánuðum eftir skipun nefndarinnar.

Peningastjórnunin hefur algjörlega brugðist

Bendir Frosti t.d. á að Seðlabank-anum hafi verið falið það megin-markmið að starfrækja gjaldmiðil og verja kaupmátt frá stofnun 1961. Það hafi þó ekki tekist betur en svo að kaupmáttur krónunnar hafi rýrnað um 99,7% á 50 árum. Þá hafi Seðlabankinn ekki getað spornað við verulegri aukningu peningamagns í umferð eftir að gengi krónu var sett á flot og einkavæðing bankanna varð að veruleika. Á fjórtán árum hafi peningamagn 19-faldast sem endaði með hrúni bankakerfisins og 50% gengishrúni. Þetta hafi hvergi meiri áhrif en einmitt á þá sem voru með verðtryggð lán og enn vofir hættan yfir að slíkt endurtaki sig.

Bankar ráða enn för við að búa til innistæðulausa peninga

Peningamyndun með útgáfu banka á rafpeningum og seðlaprentun seðlabanka er ávísun á eignaupp-töku. Öðruvísi er ekki mögulegt að búa til rauneignir á bak við alla innistæðulausa peningamyndunina. Nákvæmlega sama á við varðandi vexti sem er ekkert annað en inni-stæðulaus peningamyndun.



Marine Le Pen virðist ekki hafa þurft að hafa mikið fyrir því að láða fólk að sínum þjóðernissinnaða flokki í Frakklandi.



Tíminn styttest stöðugt á milli hrúnbylgna í efnahagskerfum heimsins.

Þrátt fyrir þessar augljósu stað-reyndir hefur Alþingi aldrei veitt bönkum heimild til að gefa út raf-ræna peninga sem síðan eru lánað-ir út. Þeir hafa bara fengið að gera þetta nánast algjörlega eftirlitslaust og sannarlega algjörlega ábyrgðar-laust. Enginn virðist bera ábyrgð á stöðunni og Alþingi Íslendinga hefur ekkert gert.

Aftur stefnir hraðbyri í sömu mistökun

Hækkanir Seðlabanka Íslands á stýrivöxtum hefur svo í raun bara gert illt verra. Með því stjórntæki hefur hann verið að reyna að sporna við verðbólgu, en um leið haldið

uppi ofurháu vaxtastigi í landinu. Á því hafa engir grætt meira en fjármagnseigendur, bankar og aðrar fjármálastofnanir. Sá gróði er þó ekki tekinn upp úr götunni, því sækja verður raunverðmætin í vasa almennings og skuldara. Í dag stefnir því hraðbyri í sömu ógöngur á Íslandi og fyrir síðasta efnahags-hrun. Ofurgroði íslenskra banka og ofurbónusar til manna í fjármála-stofnunum sem lífeyrissjóðir töpuðu gríðarlega á í síðasta hrúni, er besta vísbendingin um það.

Ríkideami á kostnað almennings

Hagspekingar sem lengst ganga í rökfræðinni vilja samt enn meina



Enn er kraumandi óánægja með stöðuna hér á landi þó að allt virðist á uppleið í augnablikinu.



Pólitískum jaðarhreyfingum vex ásmegin á meðan kröfum almennings um uppstokkun í fjármálakerfinu er ekki sinnt. Hér fagnar Alexis Tsipras, foringi Syria í Grikklandi, sigri í kosningum.

að með því að auka frelsi viðskipta með peninga, hækka vexti í það

óendanlega og bæta við þá veldisstuðlum með verðtryggingu vaxtanna, þá sé hægt að taka enda-laust meira af engu þannig að allir verði moldríkir. Til að fegra þessa mynd enn frekar hafa menn beitt svokallaðri brauðmolakenningu sem gengur út á að sáldrið sem fellur úr peningahaugunum, sem mokað er til fjármagnseigenda, nýt-ist hinum fátæku um leið og þannig þjóðfélaginu í heild. Það sem sér-fræðingarnir vilja þó ekki tala um er að verðmætin sem eiga að bakka upp peningahrúguna. Hún verður nefni-lega hvergi tekin annars staðar en frá þeim sem búa til raunverðmætin. Þeir ríku verða stöðugt ríkari, milli-stéttin er að hverfa og allur fjöldinn situr eftir með sárt enni af brölti eins prósens mannkyns.

Jaðarhópar stökkva á tækifærið

Þótt frumframleiðendurnir fái örfáa mola sem hrökkva til þegar brauðið er af þeim hrífsað, þá þýðir það ekki að þeir komi til með að sætta sig við það um aldur og ævi. Nema fólk sætti sig þá líka við að sú ævi verði sífellt styttri. Fólk veit mæta vel að brauðið minnkar í réttu hlutfalli og af því er tekið. Þegar fólk stendur á endanum uppi allslaust eftir strit dagsins, hlýtur þolinmæðin að breyta.

Þetta sést vel á stöðunni sem nú er uppi í pólitíkinni víða um heim. Almenningur treystir ekki þeim sem ráðið hafa ferðinni og kallar á breytingar. Þar hefur fjölbreyttur hópur reynt að svara því kalli, en gallinn er bara sá að sú mislita hjörð á sér oft djúpar rætur í gömlum stjórnmálahreifyngum til hægri og vinstri. Það er t.d. sérkennilegt að sjá að hinir annars ágætu Píratar sem mest fylgi virðist hafa í skoðanakönnun-um, hefur á oddinum helsta stefnumál Samfylkingarinnar var aðild að ESB. Stefnumál sem hún reyndi að þvinga í gegn án lýðræðislegrar aðkomu þjóðarinnar og galt þess dýru verði í síðustu kosningum. Eitthvað sem núverandi formaður flokksins sagði alvarleg mistök í skilmerkilegu bréfi til flokksmanna á dögnum. Enn sérkennilegra er að Píratar hafa ekki tekið þessa víður-kenningu til greina og ekki viðrað hugmyndir um að almenningur fái að kjósa um hvort menn vilji að Ísland gangi í Evrópusambandið eða ekki. Krafan snýst einungis um að halda aðlögunarviðræðum sem slitið var áfram. Viðræður sem farið var í án samþykkis almennings.

Þjóðernissinum vex ásmegin

Uppgangur þjóðernissinnahreyfinga til hægri og vinstri í Evrópu er angi af sömu óánægjubylgju almennings gagnvart fjármálakerfinu og ríkjandi stjórnvöldum. Þetta má sjá í miklu fylgi hins röt-tæka vinstriflokks Podemos („við getum“) í kosningum á Spáni. Hann varð næststærsti flokkurinn á þinginu í kosningum í desember síðastliðnum með 20% atkvæða. Vandráðin við stjórnarmyndun var hins vegar mörgum áhangendum flokksins áhyggjuefni. Í Grikklandi náði vinstriþjóðernissinnaflokkurinn Syriza völdum eftir mikinn kosningasigur í byrjun árs 2015. Ástæðan var fyrst og fremst óánægja almennings í kjölfar hrikalegs efnahagshruns. Árangur Syriza hefur þó ekki verið eins og margir vonuðust eftir. Í Frakklandi hefur Þjóðarfylking Marine Le Pen, Front National, náð mikilli hylli.

Í Þýskalandi hefur uppgangur þjóðernissinnaðra afla líka verið mikill sem og í Austurríki, og Belgíu þar sem höfuðstöðvar Evrópusambandsins eru staðsettar.

Í Póllandi náði hægrisinnaður flokkur völdum á síðasta ári sem er mjög andsnúinn ESB.

Mikill uppgangur öfgasinnaðra þjóðernissinna í Úkraínu varð til þess að löglega kjörnum forseta var steypt þar af stóli með stuðningi ESB og Bandaríkjanna. Nokkuð sem íslensk stjórnvöld hafa síðan stutt, m.a. með þátttöku í viðskiptabanni þessara þjóða gegn Rússum.

Ungliðahreyfingar þjóðernissinna hafa líka verið að sækja í sig veðrið víða í Evrópulöndum á liðnum misserum, m.a. í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Noregi. Allt þetta á sér skýringar í vantrú almennings á fjármálakerfið og þá sem hafa stýrt því á liðnum áratugum og misskiptingu auðs sem af þessu leiðir. Flótamannavandinn er svo eins og olía á þennan eld.

Tími til kominn að vakna

Í ljósi pólitísku óróleika í Evrópu og víðar hlýtur að vera fyrir löngu tímabært að íslenskir stjórnmálamenn vakni af dvalanum og fari að hlusta á vilja almennings, m.a. um afnám verðtryggingar. Þar hafa

Píratar nánast verið einir um að svara ákalli almennings um úrbætur. Þeir hafa ekki einu sinni þurft að hafa fyrir því að útskýra hvernig þeir hyggt fara að því að umbylta kerfinu til hagsbóta fyrir almenning.

Það kveikti því vissulega vonarneista þegar þingmennirnir 11 úr ólíkum flokkum komu loks fram með sína tillögu á dögnum um skipun þingmannanefndar til að skoða málið. Spurningin er bara hvort það skilar einhverju sem getur vakið tiltrú fólks á að Alþingi sé ekki algjörlega máttvana í þessum efnum. Hvort þingmenn hafi þor og getu til að stöðva botnlausu framleiðslu innistæðulausra platpeninga í bankakerfinu. Þar sem bankastjórnar úti í bæ fá að framleiða upplogna mynt út á væntingar um innkomu við framtíðargreiðslu lána. Þetta er fyllilega sambærilegur gerningur og útgáfa á innistæðulausum ávísunum hér áður fyrr. Sú útgáfa var samt ekkert nærri því eins stórtæk og stórfraðslu bankanna á verðlausum ímyndarkrónum. Það sem meira er, rafrænu peningar bankanna eru ekki einu sinni úr áþreifanlegu efni. Það voru þó gúmitékkarnir góðu.

FÁNASMIÐJAN**STARFSKRAFTUR ÓSKAST****Fánasmiðjan ehf. Ísafirði**

óskar eftir að ráða starfsmann til framleiðslu á fánum, límmiðum og fleiri skyldum vörum.

Um er að ræða fjölbreytt starf og nauðsynlegt að umsækjandi sé metnaðarfullur og geti unnið sjálfstætt. Skilyrði er að umsækjandi hafi sæmilega tölvukunnáttu og góða þjónustulund. Ekki er nauðsynlegt að hafa reynslu í silkiprentun, aðeins áhuga á að læra og þor til að prófa sig áfram.

Aðrar hæfniskröfur : Metnaður - Frumkvæði - Stundvísi - Geta til að vinna sjálfstætt

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu Fánasmiðjunnar í síma: 577 2020 fyrir 1.mars

Bændablaðið**Smáauglýsingar 56-30-300****Næsta blað kemur út 10.mars****Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir**

HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm



HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm



HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm



HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm



HUSQVARNA DM 230
Bordýpt 15 sm



HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

**ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN**

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

HONDA
The Power of Dreams

KLÁR Í ALLAN SNJÓ

Snjómokstur er erfitt og tímafrekt verk. Það er þess vegna sem Honda hefur eytt yfir 30 árum í að hanna og þróa hágæða snjóblásara sem standast mikið álag. Með afkastagetu allt frá 29 - 140 tonnum af snjó á klukkustund, þá finnur þú hágæða Honda snjóblásara sem hæfir þínu verki. Í fjölbreyttri vörulínu Honda er að finna margar nýjar og framúrskarandi eiginleika auk einkaleyfisbundna tækni, sem gerir þér kleift að hreinsa snjó á eins einfaldan, hagkvæman og skilvirkan máta og mögulegt er.

Rétt eins og allar vörur frá Honda eru snjóblásararnir hannaðir á mjög umhverfisvænan máta og þar af leyðandi eru þeir eyðslugrannir, lág útblástursgildi og hljóðlátir. Honda snjóblásara eru gerðir til að hreinsa mikið magn af snjó á sem léttastan máta.

HONDA SNJÓBLÁSARAR
VERÐ FRÁ KR. 199.870

BERNHARD
Vatnagördum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

www.honda.is

FUJITSU
WATERSTAGE MTA

VARMAÐÆLUR
RAUNVERULEGUR SPARNAÐUR
ALLT ÁRIÐ

YFIR 10 ÁRA REYNSLA VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR OG HUNDRÖÐ ÁNÆGÐRA NOTENDA SEGIR ALLT SEM SEGJA ÞARF.

FJÖLBREYTTIR HITUNARMÖGULEIKAR:

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

5 ÁRA ABYRGÐ

FUJITSU LTCN LOFT Í LOFT VARMAÐÆLAN:
Best í prófun hjá SP í Svíþjóð

GASTEC
• ÞEKKING OG ÞJÓNUSTA •
BÍLDHÓFÐA 14 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 587 7000

WWW.GASTEC.IS



...frá heilbrigði til hollustu

Búnaðarmálaskrifstofa:

Stuðningsgreiðslur

Veittir eru styrkir úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum í dreifbýli samkvæmt reglugerð nr. 973/2000 með síðari breytingum.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu eigi síðar en 1. mars 2016. Með umsókn skal fylgja staðfest kostnaðar- og framkvæmdaáætlun.

Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Styrkir til frumbýlinga í sauðfjárrækt

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt samkvæmt ákvæðum núgildandi sauðfjársamnings og reglugerð nr. 1221/2015, VIÐAUKA IV, Verklagsreglur um úthlutun bústofnskaupa-styrkja til frumbýlinga.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu eigi síðar en 1. mars 2016. Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Lýsingarbúnaður í gróðurhúsum

Veittir eru styrkir til uppsetningar á lýsingarbúnaði samkvæmt aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og reglugerð nr. 1222/2015, VIÐAUKA I, Verklagsreglur um úthlutun styrkja vegna uppsetningar á lýsingarbúnaði.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á Bændatorginu eigi síðar en 1. mars 2016. Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu. Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Gæðastýring í sauðfjárrækt

Í byrjun janúar fengu þeir sauðfjárbændur sem eru þátttakendur í gæðastýrðri sauðfjárrækt

leiðslu, en höfðu ekki gengið frá skýrsluhaldsskilum í Fjárvísi vegna skýrsluhaldsársins 2015, bréf frá Matvælastofnun þar sem vakin var athygli á því að samkvæmt reglugerð um gæðastýringu þá falla þeir út úr gæðastýringu sem skila ekki skýrsluhaldi fyrir tilsettan tíma. Rétt er að vekja athygli á því að það nægir að ganga frá haustskilum í Fjárvísi (sjá forsiðu Fjárvísar).

Nú fer að líða að því að Matvælastofnun, búnaðarmálaskrifstofa, fer í það verk að ganga frá fyrirframgreiðslu gæðastýringarálags til bænda, en greiðsluna skal innna af hendi í mars. Greiðslukerfi landbúnaðarins, AFURÐ, skoðar þá sjálfkrafa hvort skilyrði um skil á skýrsluhaldi séu fullnægjandi í Fjárvísi.

Uppfærsla landbótaáætlunar

Matvælastofnun vekur athygli bænda sem taka þátt í gæðastýrðri sauðfjárrækt á að frestur til að uppfæra landbótaáætlunir er til 1. mars nk. sbr. bráðabirgðaákvæði í reglugerð nr. 536/2015 um gæðastýrða sauðfjárrækt. Landbótaáætlun skv. 15. gr. skal gera fyrir beitaland sem uppfyllir ekki kröfur samkvæmt viðauka I í reglugerð nr. 1160/2013. Framleiðandi sem ekki uppfyllir skilyrði reglugerðar um landnýtingu og ástand lands í landbótaáætlun uppfyllir ekki skilyrði um gæðastýrða sauðfjárrækt. Landbótaáætlun skv. 16. gr. reglugerðar nr. 536/2015.

Bændum er bent á að hægt er að leita aðstoðar Landgræðslu ríkisins við gerð landbótaáætlana og eru bændur hvattir til að setja sig í samband við héraðsfulltrúa hennar, óski þeir aðstoðar eða nánari upplýsinga vegna þessa.

Greiðslumark í mjólk og sauðfé

Bændur geta nú séð greiðslumark ársins í mjólk og sauðfé á Bændatorginu í liðnum Bú-yfirlit (hægra megin á síðunni fyrir miðju).



Búrfell og Þjófafoss í Þjórsá. Búrfellsstöð er í hlíð Búrfellsins að vestanverðu.

Mynd / HKr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

Fimmtán milljarðar fara í stækkun Búrfellsvirkjunar

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í vor við stækkun Búrfellsvirkjunar og að þær standi yfir til miðs árs 2018.

„Það er mjög ánægjulegt að mínu mati að framkvæmdir við Búrfell 2 skuli vera í þann veginn að hefjast. Það er búið að liggja fyrir um nokkurt skeið að farið verði í þetta verkefni. Raunverulega var það fyrir 35 árum eða svo sem fyrstu tilbúðir til þessara framkvæmda hófust. En það var svo ákveðið að setja aðrar virkjanir frammar í röðina. Aðstæður eru í raun afar hagstæðar. Lónið er til staðar og rask sem fylgir virkjuninni verður tiltölulega lítið. Kostnaður er mér sagt að verði 13–15 milljarðar.

Ef við setjum það í samhengi við Búðarháls þar sem kostnaður var um 28 milljarðar og framleiðslugeta 90 megawött (MW) á móti 100 MW í Búrfelli 2,“ segir Kristófer Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Sveitarfélagið hefur samþykkt framkvæmdaleyfi virkjunarinnar. Ráðgert er að gangsetja stækkunina í aprílmánuði 2018. Um 150 manns munu fá vinnu við byggingu virkjunarinnar.

Fasteignagjöldin til sveitarfélagsins

Kristófer segir að íbúar sveitarfélagsins verði örugglega varir við framkvæmdirnar þegar þær fara af stað.

„Já, þetta mun þýða talsverða umferð um sveitarfélagið meðan á framkvæmdum stendur og við reiknum með að heimamönnum, ekki síður en öðru fólki, muni standa til boða störf við framkvæmdirnar. Framtíðarstörfum við Búrfell mun þó ekki fjölga að neinu ráði. Varla nema tvö til þrjú ársverk. Sveitarfélagið mun fá fasteignagjöld af stöðvarhúsi virkjunarinnar, vissulega munar um það,“ segir hann.

– En er almenn sátt um stækkunina í sveitarfélaginu?

„Já, ég met það svo að full sátt sé um framkvæmdina meðal íbúa sveitarfélagsins. Ég hef ekki heyrt nokkurn einasta íbúa lýsa vanþóknun á að virkjunin verði byggð. En auðvitað get ég ekki útilokað að leynst geti fólk sem ekki er sátt við framkvæmdina.“

Lítið áberandi mannvirki

„Um 14% af rennslisorku við



Búrfellsstöð.

Mynd / HKr.



Vindmyllur Landsvirkjunar á Hafinu ofan við Búrfell.

Mynd / HKr.



Kristófer Tómasson sveitarstjóri.

áhersla á að mannvirki verði sem minnst áberandi.

Mest áberandi mannvirkin verða aðrennslisskurður, frárennslisskurður og inntaksmannvirki virkjunarinnar.

„Stöðvarhúsið verður staðsett meðanjarðar í Sámstaðaklifi. Landsvirkjun mun tryggja aðgengi að útivistarsvæðum í nágrenni Búrfellsstöðvar. Enn fremur er ætlunin að skoða möguleika á að tengja þau svæði við upplýsingamiðstöðvar í Þjórsárdal,“ bætir Ívar Páll við.

Áformað er að uppsett afl nýrrar stöðvar verði 100 MW með einni vél, en gert er ráð fyrir að síðar verði hægt að stækka stöðina um allt að 40 MW. Með stækkun Búrfellsvirkjunar má auka orkugetu raforkukerfisins um allt að 300 Gígawattstundir (GWst) á ári.

/MHH

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

BEISLISHLUTIR - REKSTRARVÖRUR

GOTT ÚRVAL - HAGSTÆTT VERÐ

Sjá nánar í vefverslun okkar á VBL.is undir beislishlutir

NB LANDBÚNAÐUR ehf. NB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Velkomin á landbúnaðar- og matarhátíð í Hörpu

**Sunnudaginn 28. febrúar
klukkan 11 til 17**

Sunnudaginn 28. febrúar verður landbúnaði og mat gert hátt undir höfði í Hörpunni í Reykjavík. Búnaðarþing Bændasamtaka Íslands verður formlega sett við hátíðlega athöfn og fyrirtæki úr landbúnaðarklasanum kynna sínar vörur fyrir gestum og gangandi.

Þeir sem hafa áhuga á kraftmiklum dráttarvélum fá eitthvað fyrir sinn snúð. Það verður vélasýning bæði úti og inni, lambakjöt á grillinu í umsjá Meistarafélags kjötiðnaðarmanna og hamborgarabíllinn Tuddinn verður á svæðinu.



**Búnaðarþing
Bændasamtaka Íslands**

sunnudaginn 28. febrúar
kl. 12.30-14.30

Hádegishressing í salnum Flóa á jarðhæð
og hátíðardagskrá í Silfurbergi á 1. hæð.

Allir eru velkomnir á setningarathöfn Búnaðarþings sem hefst með hádegishressingu í boði íslenskra bænda. Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona stýrir athöfninni en ýmsir vel valdir listamenn koma þar fram. Formaður Bændasamtakanna og landbúnaðarráðherra ávarpa gesti. Í fyrsta sinn verða veitt Hvatningarverðlaun Bændasamtaka Íslands og landbúnaðarverðlaunin verða á sínum stað.



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS



Starfsþjálfunar – og enduhæfingar vinnustaður

Lambamerki


Minnum á að panta lambamerkin á www.bufe.is

Veittur er 15% afsláttur á lambamerkjum ef pantað er fyrir 23. mars 2016



Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur

Furuvöllum 1, 600 Akureyri.
Opnunartími:
Mánudaga – föstudaga, kl. 08.00-16.00
Sími 461-4606, Fax 461 2995
Netfang pbi@akureyri.is



Hér sést hvernig stígurinn liggur um skógin ofan við Kristnesspítala. Halli á stígnum fer hvergi yfir þau mörk sem sett eru um stíga fyrir hreyfihamlaða og verður því mjög vel fær fyrir fólk í hjólastól eða með göngugrind. Ingvar Ívarsson, landslagsarkitekt hjá Landslagi, hannaði stíginn.

Hjólastólafær skógarstígur í Kristnesskógi

— Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitir styrk til malbikunar

Í sumar verður lokið við 330 metra langan malbikaðan stíg í Kristnesskógi í Eyjafirði sem hafist var handa við á liðnu hausti.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti á dögunum styrk sem nægir til að ljúka verkinu. Stígurinn verður kærkominn fyrir alla gesti skógarins en þó ekki síst fólk sem nýtur aðhlynnningar og endurhæfingar á Kristnesspítala. Yfirlæknir endurhæfingardeildar segir að stígurinn muni breyta miklu enda margsannað að skógur hafi jákvæð áhrif á heilsu fólks. Frá þessu er sagt á vef Skógræktar ríkisins, skogur.is.

Upphaf málsins var að Sjálfsbjörg á Akureyri sótti í samvinnu við Skógrækt ríkisins um styrk hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til lagningar stígs fyrir hreyfihamlaða í Kristnesskógi. Í byrjun síðasta árs veitti ráðuneytið 1,4 milljónir króna úr verkefnasjóði sínum á sviði umhverfis- og auðlindamála. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða lagði að auki til hálfa milljón króna úr sérstakri fjárveitingu fyrir árið 2015. Þessi framlög nægðu til að hefja mætti verkið en á dögunum bættist við annar styrkur frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 2,4 milljónir, sem nægir til að ljúka við stíginn. Styrkir til verkefnisins nema samtals 4,3 milljónum króna.

Lokið við verkið í byrjun júlí

Um hönnun stígsins sá Ingvar Ívarsson, landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf. á Akureyri, en Túnþökusala Kristins tók að sér framkvæmdina. Verkið hófst á liðnu hausti en eftir er að þökuleggja, setja jöfnunarlag og að lokum malbika stíginn. Ætlunin er að þessu verði öllu lokið í byrjun júlí á þessu ári. Stígurinn er um 330 metrar á lengd og breiddin um 1,6 metrar við yfirborð. Hæðin er mjög mismunandi. Mest gæti hún verið um 1 metri enda þarf stígur sem þessi að vera sem sléttastur og halli hans aldrei meiri en 60 prómill svo að hann fullnægi stöðlum um hjólastólafera stíga.

Skógurinn veitir tækifæri til þjálfunar

Að sögn Rúnars Ísleifssonar, skógarvarðar á Norðurlandi, er sá



Birki er áberandi í Kristnesskógi en auk þess eru helstu tegundirnar sem sjást af stígnum sitkagreni og lerkí. Mynd / Pétur Halldórsson



Kristnesspítali er 10 km sunnan Akureyrar. Mynd / SAK

hluti Kristnesskógar sem stígurinn liggur um að mestu leyti gróðursettur á árunum um og upp úr 1950. Helstu trjátegundir á svæðinu eru birki, sitkagreni og síberíulerkí en tegundirnar eru talsvert fleiri sem ber fyrir augu og fjölbreyttur gróður í skógarbotni.

Kristnesspítali var upphaflega reistur sem berklahæli og enn í dag er talað um Hælið í sveitinni. Nú eru þar reknar tvær deildir Sjúkrahússins á Akureyri, öldrunardeild og endurhæfingardeild. Aðstaða er góð í Kristnesi og þar er meðal annars þjálfunarsundlaug, en skógurinn veitir líka tækifæri til þjálfunar og endurhæfingar sem nú hillir undir að nýtast muni enn betur en fyrr.

Skógurinn opinn öllum

Ingvar Þóroddsson, yfirlæknir endurhæfingardeildarinnar, segir að stígurinn muni breyta miklu fyrir báðar deildir spítalans. Þarna komist fólk á hjólastólum eða með göngugrindur auðveldlega út í heilnæmt umhverfi skógarins. Fjölmargar rannsóknir hafi sýnt fram á jákvæð áhrif gróðurs, ekki síst skóga, á líðan fólks. Ingvar telur að með tilkomu þessa stígs verði komin aðstaða við Kristnesspítala sem sé einstök við sjúkrahús á Íslandi og til eftirbreytni. Hann tekur þó skýrt fram að þessi stígur sé ekki fyrir spítalann einan. Hann verði opinn öllum og öllum velkomið að nota hann enda er Kristnesskógur þjóðskógur. /MÞÞ



Þróunarverkefni í sauðfjárrækt

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir hér með eftir umsókn um styrki til rannsókna og þróunarverkefna í sauðfjárrækt samkvæmt verklagsreglum Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjár til stuðnings við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í sauðfjárrækt, sbr. auglýsingu nr. 703/2014.

Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- Yfirlit um tilgang og markmið verkefnisins
- Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu
- Tímaáætlun verkefnisins
- Fjárhagsáætlun verkefnisins.
- Hvernig verkefnið nýtist sauðfjárræktinni
- Hvar og hvernig niðurstöður verða kynntar

Umsóknarfrestur til 1. apríl n.k.

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á www.fl.is.

Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna

Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: umsókn um þróunarfé.

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins; thorhildur@fl.is




Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri – 311 Borgarnes
Sími 430-4300

20
ára

20
% afsláttur

Afsláttur á afmælisári



Lyfja í 20 ár

Við höldum upp á 20 ára afmæli á árinu og fögnum með því að bjóða upp á valdar vörur með sérstökum afmælisafslætti. Afsláttur gildir til 17. mars.

Kíktu á vöruúrvalið á lyfja.is

Hlökkum til að sjá þig.

Keli vert hefur rekið Gistihúsið Langaholt í Staðarsveit á Snæfellsnesi í tíu ár:

Ég lærði þar af mömmu, besta kokki í heimi

— Verið að fjölga herbergjum í takt við þróun ferðamenskunnar á landsbyggðinni

Keli vert, eða Þorkell Sigurmon Símonarson eins og maðurinn heitir fullu nafni, hefur rekið veitingarekstur og gistaðstöðu á Langaholti á Snæfellsnesi um árabil. Hann stendur nú í nýbyggingu á staðnum þar sem hann hyggst fjölga herbergjum um 20.

Flestir þekkja manninn undir nafninu Keli vert. Hann er líka þekktur fyrir að fara sínar eigin leiðir í þessum rekstri sem foreldrar hans hófu fyrir 38 árum. Þá voru þau frumkvöðlar í ferðaþjónustu í sveit sem mjög takmarkaður skilningur var þá á.

Keli er líklega í hugum flestra þekktur sem listakokkur sem gjarnan fer óhefðbundnar leiðir í sinni eldamennsku. Þegar blaðamann Bændablaðsins bar að garði laugardaginn 20. febrúar, var hann að halda skímarveislu fyrir barnabarn sitt. Hann lét það þó ekki trufla sig við að segja nokkur orð við komumann.

Ferðaþjónustubrölt foreldranna þótti algjört rugl

„Hér er ég fæddur og uppalinn og er búinn að reka starfsemina hér í tíu ár,“ segir Keli.

„Foreldrar mínir byrjuðu í þessum túristabransa 1978 og voru þá í frumkvöðlahreyfingu sem þá fór af stað. Þá var ákveðin vakning í ferðaþjónustu úti á landi. Áður fyrr voru það bara gömlu sveitahótelin og tjaldstæði og nánast ekkert þar á milli. Þá voru hótél á Laugavatni, Búðum, Bjarkalundi og á nokkrum öðrum stöðum. Upp úr 1980 fór fólk að sjá möguleika á að gera meira úr þessu og bjóða upp á heimagistingu og sölu á mat. Foreldrar mínir voru með þeim fyrstu sem byrjuðu á slíku og í dag er flokkað sem ferðaþjónustubændur.

Það voru ákaflega skiptar skoðanir á því sem þau voru að reyna að gera. Það var byrjað að byggja elsta hlutann af þessu húsi hér árið 1985. Þá vissu menn ekki hvert þau ætluðu með að vera að eyða peningum í slíka hluti. Það væri algjört rugl að vera að byggja sérstaklega yfir ferðamenn.“

Loðdýraræktin þótti meira aðlaðandi

„Á sama tíma var verið að „agítera“ mjög stíft fyrir uppbyggingu í loðdýrarækt um allt land. Það þótti miklu meira sexí, en að brölta í einhverri ferðamennsku. Var loðdýraræktin töluð mikið upp og miklum peningum í það veitt.“

Keli segir að stuðningurinn við ferðaþjónustuna hafi verið algjör andstæða við þetta og mótstaðan mikil lengi framan af.

Í dag þykir þessi lýsing Kela sérkennileg í ljósi reynslunnar. Nú horfa menn með mikilli undrun á grotnandi mannvirki undir minkabú á ótrúlegustu stöðum víða á landsbyggðinni. Virðist fyrirhyggjan í þeirri uppbyggingu hafa verið víðs fjarri. Ekki var t.d. nægilega hugsað um nauðsynlega þætti eins og þekkingaröflun og aðgengi að fóðri. Enda fór sem fór, flest þessara búa urðu gjaldþrota á skömmum tíma.

Uppgangur loðdýraræktar á undanförunum árum byggir á allt öðrum forsendum. Þar hefur þekkingaröflun og nán tengsl við bestu minkabændur heims verið í fyrirrúmi og árangurinn í takt við það.

Mótlætið var kannski til góðs

„Það var ferðaþjónustunni úti á landi kannski til happs hvað andstaðan var mikil í upphafi. Hún hefði varla orðið það sem hún er í dag nema vegna þess hversu baslið var



Keli vert þykir fara skemmtilegar leiðir í sinni matargerð sem gestirnir kunna vel að meta. Hann lætur ekki einhver afturhaldsviðhorf takmarka sig við að gera tilraunir og fara út fyrir hinn hefðbundna ramma.

Myndir / HKr.



Langaholt nýtur þess að vera umvafið mikilli náttúrufegurð.



Langaholt og Ytri-Garðar í síðdegisbjarma febrúarsólarinnar.

mikið í upphafi. Það voru einungis þeir þrautseigustu sem héldu áfram. Þessir brautryðjendur voru nánast allir hugsjónafólk fram í fingurgóma. Þeir sem ekki voru með þau

viðhorf entust ekki neitt. Þeir sem lögðu línurnar á níunda áratugnum og fyrr voru miklir eldhugar og margir litríkir einstaklingar voru í þeim hópi.

Braust undan valdi Kaupfélagsins

„Alla búskapartíð föður míns hafði hann eiginlega það eina markmið í öllu hokrinu að reyna að ná peningum

út fyrir hringiðu Kaupfélagsins. Þá lögðu bændur auðvitað sínar afurðir inn í Kaupfélagið í Borgarnesi. Þar var byggingarvöruverslun og allt til alls og innlegg bænda var þá gjarnan



Að mati Kela þarf að leggja sálina í matargerðina til að vel takist til. Það kosti nefnilega alveg jafn mikið að útbúa góðan mat og vondan. Á bak við það sé líka jafn mikil vinna.

tekið út í vörum sem Kaupfélagið seldi. Sjaldnast sáu bændur aura út úr þeim viðskiptum.

Til að komast framhjá þessu valdi Kaupfélagsins, ræktaði pabbi t.d. rófur sem hann seldi sjálfur og fékk peninga í staðinn. Fljótlega fóru foreldrar mínir að sjá að það var markaður til að gera ýmislegt og það umbunaði mönnum þegar vel tókst til. Þau veðjuðu því fljótt á að hella sér út í ferðaþjónustuna og hér hefur ekki verið hefðbundinn búskapur síðan 1986.“

Tók við kyndlinum án þess að kunna að sjóða egg

„Fljótlega myndaðist hefð á hvernig við ætluðum gera þetta og það fór í þann farveg að við myndum vera svolítið við sjálf í þjónustunni við ferðamenn. Svo tók ég bara við kyndlinum fyrir tíu árum síðan og held áfram með sama þemað.“

– Hefur þú ekki verið að kokka víðar?

„Nei, bara hér. Það er algengur misskilningur að fólk haldi að ég sé kokkur. Málið er að ég er bara sveitavargur með meirapróf og vinnuvélaréttindi. Á ákveðnum tímamarki hætti ég því og fór inn í eldhúsið til að hjálpa mömmu. Þá kunni ég eiginlega ekki að sjóða egg hvað þá meira.

Ég fann strax að það átti mjög vel við mig að stússast í matnum. Ég fékk mikinn áhuga á þessu. Það er líka spennandi að vera að vinna í eldhúsi og prófa eitthvað nýtt sem virkar vel á gestina. Þetta er svo einstaklega gefandi starf og í raun mjög spennandi ef maður lætur ekki einhver afturhaldsviðhorf takmarka sig.“

Galdurinn er gott hráefni

„Að vera með gott hráefni og leika sér með það er einstakt. Hér um slóðir er mjög auðvelt að verða sér úti um gott hráefni. Fiskur er hér allt í kring, enda erum við mest í fiski hér á veitingastaðnum. Það var því ekki hægt annað en að fá áhuga á þessu og gera hlutina eins vel og hægt er. Það kostar alveg jafn mikið að útbúa góðan mat og vondan. Á bak við það er jafn mikil vinna. Ef maður nær hins vegar að gera matinn góðan þannig að allir verði saddir og kátir, þá verður vinnan miklu léttari, í stað þess að þurfa sífellt að vera að afsaka sig eða að taka á móti kvörtunum,“ segir Keli.



„Það er algengur misskilningur að fólk haldi að ég sé kokkur. Málið er að ég er bara sveitavargur með meirapróf og vinnuvélaréttindi. Á ákveðnum tímamarki hætti ég því og fór inn í eldhúsið til að hjálpa mömmu. Þá kunni ég eiginlega ekki að sjóða egg hvað þá meira.“

Matarþekkingin frá mömmu

„Áður en ég keypti reksturinn af foreldrum mínum var ég búinn að vera að vinna í þó nokkur ár í eldhúsinu og öðru sem til féll. Ég lærði þar af mömmu, besta kokki í heimi. Þaðan er öll mín matarþekking komin. Þegar maður er svo að reka veitingastað í nútímanum er maður að sjálfsögðu með kokka og annað starfsfólk. Það er þó ekki hægt að gera þetta nema að vera með dálitla delli fyrir þessu sjálfur.

Maður er fyrirfram ekki mjög mótaður af skoðunum um hvað sé fínt eða gott, háklassi eða lágklassi.

Maður er ekki rammaður inn í fyrirfram mótaðan kassa. Kannski er það vegna þess að maður er ekki með neina skólamenntun í þessu fagi. Ef maturinn virkar vel þá er hann góður.

Í skólum er aftur á móti alltaf tilhneiging til að leggja áherslu á eitt-hvað sem þykir eða þótti fínt. Ég hef aldrei verið mjög upptekinn af slíku og hvað þykir fínt eða ekki fínt. Það á við allt sem ég geri. Arfleifðin frá frumkvöðlunum sem ég byggði á er voðalega mikið sú að þegar fólk var að byrja í þessari ferðaþjónustu á Íslandi, þá vissi enginn neitt hvernig átti í raun að gera þetta eða hvert þetta ætti að þróast. Fólk þurfti því

svolítið að finna út úr því sjálft.

Reynslan hefur síðan kennt okkur að átta okkur á hvað útlendingar sem hingað eru að koma vilja sjá og upplifa. Að mínu viti virkar þar best það sem stendur okkar hjarta næst. Fólk er forvitið um okkur og þá skiptir máli að vera bara við sjálf.

Maður þarf svo sem að vita eitt og annað. Þekkja í sundur léttvinsþrúgurnar og því um líkt. Það er samt engin ástæða til að þykjast vera eitt-hvað sem maður er ekki eða sé með þetta eins og á finum stað í Ölpunum, Bandaríkjunum, Japan eða Kína. Við tökum bara íslenska snúninginn á þetta. Útlendingar eru ekki að koma

til Íslands til að sjá hvernig menn hafa það í Ölpunum.

Verum óhrædd við að vera við sjálf

„Mér finnst að menn séu oft of hræddir við að vera þeir sjálfir í þessum bransa. Við þurfum ekkert að skammast okkar fyrir það sem við erum.

Við hér í Langaholti vinnum nokkurn veginn eftir einni meginreglu; ef manni sjálfum finnst hlutirnir góðir, þá virka þeir. Þegar nýir kokkar koma og spyrja mann – *Framhald á næstu síðu.*



Lýsuskarð, Lýsuhyrna, Þorgeirsfell og Þorgeirsfellshyrnan blasa við beint fyrir ofan Langaholt.

Myndir / HKr.



Keli með afastrákinn, Sæbjart Goða.

hvort matarskammturinn sem þeir eru að bera á borð sé nógu stór, þá spyr ég á móti: Er þetta skammturinn sem þú myndir vilja fá? – Eins er það með aðra hluti, eins og aðstöðuna í gistiherbergjunum. Þá spyr ég hvernig herbergi myndi ég sjálfur vilja fá. Þetta eiga allir að hafa til hliðsjónar sem eru í þjónustustörfum.

Ef það kemur kúnni og fær bara leiðinlegt viðmót hjá manni og afgangið, þá á maður að spyrja sjálfan sig: Myndi ég vilja fá svona þjónustu annars staðar? Með slíkt viðhorf að leiðarljósi þá rambur maður yfirleitt á réttu lausnirnar.

Auðvitað gerir maður þó oft mistök og verður þá að læra af reynslunni.“

„Við erum ekki moldrík af þessu“

Keli segir að starfsemin í Langaholti hafi aldrei verið mjög stór eða mikil.

„Við erum ekki moldrík af þessu. Ég kaupi og tek við þessu um áramótin 2005 til 2006. Síðan kom efnahagshrunið sem var „assskoti“ erfiður tími. Síðan hefur þetta verið að potast í rétt horf á ný. Við erum því að stækka til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Það voru aðrar kröfur hér áður fyrr. Fyrir 30 árum voru gestirnir umburðarlyndari gagnvart mismunandi aðstæðum. Núna er ferðafólk meira að velja sér áfangastaði eftir lífsmáta og veit hverju það er að sækjast eftir og er því meðvitað um hvernig hlutirnir eiga að vera. Við reynum því ekki að sinna öllum fjöldanum, heldur ákveðnum manngerðum.

Nútíminn er þannig að maður er minna að vinna við veitingastaðinn sjálfur, heldur verður maður að vera með fólk í fullri vinnu, bæði kokka og þjóna. Þetta fólk þarf auðvitað að hafa eitthvað að gera, alltaf. Það dugur ekki lengur að fá nágranna í íhlaupavinnu í þrjá daga í einu.“

Með 20 herbergjum og bæta öðrum 20 við

„Sem stendur erum við einungis með 20 herbergi og það er of lítið til að halda uppi svona starfsemi allt árið. Reyndar hefur veitingastaðurinn verið mjög vinsæll og því skapast næga vinnu undanfarin ár. Það er mest fólk sem kemur hér inn af veginum. Með því að bæta við okkur 20 herbergjum sem verða tilbúin í sumar, erum við meira að tryggja okkur að sá fjöldi sem gistir hjá okkur dugi til að halda uppi grunnstarfsemi á veitingastaðnum líka.

Bókunarkerfið hefur líka breyst mikið. Áður dugði stúlubók og faxtæki, en nú þarf maður að vera með manneskju til að sjá um þessi samskipti og þar þarf allt að gerast hratt.



Grunnur lagður að 20 herbergja stækkun gistirýmis.



„Ég er að þessu af því að ég vil búa hér.“



Keli við anddyrið í Langaholti. Það breytist væntanlega í sumar við tilkomu nýbyggingar.

búsmali eru gestirnir og ég er með sérhönnuð hús fyrir þá, rétt eins og aðrir bændur eru með gróðurhús, fjós eða fjárhús.

Þá veitir sveitinni ekkert af að fá fólk til að búa á staðnum. Það snýst um að geta haldið uppi samfélagi með eðlilegri þjónustu, eins og skólum. Innviðirnir verða að vera í lagi. Ef ég get haft heilsárs starfsmenn, þá tel ég að mér sé svolítið að takast að sinna þessari samfélagsgskyldu minni.“

Vill búa í sveitinni

Keli segir að eins og stendur þá séu langflestir starfsmanna hans af höfuðborgarsvæðinu. Lítið sé af ungu fólk í sveitinni til að leita til. Það fólk sé flest í skólum og ekki komið á þann stað í lífinu að taka við búum foreldra sinna. Fyrir sex til átta árum voru allir starfsmenn hans úr sveitinni. Því sé mikið til vinnandi að auka fjölbreytnina í atvinnulífi sveitarinnar.

Hann segir að vissulega henti ferðaþjónustan ekki öllum. Það þurfi ákveðna manngerð með mikla þjónustulund til að sinna henni vel.

„Það fólk er jafn velkomið í þessa sveit og hver annar. Ég er að þessu af því að ég vil búa hér. Það er eiginlega eina ástæðan, þó ég gæti mögulega átt meiri tækifæri á öðrum stöðum eða við að gera eitthvað annað.

Hér vill maður vera og þetta starf á vel við mig og ég held að ég sé ágætur í þessu. Þetta get ég gert þótt ég yrði hræðilegur bóndi í hefðbundnum skilningi,“ segir Keli.

/HKr.



BÚVÖRUSAMNINGAR

HVAÐ FELST Í NÝJUM BÚVÖRUSAMNINGUM MILLI RÍKIS OG BÆNDA?

Fulltrúar Bændasamtaka Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs skrifuðu undir nýja búvörusamninga 19. febrúar sl. Um er að ræða rammasamning um almenn starfskilyrði landbúnaðarins og samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparæktar og sauðfjárræktar á árunum 2017 til 2026. Samningaviðræður hafa staðið yfir frá því í september á síðasta ári. Samningarnir fjórir eru allir prentaðir í heild sinni hér í blaðinu og nánar er fjallað um áhrif þeirra á nautgriparæktina, sauðfjárræktina og garðyrkjuna.

Samningarnir eru til 10 ára en gert er ráð fyrir að þeir verði teknir til endurskoðunar tvisvar á samningstímanum, árin 2019 og 2023. Rökin fyrir löngum gildistíma eru þau að verið er að ráðast í umfangsmiklar breytingar.

Meginmarkmiðin

Meginmarkmið samninganna er að efla íslenskan landbúnað og skapa landbúnaðinum sem fjölbreyttust sóknarfæri. Samningunum er ætlað að auka verðmætasköpun í landbúnaði og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls. Til þess að ná þessum markmiðum eru í samningum fjölbreytt atriði sem ætlað er að ýta undir framþróun og nýsköpun í greininni. Rammasamningurinn er öllu viðtækari en fyrri búnaðarlaga-samningar sem bændur þekkja. Markmiðið með honum er meðal annars að útvíkka stuðning á fleiri greinar landbúnaðarins, mæta ákalli um breytingar og búa til sóknarfæri fyrir fleiri bændur.

Margt nýtt í samningunum

Í samningunum er lögð aukin áhersla á lífræna framleiðslu, velferð dýra, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu. Veigamiklar breytingar fela það í sér að nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði verða auðveldari en verið hefur. Sérstakt verkefni kemur inn í samninginn um stuðning við skógarbændur til að auka virði skógarafurða. Um leið er kveðið á um annað nýtt verkefni um mat á gróðurauðlindum sem ætlað er til frekari rannsóknna á landi sem nýtt er til beitar. Jafnframt verða möguleikar á fjárfestingastyrkjum í svínarækt fyrri hluta samningstímans til þess að hraða umbótum sem bæta aðbúnað dýra. Jarðræktarstuðningur er aukinn verulega og gerður almennari. Hægt verður að styðja betur við ræktun, þar með talið ræktun matjurta sem er nýjung. Um leið verður tekinn upp almen-nur stuðningur á ræktarland sem er ekki bundinn ákveðinni framleiðslu. Stuðningur við lífræna framleiðslu verður tífaldaður frá því sem nú er og sérstakur stuðningur verður tekinn upp við geitfjárrækt, sem ekki hefur verið áður.

Áfram er stuðningur við leiðbeiningaþjónustu eins og áður en hann prepast niður á samningstímanum. Að sama skapi verður áfram stutt við kynbótaverkefni eins og skýrsluhald og ræktunar- og einan-grunarstöðvar - einnig plöntukynbætur.

Enn fremur fylgir rammasamningnum bókun um innviði hinna dreifðu byggða og almenn atriði er varða byggðastefnu stjórnvalda.



Samninganefnd bænda og landbúnaðarráðherra að lokinni undirritun nýrra búvörusamninga. Frá vinstri: Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra, Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, Sigurður Loftsson, formaður Landsambands kúabænda, og Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.

Mynd / TB

Samningar sem ýta undir framþróun og nýsköpun

Sníðum gallana af gömlu samningunum

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir að nýju samningarnir séu byltingarkenndir að ýmsu leyti en í samningaferlinu hefur verið tekið tillit til margra ólíkra sjónarmiða.

„Í samningaviðræðunum var markmiðið að sníða gallana af gömlu samningunum. Mikil umræða hefur átt sér stað um kvótakerfi í mjólk, m.a. þann kostnað sem bændur hafa þurft að leggja í kvótakaup. Sú stefna var tekin að fresta um sinn ákvörðun um afnám kvótakerfisins en almenn atkvæðagreiðsla um málið verður haldin meðal búabænda árið 2019 samhliða fyrstu endurskoðun samn-



Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ.

ingsins. Ýmsar viðamiklar breytingar verða þó gerðar strax, meðal annars að frjálst framsal á greiðslumarki verður óheimilt. Þeir sem vilja selja sitt greiðslumark geta nýtt sér það að ríkið innleysi kvótann á fyrirfram ákveðnu verði. Ríkið mun svo bjóða kvótann til sölu á sama verði og munu

nýliðar og þeir framleiðendur sem framleitt hafa umfram kvóta njóta forgangs. Í sauðfjársamningi var einnig hægt á afnámi beingreiðslna fyrstu árin auk þess sem tekinn verður upp sérstakur býlisstuðningur. Í garðyrkjusamningi eru litlar breytingar. Áfram er gert ráð fyrir beingreiðslum til tómata-, gúrku- og paprikuframleiðslu og niðurgreiðslu á raforku til ræktunar með lýsingu,“ segir Sindri.

Fjárhæðir

Fjárhæðir í rammasamningi nema kr. 1.743 milljónum árið 2017 en enda í kr. 1.516 milljónum árið 2026 við lok samnings. Nautgriparæktarsamningur er á fyrsta ári 6.550 milljónir króna og endar í 6.138 milljónum árið 2026.

Kosningar um nýja búvörusamninga

Hinn 7. mars nk. hefst rafræn kosning um nýja búvörusamninga um sauðfé annars vegar og nautgriparækt hins vegar. Kosningin stendur til miðnætts þann 17. mars.

Til að taka þátt í rafrænni kosningu þarf hver og einn einstaklingur að hafa aðgang að Bændatorginu á sinni kennitölu. Þetta á við um alla sem eru aðilar að félagsbúum og einkahlutafélögum. Einnig maka eða aðra sem reka bú með fleirum en einn er skráður handhafi beingreiðslna. Þeir sem þess óska geta fengið skriflegan atkvæðaseðil sendan í pósti. Öllum, sem eru á kjör-

skrá, á þannig að vera tryggður möguleiki til að taka þátt í kosningunni óháð gæðum nettengingar eða aðgangi að Bændatorginu.

Til að stofna aðgang að Bændatorginu þarf að velja „Nýr notandi“ í innskráningarglugga á Bændatorginu sem er að finna efst til hægri á vef Bændasamtaka Íslands, www.bondi.is. Notandi er þá leiddur áfram í gegnum www.island.is til að stofna nýjan aðgang. Hafi viðkomandi ekki Íslykil þarf að stofna hann. Einnig virkar rafrænt auðkenni í síma.

Rétt er að undirstrika að áður en skrifleg atkvæði eru talin er farið yfir hvort kjósandi hefur

greitt atkvæði rafrænt. Sé svo fellur skriflegt atkvæði dautt.

Þeir sem óska eftir að greiða atkvæði skriflega geta beint óskum sínum um að fá atkvæðaseðil til Bændasamtaka Íslands í síma 563-0300 eða á netfangið kjorstjorn@bondi.is fyrir 28. febrúar.

Skrifleg atkvæði verða send til viðtakenda eigi síðar en 4. mars. Frestur til að pósthleggia skrifleg atkvæði er til 17. mars. Í kjörstjórn sitja Erna Bjarnadóttir, formaður, Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri LK, og Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri LS.

Sauðfjárræktarsamningur nemur 4.932 milljónum króna árið 2017 en endar í 4.470 milljónum árið 2026. Garðyrkjusamningur er að verðmæti 551 milljón króna árið 2017 en við lok samningstíma árið 2026 nemur stuðningur við garðyrkjuna 533 milljónum króna. Verðtryggingarákvæði eru í samningunum. Gerð er hag-ræðingarkrafa í samningunum sem nemur 0,5% fyrstu 5 ára samninganna en 1% næstu 5 ár á eftir. Þetta á við um alla þætti samninganna nema þeim sem lúta að niðurgreiðslu raforku og framlögum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Heildarútgjöld ríkisins vegna samninganna verða nánast þau sömu í lok samningstímans (á föstu verðlagi) og þau eru nú. Sett er þak á stuðning í alla samningana þannig að enginn framleiðandi getur fengið meira en ákveðið hlutfall af heildarframlögum.

Bændafundir

Bændafundir verða haldnir um allt land eftir Búnaðarþing í vikunni 7. mars til 11. mars. Þar verður farið yfir efni samninganna og bændum gefst færi á að ræða niðurstöðurnar.

Efnisyfirlit

Rammasamningur	» bls. 30
Bændafundir	» bls. 31
Nautgriparæktarsamningur	» bls. 32
Dæmi um áhrif samninga	» bls. 33
Sauðfjárræktarsamningur	» bls. 34
Garðyrkjusamningur	» bls. 36

RAMMASAMNINGUR ríkis og bænda

– um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparæktar og sauðfjárræktar á árunum 2017 til 2026

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bændasamtök Íslands gera með sér svohljóðandi rammamasamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparæktar og sauðfjárræktar á árunum 2017 til 2026:

1. gr.

Inngangur og markmið

Meginmarkmið samnings þessa er að efla íslenskan landbúnað og skapa greininni sem fjölbreyttust sóknarfæri. Samningnum er ætlað að skapa landbúnaðinum ramma til að auka verðmætasköpun og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls. Sú uppbygging þarf að fara fram á grundvelli sérstöðu, sjálfbærni og fjölbreytni. Í því skyni eru í samningnum ný verkefni sem ætlað er að treysta stöðir landbúnaðarins og ýta undir framþróun og nýsköpun.

1.2 Markmið:

- Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu búvara ásamt stuðningi ríkisins stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og fjölbreyttu framboði gæða-afurða á sanngjörnu verði.
- Að tryggja að bændum standi til boða leiðbeiningaþjónusta og skýrsluhaldshugbúnaður til að styðja við framgang markmiða samningsins.
- Að við búvöruframleiðsluna sé gætt sjónarmiða um velferð dýra, heilnæmi afurða, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu.
- Að auka vægi lífrænnar framleiðslu.
- Að stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu bænda.
- Að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.

2. gr.

Skilyrði greiðslna og greiðslutilhögun

2.1 Þeir framleiðendur einir fá greiðslur samkvæmt samningi þessum sem stunda landbúnað á lögbýli/garðyrkjubýli, eru með virðisaukaskattsnúmer og að starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.

2.2 Hjón og sambýlisfólk sem standa saman að búrekstri geta óskað eftir að greiðslum samkvæmt samningnum sé skipt jafnt á milli aðila.

2.3 Fjárhæðir til einstakra verkefna á samningstímanum eru tilgreindar í töflu í viðauka I.

3. gr.

Leiðbeiningaþjónusta

3.1 Bændasamtök Íslands ráðstafa fjármunum sem ætlaðir eru til leiðbeiningaþjónustu samkvæmt samningi þessum. Samtökin hafa heimild til að ráðstafa þeim til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf (RML). Jafnframt



Veigamiklar breytingar fela það í sér að nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði verða auðveldari en verið hefur. Hér eru bændurnir Guðrún Eik Skúladóttir og Óskar Már Jónsson sem eru nýtekin við búskap á Tannstaðabakka í Hrútafirði.

Mynd / smh

er samtökunum heimilt að ráðstafa fjármunum til að mæta kostnaði við úttektir samkvæmt grein 5.

3.2 Megináherslur á einstökum sviðum eru eftirfarandi:

- Jarðrækt:** Efling ræktunar- menningar, hagkvæm fôður-öflun með lágmarks röskun umhverfis. Viðhald ræktunar, endurræktun - gras, græn-fôður og korns. Markviss áburðarnotkun með tilliti til hagkvæmni og umhverfissjónarmiða, þar með talin hámarksnýtingu búfjáráburðar. Styrking innlendrar fôður-framleiðslu.
- Garðyrkja - ylrækt:** Gæðastýring með tilliti til hagkvæmni og lágmarks notkunar hjálparefna. Þróun raflýsingar, átak í framleiðniaukningu, lenging uppskerutíma og aukin fjölbreytni í ræktun.
- Búfjárrækt:** Aukin afurðasemi, fjölbreyttari og betri afurðir, hraustir og endingargóðir gripir og hagkvæmari framleiðsla. Áframhaldandi þróun og nýting bestu kynbótaaðferða, stöðugt endurmat á ræktunarmarkmiðum með tilliti til óska neytenda og aukin þátttaka bænda í kynbótastarfi.
- Rekstrar- og fjármálaráðgjöf:** Áhersla er lögð á samvinnu og tengingu við aðgerðaáætlanir í búrekstri, s.s. fôður- og áburðaráætlanir. Ennfremur mat á hagkvæmni og arðsemi fjárfestinga í búrekstri.
- Lífrænn búskapur:** Kannaðar verði markaðslegar forsendur fyrir lífrænar afurðir og hve vel tilteknar jarðir og framleiðsla hentar til aðlögunar að lífrænum búskap.
- Sjálfbær þróun og landnýting:** Stuðlað verði að sjálfbærni í landnotum með markvissari beitarstjórn og fræðslu, m.a. um mikilvægi ræktarlands og líffræðilegrar fjölbreytni.
- Byggingar og bútækni:** Sérstök áhersla er lögð á ráðgjöf tengda bústjórn með hliðsjón af breyttum búskaparháttum, breytttri tækni og nýjum reglugerðum um velferð dýra.

3.2 Bændasamtök Íslands skulu greiða kostnað vegna hækkunar á lífeyri fyrrverandi starfsmanna við leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði af þeim fjármunum sem ætlaðir eru til leiðbeiningaþjónustu samkvæmt grein 3.1.

4. gr.

Kynbótaverkefni

4.1 Bændasamtök Íslands ráðstafa fjármunum sem ætlaðir eru til kynbótaverkefna samkvæmt samningi þessum. Þar skal einkum litið til verkefna eins og kynbótaskeyrsluhalds og ræktunar- og eingrunarstöðva. Til viðbótar skal líta til verkefna á sviði plöntukynbóta einkum stofnuðsæðisræktunar kartaflna og úrvalsathuguna garðplantna.

5. gr.

Jarðræktarstyrkir og landgreiðslur

5.1 Matvælastofnun ráðstafa þeim fjármunum sem ætlaðir eru til jarðræktar samkvæmt samningi þessum. Framlögum mun á samningstímanum verða varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnunum, kornræktar og ræktunar annarra fôðurjurta og útiræktunar á grænmeti. Heimilt er að greiða stuðning vegna ágangs álfta og gæsa á ræktarlöndum bænda.

5.2 Matvælastofnun ráðstafa þeim fjármunum sem ætlaðir eru til landgreiðslna samkvæmt samningi þessum. Landgreiðslur skulu greiddar út á allt ræktað land sem er uppskorið til fôðuröflunar. Ekki er greitt út á land sem eingöngu er nýtt til beitar. Skilyrði fyrir greiðslum er að til sé viðurkennt túnkort fyrir spildur sem sótt er um framlög fyrir og spildurnar séu uppskornar á því ári þegar framlag er greitt enda liggja fyrir uppskeruskráning.

5.3 Framleiðandi getur ekki fengið framlög samkvæmt grein 5.1 og 5.2 fyrir sömu spildur á sama ári. Gangi fjármunir ekki út samkvæmt grein 5.1 eða 5.2 er heimilt að færa eftirstöðvar á milli liðanna.

6. gr.

Nýliðun

6.1 Matvælastofnun ráðstafa þeim fjármunum sem ætlaðir eru til nýliðunar samkvæmt samningi þessum. Markmið þeirra er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði.

7. gr.

Lífræn framleiðsla

7.1 Matvælastofnun ráðstafa þeim fjármunum sem ætlaðir eru til aðlögunar að lífrænum framleiðslu- háttum samkvæmt samningi þessum. Markmið þeirra er að aðstoða framleiðendur við að uppfylla þær kröfur sem lífræn búvöruframleiðsla hefur í för með sér og auka framboð slíkra vara á markaði. Fjármunirnir eru ætlaðir til að styðja við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum.

8. gr.

Mat á gróðurauðlindum

8.1 Samningsaðilar eru sammála um að standa fyrir verkefni um mat á gróðurauðlindum á samningstímanum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar faghóp sem falin verður umsjón með verkefninu. Hlutverk hans verður meðal annars að draga saman rannsóknir sem fyrir liggja um efnið og beita sér fyrir frekari rannsóknum. Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast vörslu þeirra fjármuna sem varið verður til verkefnisins.

9. gr.

Geittfjárrækt

9.1 Matvælastofnun ráðstafa þeim fjármunum sem ætlaðir eru til geittfjárræktar samkvæmt samningi þessum. Markmið þeirra er að auka framboð geittfjárafurða og styðja við verndun og ræktun íslensku geitarinnar.

10. gr.

Fjárfestingastyrkir í svínarækt

10.1 Matvælastofnun ráðstafa þeim fjármunum sem ætlaðir eru til fjárfestingastyrkja í svínarækt samkvæmt samningi þessum. Markmið

þeirra er að auðvelda sérstaklega smærri svínabúum að hraða því að standast nýjar kröfur um aðbúnað svína.

11. gr.

Þróunarfjármunir búgreina

11.1 Framleiðnisjóður landbúnaðarins ráðstafa þeim fjármunum sem ætlaðir eru til þróunarverkefna í garðyrkju, nautgriparækt og sauðfjárrækt, samkvæmt samningi þessum, að fenginni umsögn fagrada í viðkomandi greinum. Markmið þeirra er að styðja við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í framangreindum greinum. Skipting framlaga milli búgreina skal vera með þeim hætti að 38% renni til garðyrkju, 14% til nautgriparæktar og 48% til sauðfjárræktar.

11.2 Samningsaðilar eru sammála um að fram að endurskoðun árið 2019 verði í samráði við Framleiðnisjóð landbúnaðarins afmarkaðir fjármunir til þróunarstarfs í öðrum búgreinum en kveðið er á um í grein 11.1.

12. gr.

Skógarafurðir

12.1 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ráðstafa framlögum, sem ætluð eru til átaksverkefna skógarbænda, til Landssamtaka skógareigenda. Markmið framlaganna er að auka virði skógarnytja, efla áframvinnslu hráefnis, vöruþróun og vöruframboð og stuðla þannig að aukinni arðsemi skógræktar. Landssamtök skógareigenda skulu skila árlegri skýrslu til ráðuneytisins um ráðstöfun fjármunanna.

13. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

13.1 Á samningstímanum verða greidd árleg framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem sjóðurinn úthlutar til stuðnings atvinnuuppbyggingu í sveitum samkvæmt lögum nr. 89/1966 um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

13.2 Samningsaðilar munu beita sér fyrir endurskoðun gildandi laga um sjóðinn. Samhliða verði

mótaðar áherslur verkefna sjóðsins á samningstímanum. Stefnt skal að því að endurskoðuð lög taki gildi á árinu 2017.

14. gr.
Erfðanefnd landbúnaðarins

14.1 Samningsaðilar eru sam-mála um að erfðanefnd landbúnað-arins skuli tryggð árleg afmörkuð framlög á samningstímanum vegna verkefna nefndarinnar eins og þau eru skilgreind í búnaðarlögum nr. 70/1998, með síðari breytingum. Þá skal nefndin einnig sinna verkefn-um sem sérstaklega varða verndun búfjárstofna.

15. gr.
Gjaldtaka vegna veittrar þjónustu til notenda

15.1 Bændasamtök Íslands og aðrir aðilar sem fara með verk-efni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, geta tekið gjald fyrir þá þjónustu sem þau veita á grundvelli þessa samnings, sbr. heimild til slíkrar gjaldtöku í 3. mgr. 3. gr. bún-aðarlaga nr. 70/1998 og samkvæmt gjaldskrám sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir.

16. gr.
Ábyrgð og málsmeðferð

16.1 Fjárhagsleg ábyrgð ríkis-ins vegna samningsins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru tilgreindar í samningi þessum.

16.2 Bændasamtök Íslands bera ábyrgð á framkvæmd þeirra þátta samningsins sem þeim er falið að annast.

Viðauki I Fjárhæðir í m.kr.										
Rammi	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Leiðbeiningaþjónusta - 3. grein	519	503	486	467	450	432	414	396	378	359
Kynbótaverkefni - 4. grein	60	59	59	58	58	58	57	57	56	56
Jarðræktarstyrkir - 5. grein	369	366	365	361	359	356	353	350	347	344
Framleiðnisjóður landbúnaðarins - 13. grein	128	128	128	128	128	128	128	128	128	128
Þróunarfjármunir búgreina - 11. grein	92	91	91	90	90	89	88	87	86	86
Lífræn framleiðsla - 7. grein	35	34	34	34	34	33	33	33	33	32
Skógarafurðir - 12. grein	15	15	15	15	14	14	14	14	14	14
Fjárfestingastyrkir í svínarækt - 10. grein	99	98	98	97	48	0	0	0	0	0
Landgreiðslur - 5. grein	247	246	245	342	341	339	337	335	333	331
Mat á gróðurauðlindum - 8. grein	30	30	29	29	29	29	28	28	28	28
Nýliðun - 6. grein	128	127	126	125	124	123	122	121	120	119
Geitfjárrækt - 9. grein	15	15	15	15	14	14	14	14	14	14
Erfðanefnd landbúnaðarins - 14. grein	7	7	7	7	7	7	7	7	7	6
Samtals rammasamningur	1.743	1.719	1.699	1.766	1.697	1.622	1.595	1.569	1.542	1.516

16.3 Bændasamtökum Íslands er heimilt að fela aðildarfélögum sínum og/eða félagi sem er í eigu samtakanna og starfar á ábyrgð þeirra verkefni samkvæmt samn-ingi þessum enda samræmist það 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

17. gr.
Eftirlit með samningi

17.1 Sjávarútvegs- og land-búnaðarráðherra hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

17.2 Sjávarútvegs- og landbún-aðarráðherra skal hafa aðgang að öllum upplýsingum sem Bænda-samtök Íslands skrá vegna fram-

kvæmdar samningsins. Bændasam-tökum Íslands ber að skrá hverjir eru viðtakendur framlaga sem þau ráðstafa á grundvelli samningsins, fjárhæð framlaga, verkefni sem framlög renna til og dagsetningu greiðslna. Bændasamtök Íslands skulu skrá sérstaklega formlegar kvartanir sem berast vegna fram-kvæmdar samningsins og enn frem-ur hvaða meðferð kvartanir fá hjá samtökunum.

17.3 Bændasamtök Íslands skila árlega yfirliti til sjávarút-vegs- og landbúnaðarráðherra um heildarfjárhæðir greiddra framlaga og skulu fjárhæðir vera sundur-greindar á milli verkefna eða við-fangsefna sem framlags geta notið.

17.4 Bændasamtök Íslands halda fjárreiðum sem samningur þessi nær til aðgreindum í ársreikn-ingi frá annarri starfsemi sinni.

18. gr.
Tilfærslur

18.1 Heimilt er samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga að færa upphæð-ir milli einstakra liða samningsins, allt að 20% árlega af hverjum lið.

19. gr.
Verðlagsuppfærsla

19.1 Árleg framlög samkvæmt samningi þessum miðast við forsend-ur fjárlaga fyrir árið 2016, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs (með-altal ársins) verður önnur en verð-lagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn leiðréttur í fjárlögum næsta árs.

20. gr.
Endurskoðun samnings

20.1 Endurskoðun samnings fer fram tvisvar á samningstímanum ár-in 2019 og 2023. Við endurskoðanir verður fyrst og fremst horft til þess hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir og það metið í samhengi við samninga um starfsskilyrði garð-yrkju, nautgriparæktar og sauðfjár-ræktar. Við síðari endurskoðun geta aðilar ákveðið að hefja viðræður um nýjan samning sem geti tekið gildi árið 2025.

21. gr.
Fyrirvarar

21.1 Samningur þessi er gerð-ur með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuld-bindingum Íslands sem leiða af ákvörðun Alþingis.

22. gr.
Gildistími og framkvæmd

22.1 Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2026.

22.2 Sjávarútvegs- og landbún-aðarráðherra setur reglugerð um fyr-irkomulag styrkveitinga samkvæmt grein 5, 6, 7, 8, 9 og 10, þar sem kveðið skal á um umsóknarfresti, viðmiðanir við styrkveitingar, skilyrði fyrir greiðslum framlaga, upphæðir framlaga og skerðing-arákvæði. Jafnframt skal kveðið á um skráningu lands og spildna, úttektir og stærðarmörk vegna framlaga samkvæmt grein 5. Sjáv-arútvegs- og landbúnaðarráðherra setur einnig reglugerð um umsóknar-fresti, greiðslutilhögun, skilyrði fyrir greiðslum, skýrsluskil og birtingu

niðurstaðna vegna styrkveitinga Framleiðnisjóðs landbúnaðarins samkvæmt grein 11.2.

22.3 Samningsaðilar skulu hafa reglubundið samráð um framkvæmd samningsins og fer það samráð fram á vettvangi framkvæmdanefndar bú-vörusamninga. Framkvæmdanefndin skal á samningstímanum afla upplýs-inga um þróun framleiðslu og sölu á landbúnaðarafurðum, afurðaverð, inn- og útfutning landbúnaðar-afurða, afkomuþróun í landbúnaði auk annarra upplýsinga sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd samnings þessa, sem og framkvæmd samn-inga um starfsskilyrði nautgripa-ræktar, sauðfjárræktar og garðyrkju. Nefndin skal á grundvelli framan-greindra upplýsinga taka ákvarðanir um tilfærslur milli liða í samningi þessum og með sambærilegum hætti í samningum um starfsskilyrði naut-griparæktar, sauðfjárræktar og garð-yrkju.

22.5 Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsefni. Aðilar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dómsins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir samningsaðila.

22.6 Samningur þessi er undir-ritaður f.h. ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis.

22.7 Samningur þessi er gerð-ur í þremur samhljóða eintökum. Skulu Bændasamtök Íslands halda einu, sjávarútvegs- og landbúnað-arráðherra einu og fjármála- og efnahagsráðherra einu.

Bókun um byggðamál

Samningsaðilar eru sammála um að ráðast í starf sem miðar að því að treysta innviði og bú-setu í sveitum. Í því felist meðal annars að finna skilgreindar leiðir sem stuðla að aukinni sjálfbærni sveitanna, eflingu framleiðslu og úrvinnslu matvæla ekki síst svo að meiri virðisauki verði í byggð-unum. Sérstaklega verði skoðuð uppbygging innviða, svo sem samgangna, fjarskipta og raforku. Einnig möguleika sveitanna og framlag þeirra til þátttöku í að-gerðum vegna loftslagsmála. Þá verði litið til úrræða til að treysta fjárhag bænda og greiða enn frekar fyrir ættliðaskiptum á bújörðum.

Til þess að koma þessu í fram-kvæmd mun sjávarútvegs- og land-búnaðarráðherra skipa samstarfs-vettvang samningsaðila vorið 2016 sem hafi það að markmiði að gera tillögur um aðgerðir sem stuðla að ofangreindum markmiðum.



Mynd / smh

Bændafundalota fram undan:
Viðamikil kynning á samningunum

Nýju búvörusamningarnir verða kynntir meðal bænda í funda-ferð sem hefst í vikunni eftir Búnaðarþing mánudaginn 7. mars. Þar gefst bændum kostur á að ræða niðurstöður samning-anna við forystumenn bænda sem koma m.a. fram með dæmi um áhrif breytinganna.

Efni samninganna er aðgengi-legt á vefsíðu Bændasamtakanna, www.bondi.is. Til stendur að setja glærur með skýringum inn á Bændatorgið áður en funduferðin hefst. Þá geta bændur mætt undir-búnir til leiks á fundina. Að sama skapi er minnt á reiknivél inni á vefsíðu Ráðgjafarmiðstöðvar land-búnaðarins þar sem bændur geta mátað sín bú inn í reiknilíkan. Nánar er fjallað um reiknivélina og nokkur dæmi tekin á bls. 33.

Fundataflan er birt með fyrirvara um breytingar. Fundirnir verða nánar auglýstir á vefnum bondi.is og með útvarpsauglýsingum til áminningar þegar þar að kemur. /TB



Dagsetningar		Svæði	Fundar-staður	Tími
mánudagur	7. mars	Ísafjörður	Hótel Ísafjörður	12:00
mánudagur	7. mars	Hornafjörður	Mánagarður í Nesjum	12:00
mánudagur	7. mars	Kirkjubæjar-klaustur	Kirkjuhovoll	20:30
þriðjudagur	8. mars	Kjós	Ásgarður	12:00
þriðjudagur	8. mars	Rangárþing	Goðaland	12:00
þriðjudagur	8. mars	Árnessýsla	Þingborg	20:30
þriðjudagur	8. mars	Borgarnes	Hótel Borgarnes	20:30
miðvikudagur	9. mars	Strandir	Sævangur	12:00
miðvikudagur	9. mars	Snæfellsnes	Breiðablik	12:00
miðvikudagur	9. mars	Húnavatns-sýslur	Víðihlið	20:30
miðvikudagur	9. mars	Dalir	Dalabúð	20:30
fimmtudagur	10. mars	Barðaströnd	Birkimelur	12:00
fimmtudagur	10. mars	Vopnafjörður	Kaupvangur	12:00
fimmtudagur	10. mars	Sauðárkrókur	Langamýri	12:00
fimmtudagur	10. mars	Egilsstaðir	Hótel Icelandair	20:30
fimmtudagur	10. mars	Eyja fjörður	Hlíðarbær	20:30
föstudagur	11. mars	Kópasker	Fjallalamb	12:00
föstudagur	11. mars	S-Þingeyjar-sýsla	Breiðamýri	20:30

Samningur þessi felur í sér stefnumörkun um breytingar á því kerfi sem verið hefur við lýði síðasta aldarfjórðung. Stefnt er að því að greiðslumarkið fjari út á samningstímanum, bæði sem viðmiðun fyrir beingreiðslur og kvóti sem tryggir forgang að inn-anlandsmarkaði. Ákvörðun um afnám kvóta árið 2021 verður þó ekki tekin fyrr en á árinu 2019. Stuðningsformi ríkisins er breytt og byggist á fleiri viðmiðum en áður. Samið er um breytt fyrir-komulag við verðlagningu mjólk-ur. Þá er í samningnum tekinn upp með nýjum hætti stuðningur við framleiðslu á nautakjöti.

1. gr.

Markmið samningsins

1.1 Meginmarkmið samnings þessa er að efla íslenska nautgripa-rækt, skapa greininni sem fjölbreytt-ust sóknarfæri og undirbúa hana undir áskoranir næstu ára. Samn-ingnum er ætlað að hvetja til þró-unar og nýsköpunar í greininni með heilnæmi og gæði afurða, velferð dýra og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.

- Að almenn starfsskilyrði í fram-leiðslu og vinnslu nautgripa-afurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppn-ishæfni og lægra vöruverði.
- Að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.
- Að stuðla að fjölbreyttu framboði gæðaafurða á sanngjörnu verði fyrir innanlandsmarkað.
- Að gætt sé sjónarmiða um dýravel-ferð og heilnæmi afurða.
- Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni og skapa aðstæður til að nýta sóknarfæri á erlendum mörkuðum.
- Að greinin geti endurnýjað fram-leiðsluaðstöðu í samræmi við auknar kröfur um aðbúnað og velferð gripa.

2. gr.

Skilyrði greiðslna

2.1 Þeir einir fá greiðslur sam-kvæmt samningi þessum sem stunda nautgriparækt á lögbýli, eru með virð-isaukaskattsnúmer og að starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hag-stofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.

2.2 Skilyrði fyrir greiðslum er þátttaka í afurðaskýrsluhaldi Bænda-samtaka Íslands og fullnægjandi skil á skýrslum.

2.3 Hjón og sambylislífólk sem standa saman að búrekstri geta óskað eftir að greiðslum samkvæmt samn-ingnum sé skipt jafnt á milli aðila.

3. gr.

Greiðslumark mjólkur

3.1 Heildargreiðslumark mjólk-ur og greiðslumark einstakra lögbýla skal ákveðið fyrir árin 2017-2020 með sama hætti og fyrir árið 2016. Heildar-greiðslumark fellur niður þann 1. jan-úar 2021 nema annað verði ákveðið við endurskoðun samningsins 2019. Greiðslumark einstakra lögbýla heldur gildi sínu, með áorðnum breytingum, sem viðmið fyrir beingreiðslur (áður A-greiðslur) til 31. desember 2025.

3.2 Greiðslur út á greiðslumark (áður A-greiðslur) breytast í samræmi við töflu 1 í viðauka 1.

3.3 Framleiðslukvöð til að fá fullar greiðslur út á greiðslumark (áður A-greiðslur) skal ákveðin árlega, til og með 2020, samkvæmt tillögu fram-kvæmdanefndar búvörusamninga. Greiðslumark framleiðenda þar sem engin framleiðsla fer fram í a.m.k. heilt verðlagsár innleysir ríkið án þess að bætur komi fyrir. Áður en til þess

SAMNINGUR UM starfsskilyrði nautgriparæktar

Viðauki I Fjárhæðir í m.kr.										
Nautgripir	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Greiðslur út á greiðslumark - 3. grein	1.942	1.934	1.927	1.633	1.355	1.074	798	527	260	0
Greiðslur út á innvegna mjólk - 4. grein	2.629	2.619	2.609	2.688	2.949	3.193	3.431	3.665	3.894	4.117
Gripagreiðslur - mjólkurkýr - 5. grein	1.175	1.171	1.166	1.298	1.293	1.282	1.271	1.259	1.248	1.237
Gripagreiðslur - holdakýr - 5. grein	141	140	140	156	155	154	152	151	150	148
Framleiðslujafnvægi - 6. grein	99	98	98	97	97	96	95	94	93	92
Kynbótastarf - 7. grein	197	196	196	193	193	191	189	188	186	184
Fjárfestingastuðningur - 8. grein	193	192	191	189	188	187	185	183	182	180
Nautakjötsframleiðsla - 9. grein	173	98	121	143	166	186	184	182	181	179
Samtals nautgripasamningur	6.550	6.449	6.448	6.398	6.396	6.363	6.305	6.249	6.193	6.138

kemur er framleiðendum heimil inn-lausn samkvæmt grein 3.5.

3.4 Viðskipti með greiðslumark milli handhafa eru óheimil frá gild-istöku samningsins. Tilfærsla þess milli lögbýla er óheimil frá þeim tíma, nema milli lögbýla í eigu sama aðila, sjá þó greinar 3.5 og 3.6.

3.5 Ríkið hefur innlausnar-skyldu á greiðslumarki gagnvart þeim sem óska eftir henni á árunum 2017-2019. Innlausn fari fram með þeim hætti að greiðslumarkshafi fái greitt tvöfalt núvirt andvirði greiðslna út á greiðslumark (áður A-greiðslna) sem eftir eru. Matvælastofnun annast innlausn og sölu greiðslumarks.

3.6 Greiðslumark sem innleyst er samkvæmt grein 3.5 skal boðið til sölu á því verði sem ríkið greiddi við innlausn. Greiðslumark innleyst sam-kvæmt grein 3.3 skal boðið til sölu á sama verði. Framleiðendur sem teljast nýliðar eða hafa framleitt a.m.k. 10% umfram greiðslumark á árunum 2013-2015 skulu hafa forgang að kaupum upp að ákveðnu marki. Komi til þess að innleyst greiðslumark seljist ekki þannig að ekki verði jöfnuður á inn-lausn og sölu greiðslumarks skal því mætt með skerðingu á öðrum liðum samningsins samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamn-inga.

4. gr.

Greiðslur út á innvegna mjólk

4.1 Greiðslur á innvegna mjólk (áður B og C-greiðslur) eru greiddar mánaðarlega á alla innvegna mjólk óháð greiðslumarki. Heildarupphæð árlegs stuðnings skiptist í 12 jafna hluta þannig að jafnhá upphæð er greidd í hverjum mánuði óháð fram-leiðslumagni. Upphæðin í hverjum mánuði deilist jafnt á alla innvegna lítra í þeim mánuði.

4.2 Greiðslur á innvegna mjólk breytast í samræmi við töflu 1 í við-auka 1.

5. gr.

Gripagreiðslur

5.1 Gripagreiðslum skal rádstaf-að til aðila sem eiga kýr, sem skráðar eru í afurðaskýrsluhaldi og bera kálfi a.m.k. annað hvert ár. Heildargripa-greiðslur verða eins og sýnt er í töflu 1 í viðauka I. og skiptast þær í tvo flokka, mjólkurkýr og holdakýr. Skipt-ing heildarupphæðar milli flokkanna miðast í upphafi við 25.000 mjólkur-kýr og 3.000 holdakýr. Sú skipting verður endurskoðuð árlega af fram-kvæmdanefnd búvörusamninga. Ár-lega verður greiðslum sem til ráðstöf-unar eru í hvorum flokki deilt á allar skýrslufærðar kýr í viðkomandi flokki. Greiðslur til hvers framleiðanda ráðast af fjölda kúa á hverju búi samkvæmt töflu 2 í viðauka I.

6. gr.

Framleiðslujafnvægi

6.1 Fjárhæðum samkvæmt þessum lið verður ráðstafað ef bregð-ast þarf við breytingum í framboði og eftirspurn á markaði. Árlegar fjárhæð-ir eru sýndar í töflu 1 í viðauka 1. Af þessum lið verður heimilt að ráðstafa fjármunum í eftirtalin verkefni:

- Eflingu á markaðsfærslu naut-gripaafurða.
- Sérstakar uppbætur fyrir slátrun kálfa og kúa.
- Tilfærslu í aðra framleiðslu á kúa-búum.
- Tímabundnar býlisgreiðslur óháð-ar framleiðslu.

6.2 Framkvæmdanefnd búvöru-samninga gerir tillögu um ráðstöfun fjár samkvæmt þessari grein. Verði fjármunir samkvæmt grein 6.1 ekki nýttir á viðkomandi ári skal þeim ráð-stafað á aðra liði samningsins.

7. gr.

Kynbótastarf

7.1 Veitt verða framlög vegna kynbóta- og sæðingastarfsemi í nautgriparækt samkvæmt töflu 1 í viðauka 1.

8. gr.

Fjárfestingastuðningur

8.1 Fjárfestingastuðningur verður greiddur samkvæmt töflu 1 í við-auka 1. Tilgangur hans er að stuðla að hagrævæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði nautgripa og aukinni um-hverfisvernd. Greidd verða framlög vegna nýframkvæmda og endurbóta á eldri byggingum sem varða umhverfi, aðbúnað og velferð gripa. Framlög geta numið allt að 40% stofnkostn-aðar, en hver framleiðandi getur þó ekki fengið hærra framlag en 10% af árlegri heildarupphæð fjárfestinga-stuðningsins.

9. gr.

Greiðslur vegna nautakjötsfram-leiðslu

9.1 Veittur verður stuðningur við framleiðslu nautakjöts sem hefur það að markmiði að auka framboð og gæði nautakjöts. Árlegar greiðsl-ur verða samkvæmt töflu 1 í viðauka 1 og verður framlögum ráðstafað annars vegar til einangrunarstöðvar vegna innflutnings á erlðæfni holda-nautgripa og hins vegar til að greiða sláturálag á nautakjöt sem uppfyllir tilgreindar gæðakröfur.

9.2 Á fyrsta ári samningsins renna 100 m.kr. til stofnkostnað-ar við einangrunarstöðina. Fram-kvæmdanefnd búvörusamninga ákvarðar að öðru leyti ráðstöfun

framlaga samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Tilfærslur og hámarksgreiðslur

10.1 Heimilt er samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar bú-vörusamninga að færa upphæðir milli einstakra liða samningsins, allt að 20% árlega af hverjum lið, öðrum en greiðslum út á greiðslumark sam-kvæmt grein 3.2.

10.2 Hver framleiðandi getur ekki fengið framlög sem nema hærra hlutfalli en 0,7% af árlegum heildar-framlögum samkvæmt samningi þess-um.

11. gr.

Verðlagsuppfærsla

11.1 Árleg framlög samkvæmt samningi þessum miðast við forsendur fjárlaga fyrir árið 2016, en taka ár-legum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs (með-altal ársins) verður önnur en verð-lagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn leiðréttur í fjárlögum næsta árs.

12. gr.

Verðlagning

12.1 Afurðastöðvum verður heimilað að verðleggja mjólk til fram-leiðenda og ákvarða heildsöluverð á mjólkurafurðum. Þó skal opinber aðili ákveða lágmarksverð til framleiðenda fyrir mjólk innan greiðslumarks fram til 1. janúar 2021, sem byggj á skil-greindri vísitölu framleiðslukostnaðar og upplýsingum um afkomu bænda. 12.2 Afurðastöð sem tekur á móti að minnsta kosti 80% mjólkur verður gert skylt að safna mjólk frá framleiðendum um land allt og greiða þeim sama verð óháð búsetu. Þá verður slíkri afurðastöð skylt að selja af-urðir á sama heildsöluverði hvar sem er á landinu. Einnig að selja öðrum vinnsluaðilum tiltekið magn af mjólk og mjólkurafurðum til frekari vinnslu samkvæmt verðskrá sem opinber aðili staðfestir. 12.3 Opinber aðili skal setja markaðsráðandi afurðastöð tekju-mörk á innlendum markaði. Tekju-mörk skulu taka mið af breytilegum og föstum kostnaði auk arðsemi sem skilgreind er af opinberum aðila. Bókhaldslegur aðskilnaður skal vera á innlendri og erlendri starfsemi mark-aðsráðandi afurðastöðvar.

13. gr.

Tollvernd

13.1 Sjávarútvegs- og land-búnaðarráðherra mun beita sér fyrir breytingu á tollalögum til að breyta magntollum á mjólkur- og undar-

Tafla 2 – Gripagreiðslur	
Útdeiling gripagreiðslna - mjólkurkýr	Hlutfall greiðslu
1-50 kýr	100%
51-100 kýr	75%
101-140 kýr	50%
141-180 kýr	25%
>180 kýr	0%
Útdeiling gripagreiðslna - holdakýr	Hlutfall greiðslu
1-200 kýr	100%
201-220 kýr	75%
221-240 kýr	50%
241-260 kýr	25%

rennudufti og ostum til sama raun-verðs og gildi í júní 1995.

14. gr.

Endurskoðun samnings

14.1 Endurskoðun samnings fari fram tvisvar á samningstímanum árin 2019 og 2023. Fyrst og fremst verði horft til þess hvernig framleiðslan hefur þróast, bæði í mjólk og nauta-kjöti, hvaða árangur hefur náðst við útflutning mjólkurafurða og hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir.

14.2 Við endurskoðun 2019 skal taka afstöðu til hvort kvótakerfi í mjólkurframleiðslu verði afnumið frá og með 1. janúar 2021. Verði niður-staðan sú að afnema ekki kvótakerfið mun framhald þess byggjast á grunni fyrra kerfis.

14.3 Við endurskoðun 2019 munu Bændasamtök Íslands láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal mjólk-urframleiðenda um hvort kvótakerfi í mjólkurframleiðslu skuli afnumið frá og með 1. janúar 2021.

14.4 Síðari endurskoðun skal fara fram árið 2023. Aðilar geti þá ákveðið að hefja viðræður um nýjan samning sem geti tekið gildi árið 2025.

15. gr.

Fyrirvarar

15.1 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuld-bindingum Íslands sem leiða af ákvörðun Alþingis.

16. gr.

Framkvæmd, gildistími og fyrir-varar

16.1 Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2026.

16.2 Samningsaðilar skulu hafa reglubundið samráð um framkvæmd samningsins og fer það samráð fram á vettvangi framkvæmdanefndar bú-vörusamninga. Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsefni. Aðil-ar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dóms-ins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir samningsaðila.

16.3 Sjávarútvegs- og landbún-aðarráðherra kveður nánar á um út-færslu einstakra verkefna samnings þessa í reglugerð.

16.4 Samningur þessi er undir-ritaður f.h. ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheim-ildir Alþingis. Af hálfu Bændasamtaka Íslands er samningur þessi undirritaður með fyrirvara um samþykki kúa-bænda.

16.5 Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum. Skulu Bændasamtök Íslands halda einu, Landssamband kúabænda einu, sjáv-arútvegs- og landbúnaðarráðherra einu og fjármála- og efnahagsráðherra einu.

Með nýjum samningi opnast ný tækifæri

Nýr samningur um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar felur í sér stefnumörkun um breytingar á því kerfi sem verið hefur við lýði síðasta aldarfjórðung að mati Landssambands kúabænda.

Stefnt er að því að greiðslumarkið fjari út á samningstímanum, bæði sem viðmiðun fyrir beingreiðslur og kvóti sem tryggir forgang að innanlandsmarkaði. Mikil umræða var á meðal kúabænda um örlög kvótakerfisins á meðan samninganefndin var að störfum. Niðurstaðan var sú að fresta ákvörðun til ársins 2019 um það hvort afnema skuli kvóta árið 2021. Kveðið er á um að ákvörðunin verði borin undir bændur í atkvæðagreiðslu þegar þar að kemur.

Stuðningsformi ríkisins er breytt og byggist á fleiri viðmiðum en áður. Samið er um breytt fyrirkomulag við verðlagningu mjólkur. Þá er í samningnum tekinn upp með nýjum hætti stuðningur við framleiðslu á nautakjöti.

Í tilkynningu sem Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, sendi frá samtökunum til fjölmiðla skömmu eftir



Baldur H. Benjamínsson.

undirskrift segir að það hafi verið afar mikilvægt að náðst hafi samningur um starfsskilyrði greinarinnar til næstu 10 ára. Ástæðan er sú að framleiðsluferlar í nautgriparækt eru langir og miklu skiptir að bændur sem starfa í greininni hafi möguleika á að horfa til langs tíma.

Ánægja með að stuðningur nái til framleiðslu nautakjöts

Fjárhagsrammi samningsins helst svipaður frá því sem nú er, jafnframt sem stuðningurinn er að stærstum hluta greiddur út á framleiðslu afurða eins og lagt var upp með í ályktun aðalfundar LK 2015 vegna búvörusamninga. Samtökin hafa lýst ánægju með að stuðningskerfið nái nú einnig til framleiðslu nautakjöts. Þau segja að nautgriparektin standi frammi fyrir margvíslegum áskorunum. Undanfarin ár hefur markaður hér á landi fyrir nautgripaafurðir stækkað hratt og líkur standa til að sú þróun haldi áfram. Það sé áfram meginverkefni íslenskra nautgripabænda að sinna innlendum markaði fyrir gæða afurðir á hagstæðu verði.

Kröfur samfélagsins um bættan aðbúnað og velferð gripanna, ásamt væntingum nýrra kynslóða bænda um betri og nútímalegri vinnu-aðstöðu, krefjast mikilla fjárfestinga á komandi árum að mati LK. Til að fjárhagslegur grundvöllur sé fyrir þeim fjárfestingum, er mikilvægt að stuðningur samfélagsins við greinina nýtist starfandi bændum betur en áður.

Baldur Helgi segir að þær breytingar sem verið er að gera á starfsumhverfinu séu þær mestu í þrjá áratugi og verða þær innleiddar í skrefum á fyrri hluta samningstímans. Hann segir jafnframt í niðurlagi: „Í samningnum eru einnig öflugir varnaglar, fari svo að mál þróist á verrri veg og eru endurskoðunarákvæðin árið 2019 og 2023 þar lykilatriði. Ákvæði samningsins um samstarf við úrvinnslu og markaðssetningu mjólkurafurða er afar mikilvægt, sem og viðurkenning á mikilvægi tollverndar mjólkurafurða. Staða smærri vinnsluaðila í mjólkuriðnaði og aðgengi þeirra að hráefni er jafnframt tryggt.

Með nýjum samningi um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar opnast fyrir ný tækfæri og nýjar lausnir, sem mikilvægt er að nýta í þágu greinarinnar og þeirra sem hana stunda.“

Reiknivél á Netinu

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur útbúið reiknivél fyrir bændur í töflureikninum Excel þar sem hægt er að skoða áhrif nýrra búvörusamninga á tekjur búa. Skjalið er aðgengilegt á rml.is og líka á bondi.is.

Innsláttarreitir eru litamerktir og geta bændur fært inn greiðslumark, búfjárfjölda og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Neðar í skjalinu birtast niðurstöður þess bús sem slegið er inn hverju sinni. Vilji notendur skoða annaðhvort nautgriparækt eða sauðfjárrækt skal setja „0“ í innsláttarreiti hinnar búgreinarinnar.

Vatnshallinn sem er á samningunum hefur veruleg áhrif á útkomuna – auk kerfisbreytinga og breyttrar forgangsstöðunar. Sauðfjársamningurinn er margþættari að þessu leyti en hinir samningarnir.

Dæmin sem sýnd eru í hér í Bændablaðinu eru unnin upp úr reiknivélinni á Netinu. Nokkrum árum á seinni hluta samningstímabilsins er sleppt vegna pláss. Á Netinu er hins vegar hægt að sjá öll árin.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Lind, ábyrgðarmaður í rekstrarráðgjöf, á netfangið je@rml.is.

Dæmi um áhrif samninga á mismunandi sauðfjár- og kúabú

Vatnshalli búvörusamninga * 100,0% 98,9% 98,6% 97,3% 94,6% 91,9%

Dæmi 1. Sauðfjárbú með 600 ærgildi og 600 vetrarfóðraðar kindur, innlegg er 1,25 lömb eftir kind og 16,2 kg meðalvig. Tún og ræktun 60 ha, þ.a. 10% með jarðræktarstyrk. Fast innleggsverð öll árin.

	2016	2017	2018	2019	2020	2023	2026
Greiðslur samkvæmt sauðfjársamningi	7.096.611	6.959.373	6.791.609	6.681.243	6.334.674	5.923.626	5.419.523
Greiðslur skv. rammasamningi	105.429	291.523	289.697	288.729	339.394	333.266	326.169
Samtals búgreinatekjur sauðfjár	7.740.000	7.740.000	7.740.000	7.740.000	7.740.000	7.740.000	7.740.000
Heildartekjur	14.942.040	14.990.896	14.821.306	14.709.971	14.414.068	13.996.892	13.485.691
Tekjubreyting frá upphafsári		100%	99%	98%	96%	93%	90%

Dæmi 2. Sauðfjárbú með 300 ærgildi og 210 vetrarfóðraðar kindur (0,7-reglan), innlegg er 1,25 lömb eftir kind og 16,2 kg meðalvig, 600 kr/kg afurðaverð. Tún og ræktun 22 ha, þ.a. 10% með jarðræktarstyrk.

Búið nýtur sérstaks svæðisstuðnings. Innleggsverð dilka hækkar um 2,5% árlega.

	2016	2017	2018	2019	2020	2023	2026
Greiðslur samkvæmt sauðfjársamningi	3.283.734	3.295.251	3.315.170	3.261.291	3.071.145	2.700.155	2.257.953
Greiðslur skv. rammasamningi	35.143	102.114	101.486	101.143	119.971	117.829	115.343
Samtals búgreinatekjur sauðfjár	2.709.000	2.772.788	2.838.170	2.905.186	2.973.879	3.190.432	3.423.636
Heildartekjur	6.027.877	6.170.153	6.254.825	6.267.620	6.164.995	6.008.415	5.796.932
Tekjubreyting frá upphafsári		100%	101%	102%	100%	97%	94%

Dæmi 3. Kúabú með 250.000 lítra framleiðslu og sama greiðslumark, 45 árskýr, 63 ha ræktun. Tún og ræktun 63 ha, þ.a. 10% með jarðræktarstyrk. Innleggsverð óbreytt öll árin.

	2016	2017	2018	2019	2020	2023	2026
Samtals nautgriparæktarsamningur	11.066.755	10.164.219	10.171.723	10.175.718	10.031.031	9.798.805	9.440.684
Greiðslur skv. rammasamningi	105.429	298.933	297.077	296.079	349.654	343.376	336.099
Samtals búgreinatekjur nautgriparæktar	25.253.700	25.253.700	25.253.700	25.253.700	25.253.700	25.253.700	25.253.700
Heildartekjur	36.425.884	35.716.851	35.722.500	35.725.497	35.634.386	35.395.881	35.030.483
Tekjubreyting frá upphafsári		100%	100%	100%	100%	99%	98%

Dæmi 4. Kúabú með 400.000 lítra framleiðslu og 300.000 lítra greiðslumark, 72 árskýr. Tún og ræktun 100 ha. þ.a. 10% með jarðræktarstyrk. Innleggsverð óbreytt og umframmjólk 40 kr/l öll árin.

	2016	2017	2018	2019	2020	2023	2026
Samtals nautgriparæktarsamningur	15.904.747	14.595.457	14.614.161	14.626.719	14.584.507	14.832.416	14.853.113
Greiðslur skv. rammasamningi	175.714	485.871	482.829	481.214	565.657	555.443	543.614
Samtals búgreinatekjur nautgriparæktar	40.405.920	35.966.920	35.966.920	35.966.920	35.966.920	35.966.920	35.966.920
Heildartekjur	56.486.381	51.048.248	51.063.909	51.074.854	51.117.085	51.354.779	51.363.648
Tekjubreyting frá upphafsári		100%	100%	100%	100%	101%	101%

Dæmi 5. Nautaeldi með 100 holdakýr, innlegg 50 naut á ári, 300 kg hvert naut. Afurðaverð 800 kr/kg. Tún og ræktun 140 ha. þ.a. 10% með jarðræktarstyrk.

	2016	2017	2018	2019	2020	2023	2026
Samtals nautgriparæktarsamningur	4.460.000	7.536.667	7.653.333	7.806.667	8.753.333	8.826.667	8.593.333
Hlutfall greiðslna skv. rammasamningi	246.000	680.220	675.960	673.700	791.920	777.620	761.060
Samtals búgreinatekjur nautgriparæktar	13.680.000	13.680.000	13.680.000	13.680.000	13.680.000	13.680.000	13.680.000
Heildartekjur	18.386.000	21.896.887	22.009.293	22.160.367	23.225.253	23.284.287	23.034.393
Tekjubreyting frá upphafsári		100%	101%	101%	106%	106%	105%

* Hlutfall af framlögum í samninga m.v. árið 2017.

Til að skoða „mitt bú“ eru settar inn upplýsingar um framleiðsluna. Hægt er að slá inn í alla bláa reiti, svo það má velja annað afurðaverð í upphafi en það sem hefur verið skráð inn, vilji menn nota sitt innleggsverð.

Eigi að skoða annaðhvort sauðfjár- eða nautgripaframleiðslu er sett 0 í framleiðslutölur hinnar greinarinnar.

Hér er sett inn ræktun og tún sem uppskorin eru og skráð eru/verða í jörð.is. Samtalan gefur heildarstærð.

Innsláttur í bláa reiti			
Viðmiðunartölur fyrir hvert bú. Árleg breyting hefur ekki áhrif á upphafsár eða magntölur hvers bús.	Mitt bú		Þín spá um þróun á landsvísu
Greiðslumark í sauðfé	300		
Vetrarfóðraðar kindur	210		0,00%
Fj. sláturlamba	252		0,00%
Meðalvig dilka	16,2		0,00%
Innlögð kg. dilka	4.082		0,00%
Svæðisbundinn stuðn. - skrá 1 eða 0	1		
Meðal innleggsverð dilka í upphafi	600		0,0%
Meðal innleggsverð ærkjöts í upphafi	180		0,0%
Greiðslumark í mjólk / innanlandsneysla	-		0,0%
Innvegin mjólk	-		0,0%
Fj. mjólkurkúa - árskýr	-		0,0%
Fj. holdakúa - árskýr	-		0,0%
Ungnautakjöt innlögð kg.	-		0,0%
Kýrkjöt innlögð kg.	-		0,0%
Afurðarstöðvarverð innanlands 2016	84,4		0,0%
Afurðarstöðvarverð umframmjólk 2017	40		0,0%
Meðalverð ungnautakjöts í upphafi	800		0,0%
Meðalverð kýrkjöts í upphafi	560		0,0%
Jarðarbætur, kornrækt ofl. ha.	2		Mínustala gefur
Annað uppskorið land ha.	20		fækkun/minnkun

Hér er hægt að velja að setja spá um þróun á landsvísu. Ef t.d. er sett -1% (mínus) við vetrarfóðraðar kindur er gert ráð fyrir að þeim fækki um 1% á ári út samningstímann, eða 10%. Ef sett er 2,5% á innleggsverð er reiknað með að það hækki um 2,5% á hverju ári, eða 28% á samningstímanum.

Þessar stærðir hafa ekki áhrif á framleiðslu míns bús, eingöngu einingaverðin sem reiknuð eru út samningstímann.

Samningur þessi felur í sér umtals-verðar breytingar á því kerfi sem verið hefur við lýði í síðustu samningum um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Samið er um að greiðslumarkmið fjari út á samningstím-anum. Stuðningsformi ríkisins er breytt, áhersla aukin á gæðastýrða framleiðslu, byggðatengdan stuðning og aukið virði sauðfjárafurða.

1. gr.
Markmið samningsins

1.1 Meginmarkmið þessa samnings er að efla íslenska sauðfjárrækt í sátt við samfélag og náttúru þar sem sérstaða, sjálfbærni, fjölbreytni og verðmætasköpun eru höfð að leiðarljósi. Það verði gert með því að hlúa að þeirri menningu sem tengist sauðfjárrækt um leið og stuðlað er að framþróun, nýsköpun, nýliðun og eflingu byggðar um allt land.

- Að stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu.
- Að treysta stoðir sauðfjárræktar í byggða- og atvinnulegu tilliti.
- Að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýstist sem best starfandi bændum.
- Að stuðla að fjölbreyttu framboði gæðaaafurða á sanngjörnu verði fyrir neytendur.
- Að efla gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og aðra þætti sem henni tengjast þar með talið velferð dýra, heilnæmi afurða, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu.
- Að efla markaðsstarf, nýsköpun og markaðsvitund í sauðfjárrækt með það fyrir augum að auka verðmætasköpun og möguleika greinarinnar til að nýta sóknarfæri á erlendum mörkuðum og gagnvart ferðamönnum.

2. gr.
Skilyrði greiðslna og greiðslutilhögun

2.1 Þeir einir fá greiðslur samkvæmt samningi þessum sem stunda sauðfjárrækt á lögbýli, eru með virðisaukaskattsnúmer og að starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.

2.2 Skilyrði fyrir greiðslum er þátttaka í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og fullnægjandi skil á skýrslum.

2.3 Hjón og sambýlisfólk sem standa saman að búrekstri geta óskað eftir að greiðslum samkvæmt samningum sé skipt jafnt á milli aðila.

2.4 Fjárhæðir til einstakra verkefna á samningstímanum eru tilgreindar í töflu 1 í viðauka I.

2.5 Heildargreiðslur hvers framleiðanda samkvæmt samningi þessum skulu áætlaðar eigi síðar en í febrúar hvert ár út frá greiðslum síðasta árs, fjölda ærgilda og fjölda vetrarfóðraðra kinda. Greiðslur til nýliða skal áætla út frá ærgildum og fjölda vetrarfóðraðra kinda. Fyrirkomulag greiðslna til framleiðenda skal nánar útfært í reglugerð en miðað er við að greiðsluflæði verði svipað og var í fyrri samningi.

3. gr.
Greiðslumark sauðfjárbúa og beingreiðslur

3.1 Greiðslumark lögbýla þann 1. janúar 2017 miðast við greiðslumark eins og það er skráð hjá Matvælastofnun eftir að búið er

SAMNINGUR UM starfsskilyrði sauðfjárræktar

Viðauki I Fjárhæðir í m.kr.										
Sauðfé	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Beingreiðslur - greiðslumark - 3. grein	2.506	2.267	2.205	1.944	1.635	1.319	1.046	777	422	
Gæðastýring - álagsgreiðslur - 4. grein	1.714	1.679	1.674	1.652	1.816	1.970	2.120	2.268	2.504	2.482
Gripagreiðslur - 5. grein				95	225	355	445	534	621	1.033
Eftirstöðvar eldri samnings - 17. grein	20									
Býlisstuðningur - 6. grein		194	242	239	238	235	233	231	229	227
Ullarnýting - 7. grein	446	437	436	430	428	424	420	417	413	409
Fjárfestingastuðningur - 9. grein		48	48	95	95	94	93	93	92	91
Svæðisbundinn stuðningur - 8. grein	99	145	145	143	143	141	140	139	138	136
Aukið virði afurða - 10. grein	148	145	145	95	95	94	93	93	92	91
Samtals sauðfjársamningur	4.932	4.916	4.896	4.694	4.675	4.633	4.591	4.550	4.510	4.470

að skrá tilkynningar um framsal sem skilað verður inn fyrir 15. janúar 2017.

3.2 Greiðslumark getur flust milli lögbýla til 31. desember 2020. Eftir það fellur heimild til framsals niður. Síðasti dagur til að tilkynna um framsal er 15. janúar 2021.

3.3 Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli til 31. desember 2020 og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að framselja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok.

3.4 Frá og með 1. janúar 2026 fellur greiðslumark úr gildi. Greiðslumark sem er óvirkt í þrjú ár samfelldt frá gildistöku samningsins til 31. desember 2025 fellur niður. Fjármunum sem þannig sparast skal ráðstafað á aðra liði samningsins að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga.

3.5 Beingreiðslur samkvæmt greiðslumarki breytast í samræmi við töflu 1 í viðauka I.

3.6 Til að fá fullar beingreiðslur þarf framleiðandi að eiga að lágmarki 0,7 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks. Þetta skilyrði fellur niður frá og með 1. janúar 2021.

3.7 Nái gripafjöldi ekki framan-greindu lágmarki skerðast beingreiðslur hlutfallslega. Beingreiðslum sem skerðast vegna þessa ákvæðis skal ráðstafa til annarra verkefna í samningnum samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga.

3.8 Handhafar greiðslumarks geta óskað eftir innlaun á greiðslumarki sínu frá gildistöku samningsins til 31. desember 2020. Ríkissjóður skuldbindur sig til að kaupa greiðslumarkið á núvirtu andvirði beingreiðslna tveggja næstu almanaksára eftir að innlausnar er óskað samkvæmt ákvæðum samningsins. Matvælastofnun annast innlaun greiðslumarks. Þeim fjármunum sem þannig losna síðar á samningstímanum skal ráðstafað á aðra liði samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga.

4. gr
Gæðastýring

4.1 Álagsgreiðslur greiðast á allt framleitt kindakjöt frá framleiðendum sem uppfylla kröfur um velferð búfjár, sjálfbæra landnýtingu, hollustu afurða og önnur skilyrði reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eins og hún er á hverjum tíma. Heimilt verður að beita stuðlum til að greiða mishátt

álag á einstaka flokka lambakjöts og ærkjöts eða vegna mismunandi sláturtíma. Markaðsráð kindakjöts gerir árlega tillögu til framkvæmdanefndar búvörusamninga sem ákveður hvort nýta beri heimild til notkunar stuðla og með hvaða hætti. Verði heimildin nýtt skal ákvörðun um stuðla fyrir ár hvert liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember árið á undan.

5. gr.
Gripagreiðslur

5.1 Gripagreiðslur greiðast á vetrarfóðraðar kindur frá 1. janúar 2020. Heimilt er að beita stuðlum til að greiða hærri greiðslur til nýliða. Framkvæmdanefnd búvörusamninga tekur ákvörðun um hvort nýta beri heimild til notkunar stuðla og með hvaða hætti. Við endurskoðun samningsins árið 2019 verði tekin ákvörðun um hvort gripagreiðslur skuli vera háðar þátttöku í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu.

6. gr.
Býlisstuðningur

6.1 Greiddur verður býlisstuðningur til framleiðenda frá og með árinu 2018. Markmið hans er að styrkja byggð og styðja við fjölskyldubú.

Býlisstuðningur	
Fjárfjöldabrep	Greiðsla pr. bú í flokki (kró-nutölubrep)
101-120	20.000
121-140	40.000
141-160	60.000
161-180	80.000
181-200	100.000
201-220	120.000
221-240	140.000
241-260	160.000
261-280	180.000
281-300	200.000
301-350	220.000
351-400	240.000
401-500	260.000
501-600	280.000
601-800	300.000
801-	320.000

6.2 Greidd verður föst fjárhæð til hvers framleiðanda sem fellur í ákveðna stærðarflokka eftir gripafjölda, samanber töflu 2 í viðauka I. Skilyrði fyrir greiðslu til hvers einstaks framleiðanda er að hann eigi fleiri en 100 vetrarfóðraðar kindur. Allir framleiðendur sem eiga fleiri en 800 vetrarfóðraðar kindur fá sömu fjárhæð í býlisstuðning.

7. gr.
Ullarnýting

7.1 Greiddur verður stuðningur við framleiðslu á ull á samningstím-anum. Greiðslur skulu miðast við framleitt magn, en einnig er heimilt að nýta hluta af stuðningnum til að greiða niður kostnað við söfnun á ull. Heimilt verður að beita stuðlum til að greiða mishátt álag á einstaka gæðaflokka ullar. Landssamtök sauðfjárbænda gera árlega tillögu til framkvæmdanefndar búvörusamninga um hvort nýta beri heimild til notkunar stuðla og með hvaða hætti.

8. gr.
Svæðisbundinn stuðningur

8.1 Greiddur verður sérstakur svæðisbundinn stuðningur á samningstímanum til framleiðenda á ákveðnum landssvæðum sem háðust eru sauðfjárrækt. Samningsaðilar eru sammála um að leita til Byggðastofnunar um að gera tillögu um skilgreiningu á þeim svæðum sem eigi kost á slíkum stuðningi. Stofnunin geri einnig tillögu um hvernig útdelingu skuli háttað. Svæði sem rétt eiga á stuðningi skal skilgreina í reglugerð að fenginni tillögu Byggðastofnunar. Endanlegt fyrirkomulag um útdelingu stuðnings skal einnig ákveðið í reglugerð að fenginni tillögu Byggðastofnunar og eftir umsögn framkvæmdanefndar búvörusamninga.

9. gr.
Fjárfestingastuðningur

9.1 Fjárfestingastuðningur verður greiddur samkvæmt töflu 1 í viðauka I. Tilgangur hans er að stuðla að bættum aðbúnaði sauðfjár og hagkvæmari búskaparháttum. Greidd verða framlög vegna nýframkvæmda og breytinga á byggingum til að bæta vinnuaðstöðu, aðbúnað og velferð gripa. Verkefni þurfa að kosta yfir 1 m.kr. til að vera styrkhæf. Framlög geta numið allt að 20% stofnkostnaðar, en hver framleiðandi getur þó ekki fengið herra framlag en 10% af



árlegri heildarupphæð fjárfestinga-
stuðningsins.

10. gr.

Aukið virði sauðfjárafurða

10.1 Á samningstímanum verður greiddur stuðningur til átaksværkefnis sem hafi það að markmiði að auka virði sauðfjárafurða og bæta afkomu bænda, sbr. töflu 1 í viðauka I. Markmið ataksværkefnisins er að vinna að auðkenningu íslenskra sauðfjárafurða, aukinni verðmætasköpun, sölu til ferðamanna og arðsemi útflutnings.

11. gr.

Tilfærslur og hámarksgreiðslur

11.1 Heimilt er samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga að færa upphæðir milli einstakra liða samningsins, allt að 20% árlega af hverjum lið, öðrum en beingreiðslum út á greiðslumark samkvæmt grein 3.

11.2 Hver framleiðandi getur ekki fengið framlög sem nema hærri hlutfalli en 0,4% af árlegum heildarframlögum samkvæmt samningi þessum.

12. gr.

Röskun framleiðsluskilyrða

12.1 Verði framleiðandi fyrir áföllum, svo sem vegna dýrasjúkdóma, náttúruhamfara, verðurfars eða annarra ástæðna sem skerða framleiðslumöguleika og tekjur er heimilt að ákveða að greiðslur samkvæmt samningi þessum skerðist

ekki, þótt almenn skilyrði um fjárfjölda og framleiðslu sé ekki uppfyllt tímabundið. Framleiðandi sem telur sig hafa orðið fyrir áföllum skal sækja um greiðslur samkvæmt greininni til Matvælastofnunar sem tekur ákvörðun um hvort skilyrði séu uppfyllt.

13. gr.

Verðlagning

13.1 Landssamtökum sauðfjárbænda er heimilt að gefa út viðmiðunarverð á sauðfjárafurðum. Viðmiðunarverðið er ekki bindandi fyrir kaupendur afurða. Verðlagning sauðfjárafurða er frjál á öllum sölustigum.

14. gr.

Verðlagsuppfærsla

14.1 Árleg framlög samkvæmt samningi þessum miðast við forsendur fjárlaga fyrir árið 2016, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs (meðaltal ársins) verður önnur en verðlagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn leiðréttur í fjárlögum næsta árs.

15. gr.

Endurskoðun samnings

15.1 Endurskoðun samnings fer fram tvisvar á samningstímanum árin 2019 og 2023. Fyrst og fremst verði horft til þess hvernig framleiðsla sauðfjárafurða og afkoma í greininni hefur þróast, hvaða árangur hefur náðst við útflutning og

hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir. Einnig skal skoða þróun í bústærð, fjölda búa eftir svæðum og fjárfjölda í landinu.

15.2 Fram að endurskoðun 2019 er stefnt að því að auka útflutningstekjur af sauðfjárrækt sem leiði til þess að hlutur bænda í heildarverðmætasköpun greinarinnar aukist um 7,5% að lágmarki. Þetta miðast við óbreyttan fjárfjölda í landinu og fast verðlag. Takist það ekki skal niðurtröppun beingreiðslna endurskoðuð.

15.3 Fjölgi fé í landinu yfir 10% frá gildistöku samningsins, fram til fyrri endurskoðunar árið 2019 skal endurskoða býlisstuðning bæði fjárhæðir og þrep. Sérstaklega skal hafa í huga við þá endurskoðun að styðja við byggð alls staðar í landinu.

15.4 Síðari endurskoðun skal fara fram árið 2023. Þá skal horfa til sömu þátta og við þá fyrri. Aðilar geta um leið ákveðið að hefja viðræður um nýjan samning sem geti tekið gildi árið 2025.

16. gr.

Fyrirvarar

16.1 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem leiða af ákvörðun Alþingis.

17. gr.

Gildistími og framkvæmd

17.1 Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2026.

17.2 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kveður nánar á um útfærslu einstakra verkefna samnings þessa í reglugerð.

17.3 Samningsaðilar skulu hafa reglbundið samráð um framkvæmd samningsins og fer það samráð fram á vettvangi framkvæmdanefndar búvörusamninga. Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsefni. Aðilar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dómsins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir samningsaðila.

17.4 Samningur þessi er undirritaður f.h. ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis. Af hálfu Bændasamtaka Íslands er samningur þessi undirritaður með fyrirvara um samþykki sauðfjárbænda.

17.5 Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum. Skulu Bændasamtök Íslands halda einu, Landssamtök sauðfjárbænda einu, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einu og fjármála- og efnahagsráðherra einu.

17.6 Samningsaðilar eru sammála um að fella úr gildi samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar dags. 25. janúar 2007, með síðari breytingum við gildistöku þessa samnings, þó skal ákvæði um búskaparlok samkvæmt bráðabrigðaákvæði T í búvörulögum nr. 99/1993 halda gildi sínu til 31. desember 2017. Þeim aðilum sem fengið hafa bústofnskaupastyrki til frumbýlinga til og með 31. desember 2016 samkvæmt verklagsreglum í viðauka IV í reglugerð nr. 1221/2015 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2016 skal heimilt að leggja fram framhaldsumsóknir á árinu 2017 samkvæmt ákvæðum þeirra reglna.

Landssamtök sauðfjárbænda:

Sjálfbær sauðfjárrækt til framtíðar

Nýr sauðfjársamningur snýst um að efla íslenska sauðfjárrækt í sátt við samfélag og náttúru þar sem sérstaða, sjálfbærni, fjölbreytni og verðmætasköpun eru höfð að leiðarljósi að mati forsvarsmanna Landssamtaka sauðfjárbænda.

Sjálfbærni, siðlegir búskaparhættir, nýliðun, byggðafesta og bættur hagur bænda eru gegnumgangandi meginstef nýja samningsins. Gæðastýrð framleiðsla verður eflð með tilheyrandi áherslu á velferð dýra, heilnæmi afurða, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu.



Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri LS.

mats- og vöktunarkerfi á landi sem mun hjálpa til við skynsamlega beitarstjórnun og stuðla að sjálfbærni til framtíðar. Átak í nýræktun á beitarskógum og kortlagning á kolefnisfótspori íslenskrar sauðfjárræktar eru líka innan seilingar,” segir Svavar.

Byggðafesta, markaðssókn og hærri afurðaverð

Hann bendir á að sauðfjárrækt sé hryggjarstykkið í hinum dreifðu byggðum og mikil áhersla sé á það í samningnum að treysta stöðir sauðfjárræktar í byggða- og atvinnulegu tilliti.

„Það verður gert með því að hlúa að þeirri menningu sem tengist sauðfjárrækt um leið og stuðlað er að framþróun, nýsköpun, nýliðun og eflingu byggðar um allt land. Svæðisbundinn stuðningur er aukinn verulega í nýju samningunum en að auki verður komið á fjárfestingastuðningi, býlisstuðningi og gripagreiðslur ættu líka að gagnast þeim sem búa á jaðarsvæðum,” segir Svavar og leggur áherslu á að sauðfjárbændur séu stoltir af því að geta boðið einstaka vöru af hesta gæðaflokki sem framleidd er í sátt við samfélag og náttúru.

„Með nýjum samningi á áfram að stuðla að fjölbreyttu framboði gæðaaufurða á sanngjörnu verði fyrir íslenska neytendur. Afurðarverð til sauðfjárbænda hér á landi er lágt í samanburði við önnur Evrópulönd en gæði íslenska lambakjötsins, þjóðarréttar Íslendinga, eru hins vegar ótvíræð í alþjóðlegum samanburði. Með því að efla nýsköpun og markaðsstarf og sækja fram á erlendum mörkuðum og gagnvart ferðamönnum hér má bæta hlut bænda. Nýtt fé til markaðssóknar sem byggir á því að draga fram

styrkleika og sérstöðu íslenskrar sauðfjárræktar kemur inn í samninginn,” segir Svavar Halldórsson.

ÍSNAGLAR

Láttu ekki hálkuna koma þér að övörum. Skrúfaðir ísnaclar í ýmsum lengdum, fyrir dráttavéla- og vinnuvéladekk, vélsleðabelti ofl. Einnig karbítnagla til að skrúfa undir skó.

JÖTUNN
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss Lónsbakki - 601 Akureyri Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir

Sími 480 0400 jotunn@jotunn.is www.jotunn.is

Betra Púst

SÍMI: 555 7070

PÚSTVIÐGERÐIR

RYÐVARNARÞJÓNUSTA

SÉRSMÍÐI FYRIR ALLA BÍLA

Skógarhlíð 10 - 105 Reykjavík

betrapust@gmail.com - www.betrapust.is

Helstu sölustaðir á Fluid Film:

Frábær á leður - Unninn úr ull (lanolin) - Frýs ekki og er frábært í læsingar og lása - Smyr og þornar ekki upp og leiðir ekki rafmagn - Stoppar tæringu (ryð) og kemur í veg fyrir ryðmyndun

HÁGÆÐA SMUREFNI

www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi
fluidfilm@fluidfilm.is · www.fluidfilm.is

- AB varahlutir - Funahöfða 9, Reykjavík,
- Barki - Nýbýlavegi 22, Kópavogi
- Betra Púst - Skógarhlíð 10, Reykjavík
- Brynja - Laugavegi 29, Reykjavík
- Bymos - Háholt 14, Mosfellsbær
- Ellingsen - Fiskislóð 1, Reykjavík
- ET - Klettagarðar 11, Reykjavík
- Fálkinn hf - Dalvegi 10-14, Kópavogi
- Gluggar og Garðhús - Smíðsbraut 10, Garðabæ
- JHM Sport - Stórhöfða 35, Reykjavík
- J.S Ljósasmíðjan - Skemmuvegi 34, Kópavogi
- Lásapjónustan - Grensásvegur 16, Reykjavík
- Láshúsið - Bildshöfða 16, Reykjavík
- Poulsen - Skeifunni 2, Reykjavík
- Ryðlausnir, Heiðargerði 13, Vogar
- Smurstöðin - Fosshálsi 1, Reykjavík
- Stálstjörnur - Fjarðargata 1, Seyðisfirdi
- Verkfærasalan - Siðumúla 11, Reykjavík
- Vesturröst - Laugavegi 178, Reykjavík
- Vökvatengi - Fitjabraut 2, Reykjanesbæ

SAMNINGUR UM starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtök Íslands/Samband garðyrkjubænda gera með sér eftirfarandi samning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða skv. 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Markmið samningsins

Markmið þessa samnings eru að efla í hvívetna íslenska garðyrkju með heilnæmi, gæði og áreiðanleika afurða að leiðarljósi, ásamt vandaðri umgengni við samfélag og umhverfi.

Samningnum er ætlað:

- Að auka framboð og neyslu á garðyrkjuafurðum í samræmi við lýðheilsustefnu stjórnvalda og aukna vitund almennings um hollustu og heilbrigða lífshætti.
- Að stuðla að fjölbreyttara framboði á garðyrkjuafurðum árið um kring á sanngjörnu verði fyrir neytendur.
- Að auka fagmennsku, hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar garðyrkjuframleiðslu.
- Að treysta tekju- og starfsgrundvöll framleiðenda garðyrkjuafurða.
- Að styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu.

2. gr.

Skilyrði greiðslna

2.1 Þeir einir fá greiðslur samkvæmt samningi þessum sem stunda framleiðslu garðyrkjuafurða á garðyrkjubýli, eru með virðisaukaskattsnúmer og að starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.

2.2 Hjón og sambýlisfólk sem standa saman að framleiðslu afurða samkvæmt samningi þessum geta óskað eftir að greiðslum sé skipt jafnt á milli aðila.

3. gr.

Hugtök

3.1 Skilgreining hugtaka:

- Flokkun:** Gæðaflokkun samkvæmt handbók um íslenskar flokkunarreglur fyrir grænmeti, sem Samband garðyrkjubænda sér um útgáfu á.
- Framleiðandi:** Eigandi eða umráðamaður garðyrkjubýlis, einstaklingur eða lögaðili, þar sem stunduð er útirækt eða ylrækt.
- Garðyrkjulýsing, plöntulýsing:** Þegar plöntur eru lýstar til vaxtar og uppskeru.
- Gróðurhús - undir gleri:** Bygging með burðarvirki úr stáli og með tré-, ál- eða stálgrind, þekjuefni er gler eða plast. Í húsinu sé hæfilegur búnaður til upphitunar og loftunar (kælingar). Þökkunaraðstaða er ekki meðtalin.
- Útirækt:** Ræktun til manneldis sem fer fram meirihluta ræktunartímans utandyra, s.s. kartöflur, kál og berjarækt.
- Ylrækt:** Ræktun í gróðurhúsum þar sem jarðhiti er nýttur til upphitunar, auk svepparæktunar.

4. gr.

Um beingreiðslur

4.1. Beingreiðslur skulu greiddar til framleiðenda út á eigin framleiðslu á gúrkum, tómötum og papriku til að



Mynd / smh

Viðauki I Fjárhæðir í m.kr.										
Garðyrkja	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Beingreiðslur - 4. grein	274	273	272	268	267	265	263	260	258	256
Niðurgreiðslur á raforku - 5. grein	278	278	278	278	278	278	278	278	278	278
Samtals garðyrkjusamningur	551	550	549	546	545	543	540	538	535	533

jafna samkeppnisskilyrði innlendrar framleiðenda gagnvart innflutningi.

4.2. Heildarfjárhæð beingreiðslna skiptist niður á selt magn einstakra afurða af fyrsta gæðaflokki innan ársins, samkvæmt staðfestum upplýsingum um sölu framangreindra afurða, sbr. tafla 1 í viðauka I.

4.3. Heildarbeingreiðslur skiptist þannig á milli tegunda:

- Tómatar 49%.
- Gúrkur 37 %.
- Paprika 14%

4.4 Matvælastofnun gerir áætlun að fengnum upplýsingum frá framleiðendum um sölumagn framan­greindra afurða fyrir árið. Áætla skal beingreiðslur pr. kg miðað við áætlað sölumagn og greiða 80% af áætluðum beingreiðslum pr. kg. sem fyrstu greiðslu eftir sölu hvers mánaðar. Ef í ljós kemur að framleiðsluáætlun gefi til kynna umtalsverðar breytingar á framleiðslumagni milli tegunda er framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilt að endurskoða hlutfallslega skiptingu milli tegunda sbr. grein 4.3.

4.5 Aukist framleiðslumagn hverrar tegundar frá ársmagni áætluðu í tölu­lið 4.3 lækka beingreiðslur á kg hlutfallslega. Verði samdráttur frá því magni innan ársins hækka beingreiðslur á einingu.

4.6 Allir framleiðendur á tómötum, gúrkum og papriku skulu eiga rétt til beingreiðslna samkvæmt framan­skráðu á samningstímanum.

5. gr.

Um niðurgreiðslur á raforku

5.1 Ylræktendum verði tryggt rafmagn til lýsingar með niðurgreiðslum á kostnaði við flutning og dreifingu raforku í því skyni að stuðla að hagfelldari starfsskilyrðum greinarinnar. Magnliðir í gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu skulu greiddir niður um allt að 95%, en framleiðendur garðyrkjuafurða skulu greiða að lágmarki 5%. Fastagjöld skulu alfarið greiddast af framleiðendum.

5.2 Á árinu 2017 verður heildarupphæð niðurgreiðslu, sbr. töflu 1 í viðauka I.

Samningurinn áþekkur fyrri samningum

Samningur garðyrkjubænda er um margt áþekkur fyrri samningum og engar snöggar eða áhrifamiklar breytingar eru fyrirsjáanlegar vegna hans, að sögn forsvarsmanna Sambands garðyrkjubænda.

Í samningnum er nú kveðið á um hlutdeild ríkisins í kostnaði við dreifingu og flutning raforku, en undanfarin ár hafa verið gerðir sérstakir samningar um þá þætti, utan búvörusamninga. Áfram munu papriku-, gúrku- og tómataframleiðendur fá beingreiðslur vegna framleiðslu sinnar.

Sett hefur verið viðmið um hámarksstuðning til einstaka bænda vegna beingreiðslna og niðurgreiðslna á flutnings- og dreifingarkostnaði raforku í því skyni að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtist sem best.

Kynbótastarf í garðyrkju er fest í sessi í rammasamningi og þar verður áhersla annars vegar á úrvalsathuganir í garðplöntum og hins vegar á ræktun stofnuðsæðis í kartöflum í samræmi við reglugerð nr. 455/2006.

Með aðild að rammasamningnum öðlast garðyrkjubændur einnig aðild að fjárfestinga- og nýliðunarstuðningi sem og auknum stuðningi við lífræna framleiðslu.

Rík áhersla á þróunarstarf í garðyrkju

Garðyrkjubændur munu með tilkomu samningsins verða aðilar að Jarðræktarsjóði. Jafnframt er kveðið á um það í samningi að við endurskoðun hans 2019 verði búið að greina hagkvæmni þess að taka upp uppskerutengdar greiðslur vegna útiræktaðra garðyrkjuafurða og kartafna gegn mögulegri niðurfellingu og/eða lækkun tollverndar. Hluti af vinnu við þessa greiningu felst í því að gera jarðræktarforritið Jörð aðgengilegt fyrir garðyrkjubændur og hvetja þá til notkunar þess.

Rík áhersla er lögð á áframhaldandi stuðning við þróunarstarf í garðyrkju og verður fagaðstoð gerð enn aðgengilegri fyrir alla hluta garðyrkjunnar. Með því er ætlunin að stuðla að markvissri uppbyggingu þekkingar, m.a. með samstarfi við erlenda og innlenda ráðunauta.

5.3 Framleiðendur garðyrkjuafurða skulu eiga þess kost að sækja um niðurgreiðslur til Orkustofnunar á þar til gerðu eyðublaði og skal stofnunin afgreiða umsóknina innan mánaðar frá því hún berst henni.

5.4 Þeir aðilar sem semja við orkusölufyrirtæki um garðyrkju­lýsingu eiga rétt á niðurgreiddri raforku. Heimilt er að fella niður réttinn ef aðilar brjóta gegn samningi þessum.

Skilyrði fyrir niðurgreiðslum eru:

- Að orkukaupin séu vegna atvinnustarfsemi.
- Að niðurgreidd raforka sé sér­mæld og fari einungis til lýsingar plantna í gróðurhúsi til að örva vöxt þeirra.
- Að framleiðslan sé ætluð til sölu.
- Að ársnotkun til lýsingar sé meiri en 100 MWh á ári.

5.5 Matvælastofnun annast

greiðslur til viðkomandi orkusölu­fyrirtækja.

6. gr.

Hámarks­greiðslur

6.1 Hámarksstuðningur við hvern framleiðenda er svo sem hér greinir:

- Vegna beingreiðslna, mest 10% af heildarbeingreiðslum sem til ráðstöfunar er á viðkomandi rekstrarári samkvæmt samningi þessum.
- Vegna niðurgreiðslu á flutnings- og dreifingarkostnaði raforku, mest 15% af þeirri heildarfjárhæð sem til ráðstöfunar er á viðkomandi rekstrarári samkvæmt samningi þessum.

6.2 Framkvæmdanefnd búvörusamninga er heimilt að taka ákvörðun um að færa framlög milli liða þessa samnings innan viðkomandi rekst-

ararárs fari svo að áætluðum fjármunum til einstaka þátta verði ekki ráðstafað að fullu vegna þeirra takmarkana sem gilda um hámarksstuðning.

7. gr.

Verðlagsuppfærsla

7.1 Árleg framlög samkvæmt samningi þessum miðast við forsendur fjárlaga fyrir árið 2016, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs (meðaltal ársins) verður önnur en verðlagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn leiðréttur í fjárlögum næsta árs.

8. gr.

Endurskoðun samnings

8.1 Endurskoðun samnings fer fram tvisvar á samningstímanum árin 2019 og 2023. Fyrst og fremst verði horft til þess hvernig framleiðsla garðyrkjuafurða hefur þróast og hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir. Einnig verður skoðað hvernig markmiðum um allt að 95% niðurgreiðslu vegna flutningi raforku samkvæmt grein 5 hefur gengið eftir.

8.2 Samningsaðilar munu á tímabilinu 2017-2019 greina hagkvæmni þess að taka upp uppskerutengdar greiðslur vegna útiræktaðra garðyrkjuafurða og kartafna gegn mögulegri niðurfellingu og/eða lækku­un tollverndar. Niðurstöður þeirra greiningar koma til umfjöllunar við endurskoðun þessa samnings 2019.

8.3 Síðari endurskoðun skal fara fram árið 2023. Þá skal horfa til þess hvernig framleiðsla garðyrkjuafurða hefur þróast og hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir. Aðilar geta um leið ákveðið að hefja viðræður um nýjan samning sem geti tekið gildi árið 2025.

9. gr.

Fyrirvarar

9.1 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem leiða af ákvörðun Alþingis.

10. gr.

Framkvæmd og gildistími

10.1. Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2026.

10.2 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kveður nánar á um útfærslu einstakra verkefna samnings þessa í reglugerð.

10.3. Samningsaðilar skulu hafa reglubundið samráð um framkvæmd samningsins og fer það samráð fram á vettvangi framkvæmdanefndar búvörusamninga. Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreinings­efni. Aðilar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dómsins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir samningsaðila.

10.4. Samningur þessi er undirritaður f.h. ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis.

10.5. Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum. Skulu Bændasamtök Íslands halda einu, Samband garðyrkjubænda einu, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einu og fjármála- og efnahagsráðherra einu.



**STEYPUSTYRKJARJÁRN,
LYKKJUR OG JÁRNAMOTTUR**

STJÖRNUBLIKK
JÁRNSTADAR - ALUMÍNÍUM KLAMMUR - RANNASTÁL - SÁPUJÁRN
LOFTMÁSTICKUR - RÖR - FLÆMUR - VEGGSTEINUR - KLAMMUR

Snögg og góð þjónusta!

Smiðjuvegí 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • info@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is



HLEDSLUMEISTARINN Í »GRASI«

**ALLT AÐ 60% BETRI
NÝTING VEGNA ÞJÖPPUNAR**

Mikill stöðuleiki og lágur þyngdarpunktur”
Með Jumbo” nærðu betri árangri”

Fliegl Jumbo” –
stór og stöndugir
skítadreifarar og
sturtuvagnar

Rafn A. Guðjónsson · Helluhraun 4 220-Hafnarfjörður
Tel + 354 565- 2727 · Mobile + 354 892 7502 · Email: rafn@rag.is www.fliegl.com



**FLADEN
RESCUE SYSTEM**

FLOTGALLAR
Léttir - Þægilegir
Öryggir - Hljýir - Sterkir
og Vatnsheldir
Sterkir í störf og leik

Vesturröst
Laugavegi 178 - s: 551 6770 - www.vesturrost.is



ÍÍ
ÚRVAL ÚTSÝN

6.-15. MAÍ 2016

**ÍSLENDINGASLÓÐIR Í
VESTURHEIMI**

Í þessari frábæru 8 daga ferð um Norður-Ameríku mun Svarar Gestsson leiða hópinn á Íslandsgaslóðir. Gist verður í Minneapolis, Grand Forks, Winnipeg, Gimli og Fargo.

Innifalið er flug, gisting, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn, 20 kg taska og handfarangur.

NÁNAR Á UU.IS



BÚBÓT VERULEG

ÞÚ GRÆÐIR UM LEIÐ OG ÞÚ GRÆÐIR TÚNIN

Kynntu þér möguleika NOVA Optimizer á www.isco.is eða í síma 562 1100

ISCO

Auðbrekka 25 - 27 / +354 562 1100 / isco@isco.is / www.isco.is



24 28 32

Bændablaðið
1. útgáfa 2016 • Fimmtudagur 18. janúar • Blað nr. 428 • 22. árg. • Útgáfa 22.000

**BÆNDABLAÐIÐ MÆLIST
MEÐ 45% LESTUR Á
LANDSBYGGÐINNI**

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN GALLUR. KÖNNUNARTÍMI OKT. - DES. 2015

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VÍKNA FRESTI



Vogue
fyrir heimilið

biður uppá alhliðalaun fyrir
hótelherbergið eða gistiheimilið.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Hinn kunni sjónvarpskokkur Rick Stein var á Íslandi:

Heimsótti Bjarneyjarsand og smakkaði þorramat

Rick Stein, einn kunnasti sjónvarpskokkur Brets, var hér á landi í byrjun mánaðarins og heimsótti áhugaverða veitingastaði í Reykjavík; meðal annars Gló, Mat og drykk og Dill – auk þess að heilsa upp á bændurnar á Bjarneyjarsandi á Hvalfjarðarströnd. Stein var hér við upptökur fyrir nýja sjónvarpsþáttaröð, en einn liður í henni er einmitt íslensk matarmenning.

Arnheiður Hjörleifsdóttir, ferðaþjónustu- og sauðfjárbóndi með meiru, á Bjarneyjarsandi, segir að BBC hafi fyrst haft samband við þau í kringum mánaðamótin október - nóvember. „Við höfum áður tekið þátt í svipuðum verkefnum og það hefur yfirleitt bara verið mjög



Það er að ýmsu að hyggja þegar tekinn er upp sjónvarpsþáttur.




Sigríður Inga Björnsdóttir, móðir Arnheiðar, þýkir sjálf meistarakokkur, auk þess að vera ullarvinnslukona.

skemmtilegt – svo við slógum til,“ segir Arnheiður. Í framhaldinu og til að undirbúa tókur og fleira, komu hingað tvær konur frá BBC í lok árs og áttu fund með okkur. Þá voru línurnar lagðar og svo vorum við í nánnum tölvupóstsamskiptum þar til að tókudegi kom núna í febrúar.“

Hafði áhuga á að heimsækja íslenskt sauðfjárbú

„Rick Stein hafði mikinn áhuga á því að heimsækja íslenskt sauðfjárbú og kynna sér starfsemi en einnig að fá að upplifa tvennt í tengslum við matreiðslu og íslenskar matarhefðir hér hjá okkur.



Þórdís Þórisdóttir, sem er búsett á Bjarneyjarsandi ásamt manni sínu, Guðjóni Jónassyni og börnum, hugar að sviðahausunum fyrir þorra-veisluna.

Annars vegar vildu þau að við myndum hægelda fyrir þau íslenskt lambalæri sem hafði legið í okkar frægu bláberjamarineringu í nokkra daga fyrir eldun. Hins vegar langaði hann að taka þátt í fjölskylduþorablóti.

Þetta var því dagskráin þegar hann heimsótti okkur á Bjarneyjarsandi,



Vel fór á með þeim Rick Stein og Arnheiði Hjörleifsdóttur þegar sjónvarpskokkurinn kunni heimsótti Bjarneyjarsand. Myndir / úr einkasafni

hann fór líka í fjárhúsin, reykkofofann og í fjöruna.“

Að sögn Arnheiðar gengu tókurnar vel og var þetta ánægjulegur dagur. Það eina sem setti strik í reikninginn var veðrið sem ekki var upp á sitt besta.

Stein, sem einnig er vinsæll og

afkastamikill höfundur matreiðslubóka, hefur staðið að sjónvarpsþáttagerð allt frá 1985 og fylla sjónvarpsþáttaraðirnar hans rúmlega þrjá tugi.

Áætlað er að BBC Two taki þáttaröðina með Íslandsheimsókninni til sýningar í vor – Arnheiður telur líklegt að það verði í apríl-maí. /smh



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Hvað gætum við gert næst?

Pétur Halldórsson
Ráðunautur hjá RML
petur@bondi.is



Þegar horfið var frá því á sínum tíma að auglýsa sérstaklega komandi útflutning íslenskra kynbótahrossa var stórt skref stigið í átt til nær algers frjálrs-ræðis íslenskra hrossaræktenda í söluálmum. Augljós afleiðing þessarar ákvörðunar var að Íslendingar ætluðu óhræddir að keppa á frjálsum samkeppnis-grundvelli við aðrar þjóðir sem rækta íslenska hestinn; hvað sem liði einstefnuflæði erfðafnis frá upprunalandinu.

Árangur í harðri samkeppni ræðst af því hvort varan/þjónustan er betri, traustari eða ódýrari en það sem samkeppnisaðilar geta falboðið. Íslenskir hrossaræktendur geta kannski hvað síst keppt í því að vera ódýrari, enda fellur sami kostnaður á gæðinginn, fristundahestinn og ræktunargripinn þegar kemur að flutningi til annarra landa og álfa. Þó má vera að t.d. kostnaður við uppeldi gripa sé hvað minnstur, eða reiknaður hvað minnstur hérlandis miðað við nágrannalöndin? Hvaða tromp eigum við þá í erminni þegar þessu sleppir og árangur á að nást? Trompin verða að vera betri hross, betur unnin og tamin, meiri gæði

– meira traust og trúverðugleiki. Fagmennska og heilindi ofar hverri kröfu. Sérstaða í gæðum, metnaði og þjónustu við kaupendahópin.

Væri snjallt að ...?

Einn liður í því að auka á gæðin, auka á öryggi þeirrar vöru sem frá landinu fer, væri að taka DNA-stroksýni úr öllum hrossum á útleið, til staðfestingar á ætterni. Árið 2015 voru útflutt hross alls 1.360 (661 hryssa, 466 geldingar og 233 stóð-hestar). Í þessum 1.360 hrossa hópi voru 430 hross þegar með DNA-arfgerðargreiningu, eða rétt um 32%.

Spurningin snýst í grunninn um kostnað; hvers virði er trúverðugleiki og öryggi? Miðað við núverandi kostnað við vinnslu sýna á Íslandi þá væri greiningarkostnaður fyrir öll útflutt hross ársins 2015 rétt um 11,5 milljónir króna, á 1.360 greind sýni. Greining á einu stroksýni kostar nú kr 8.432,- hjá þekkingarfyrirtækinu Matís. Það er strípuð greining og án tillits til kostnaðar við sýnatökuna sjálfa; vinnutíma og komugjalds. Ef sýni er tekið af starfsmanni RML þá má nálgast verðskrá fyrirtækisins á heimasíðu þess, rml.is:

<http://www.rml.is/static/files/RML-verdskra/2016/verdskra-2016-net.pdf>

Ætti eitt yfir öll hross að ganga? Kaupandinn sem leitar að blóðlínu til að byggja undir sína ræktun vill klárlega vera viss um að fá rétt erfðafni en ekki eitthvað allt annað. Kaupandanum sem finnur draumahestinn sinn í geldingi er kannski nokk sama hvað stendur á bak við hann og sama má líkast til segja um kaupandann sem vill og finnur litfagurt folald. En þar með er ekki öll sagan sögð. Þegar keppnis-árangur bætist við undirstöður kynbótaspárinnar (BLUP) þá verður að líkindum ekki síður mikilsvert að keppandi geldingar séu rétt ættfærðir eins og dæmd kynbótahross.

Sérstaða okkar sem seljenda er sem kunnugt er að hér er ekki um nein vöruskil að ræða. Útflutt hross kemur ekki heim. DNA-staðfesting á réttum grip myndi ekki aðeins verja erlendan kaupanda gegn mistökum heldur ræktandann líka. Fátíð en vel þekkt folalda-víxl hjá hryssum er dæmi um mál sem erfitt er að verjast, nema með DNA-greiningu. Hross hafa verið flutt út sem aldrei hefði hvarflað að

íslenskum ræktendum að láta frá sér ef sannleikurinn hefði komið í ljós fyrir útflutning. Orsakir sjaldgæfra „útflutningsslys“ geta verið margþættar en pattstaðan sem kemur upp milli kaupanda og seljanda getur verið erfið og ekki eftirsóknarverð fyrir neinn. Tæknin og möguleikarnir eru fyrir hendi til að losna alveg við þessar upptökur. Hér vegast á kostnaður og ávinningur, kostnaður sem nemur svo sem einni járnungu á lífsleið hvers hests.

Spennandi tímar

Það styttesti óðum í landsmótsvör og eftirvæntingin eftir því að sjá hvað ræktendur koma fram með eykst hröðum skrefum. Farseðill kynbótahrossa á landsmót er baráttan við einkunnakommur til eða frá, á því verður engin breyting frá því sem áður hefur verið. Nú verður málum hins vegar þannig fyrir komið að sem næst fastur fjöldi hrossa, í hverjum aldursflokki kynbótahrossa, kemur til dóms á Hólum. Nánar um það hér: <http://www.rml.is/is/bufjarraekt/hrossaraekt/kynbotasyningar/val-kynbota-hrossa>.

Nú er í burðarliðnum afar jákvætt og metnaðarfullt átak í markaðssetningu íslenska hestsins, sjá hér: <http://www.islandsstofa.is/frettir/markadsverkefni-um-islenska-hestinn-til-naestu-fjogurra-ara/662/>. Á komandi landsmóti á Hólum viljum við helst af öllu geta sagt kinnroðalaust, kannski með agnarögn af sárasklausum þjóðrembingi og stolti upprunalandsins, að hér séu bestu hrossin og gullæð erfða-efnisins. Hér séu góðir og sanngjarnir reiðmenn, hestamenn sem kunna að sækja og höndla afköst og vinnugleði – en þó þannig að aldrei sé kafið umfram getu, þjálfun eða þroska hrossa; aldrei til skaða.

Stóraukin tíðni endursýninga sömu gripa hefur jafnan fylgt kynbótasýningum á landsmótsvorum. Engin ástæða er til annars en ætla að svipað verði upp á teningnum nú. Íþróttaiðkendur hjá Knattspyrnufélaginu Val, að Hlíðarenda í Reykjavík, hafa einkunnaröð stofnanda félagsins, Friðriks Friðrikssonar, í heiðri: „Látu aldrei kappið bera fegurðina ofurliði“. Þessi hugsun mætti gjarna einkenna allt sýningahald ársins 2016 og um alla framtíð.



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Villa á ungnautaspjaldi 14074-14088

Á ungnautaspjaldi fyrir naut nr. 14074-14088 slæddust því miður inn meinlegar villur.

Fyrir það fyrsta birtist röng mynd við Grunda 14088 sem er ekki af

honum heldur Trompási 14070. Rétt mynd af Grunda fylgir hér með. Þá er kynbótamat móður Grunda, Sif 1497, ekki rétt á spjaldinu og fylgir hér hið rétta mat.

Beðist er velvirðingar á þessum villum. Á nautaskra.net er að finna pdf-skjal með þessu sama spjaldi og þar eru þessar upplýsingar réttar.

Guðmundur Jóhannsson
Ábyrgðarmaður í
nautgriparækt
mundi@rml.is



Kynbótamat

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
106	105	111	106	107



Kverneland
-því hvert korn telur



Ryðfrír dreifibúnaður

Kverneland Exacta áburðardreifarar
Tveggja skífu. 700 – 1400 lítra
Sjálfstæð vökvaopnun á hvorri skífu
Vökvastýrður jaðardreifibúnaður
Íslenskar leiðbeiningar

VÉLFANG

Auðstilltur og nákvæmur

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is

AKURshús
– við allra hæfi –

**Einbýlishús
Frístundahús**

Íslensk hönnun og framleiðsla

Einingahús sem gefa marga möguleika, m.a. getur þú fengið þau ósamsett í einingum og sett upp sjálfur.
Kannaðu málið á www.akur.is og fáðu bækling sendan þér að kostnaðarlausu.

Trésmiðjan AKUR ehf.
Smiðjuvöllum 9 • 300 Akranes • Sími: 430 6600
Netfang: akur@akur.is • Veffang: www.akur.is

AK 174-1

AK 165-1

Garðar 67

Bresi 37

Vileda
PROFESSIONAL

VILEDA Micro Pro
Ræstivagn á sérstöku tilboðsverði

Micro Pro er léttur og vel skipulagður ræstivagn.

Innifaldir hlutir í tilboðinu eru:

- 4 stk Micromoppur
- Stækkanlegt skaft ásamt festiplötu
- 10 stk Microklútar
- Pur Active svampur
- Glerhreinsir
- Baðherbergishreinsir
- Blue Star alhreinsir

Vagninn er því tilbúinn til notkunar með öllum nauðsynlegum fylgihlutum.

Tilboðsverð er kr. 69.824,- með vsk.
Fullt verð er kr. 107.422,- með vsk.

Tilboðið gildir til 1. apríl eða á meðan birgðir endast.

BESTA - HREYFILSHÚSINU
Grensásvegi 18 • 108 Reykjavík • Sími: 510 0000 • www.besta.is

fánar
fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

MERKIS MENN
UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ
www.merkismenn 544 2030

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg
Skiopholt 50b, 105 Reykjavík

PRO-STAMINUS
ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?
Er bunan orðin kraftlítill?

PRO-STAMINUS
Únik kombinatión af græskurkernum, hærfræ, granatæble og næringsefnum

PRO-STAMINUS er spennandi nýjung sem er fyrst og fremst ætluð karlmönnum sem hafa einkenni göðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli sem getur valdið vandræðum við þvaglát.

PRO-STAMINUS fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum stórmarkaða

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

EYJALIND **NIEMIADOW**
- Áratugareynsla á Íslandi

- Bílakerrur
- Vélakerrur
- Flutningakerrur
- Bátakerrur
- Yfirbyggðar kerru

[f Vertu vinur okkar á Facebook](https://www.facebook.com/eyjalind)

S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Sleipnishöllin á Selfossi:

ABBA-tónleikar haldnir í vor

Öll helstu og bestu lög hljómsveitarinnar ABBA verða flutt í Sleipnishöllinni, reiðhöll Selfyssinga, í vor.



Stefán Þorleifsson er stjórnandi kórsins.
Mynd / Laufey Ósk



Jóhanna Guðrún söngkona mun syngja einsöng með kórnum á ABBA-tónleikunum.

„Já, það er rétt, laugardaginn 7. maí ætlar Jórúkorinn að halda upp á 20 ára afmæli með stórtónleikum. Þemað verður ABBA, Jóhanna Guðrún söngkona mun



Jórúkorinn á Selfossi er eingöngu skipaður konum. Hér er kórinn á æfingu á Flúðum.

Mynd / Laufey Ósk

syngja einsöng með kórnum og fullskipuð hljómsveit verður einnig með okkur. Þetta verða flottir og

kröftugir tónleikar undir stjórn Stefáns Þorleifssonar,“ segir Laufey Ósk Magnúsdóttir, formaður kórsins,

þegar hún var spurð um tóleikana.

Tónleikarnir verða þeir fyrstu sem haldnir eru í reiðhöllinni en mikið verður lagt upp úr hljóði, ljósum og sviði. „Undirbúningur er í fullum gangi og við hlökkum mikið til, við vorum m.a. með æfingabúðir á Flúðum um síðustu helgi þar sem við tókum nokkur af ABBA-lögnum,“ segir Laufey Ósk. /MHH



Umsókn um orlofsdvöl Sumarið 2016

Hér að neðan er að finna umsóknareyðublað um orlofsdvöl í húsunum að Hólum í Hjaltadal og á Flúðum, Hrunamannahreppi sumarið 2016. Það gildir fyrir félaga í búnaðarsamböndum og/eða búgreinafélögum sem eiga aðild að BÍ – Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 20. mars 2016.

Undirrituð/Undirritaður sækir hér með um:

- ☐ Orlofsdvöl að Hólum - Tímabilið:
- ☐ Orlofsdvöl á Flúðum - Tímabilið:

Nafn umsækjanda

Kennitala

Heimilisfang

Símanúmer

Póstnúmer og staður


Hefur þú áður fengið úthlutað orlofsdvöl í sumarhúsi hjá Bændasamtökunum?

☐ Já ☐ Nei

Undirskrift félaga og dagsetning



Umsóknina skal senda fyrir 20. mars nk. rafrænt á netfangið_ho@bondi.is eða á póstfang Bændasamtaka Íslands: **Bændahöllin v/Hagatorg, 107 Reykjavík, merkt Orlofsdvöl sumarið 2016**



Valgerður Pálsdóttir. Mynd / MHH

Háskólafélag Suðurlands: Nýtt ferðamálanám hefst haustið 2016

„Viðskiptahugmyndin er í grunninn nám sem Háskólafélag Suðurlands er að þróa í samstarfi við Háskólann í Malaga á Spáni og UHI-háskólann í Skotlandi, og ráðgert er að hleypa af stokkunum haustið 2016, en Háskólafélagið fékk styrk í fyrra úr Erasmus+ áætluninni.

Námið ber vinnuheitid „Ferðamálabró – Nýsköpun og stjórnun“ og er ætlað fyrir ferðabjónustuaðila, bæði stjórnendur og starfsmenn.

Hugmyndin hefur verið kynnt fyrir ferðabjónustuaðilum á svæðinu, Samtökum ferðabjónustunnar (SAF), Rannsóknarmiðstöð ferðamála og fleiri aðilum. Segja má að aðilar séu sammála um það að veruleg þörf er á slíku námi fyrir ferðabjónustuna,“ segir Valgerður Pálsdóttir. Kynnti hún námið ásamt Ingunni Jónsdóttur, starfsmanni Háskólafélagsins og verkefnastjóra verkefnisins, í hádegisfyrirlestri í Fjölheimum á Selfossi nýlega.

Kennslufyrirkomulag Ferðamálabráarinnar verður að nokkru leyti byggt á sama fyrirkomulagi og var í Matvælabrónni sem Háskólafélagið er með. Annars vegar verður um að ræða bóklega fyrirlestra og hins vegar svokallaða fyrirtækjavist en í henni gefst nemendum tækifæri til að kynnst öðrum ólíkum fyrirtækjum innan greinarinnar. Að auki er nýtt sérþekking innan fyrirtækjanna til kennslu á afmörkuðu efni.

„Markmið Ferðamálabráarinnar er að auka þekkingu meðal starfsmanna og stjórnenda í ferðabjónustunni til að auka gæði og framleiðni fyrirtækjanna. Námið er eins árs diplómanám ætlað fyrir starfandi aðila í ferðabjónustu þar sem áhersla er lögð á nýsköpun og stjórnun en námið verður skipulagt í náinni samvinnu við ferðabjónustuna sem er að verða ein mikilvægasta atvinnugreinin á Suðurlandi.“ /MHH



HA innleiddi að eigin frumkvæði flokkunarkerfi á sorpi sem hefur hlotið mikla athygli en skólinn hefur flaggað Grænfánanum síðan 2013.

Háskólinn á Akureyri: Græn bílastæði tekin í notkun

Háskólinn á Akureyri hefur á undanförunum árum verið leiðandi í innleiðingu á umhverfisvænum lausnum í sínum rekstri. Nýjasta verkefnið er að bjóða ívilnun á bílastæðum skólans, þ.e. betra aðgengi og frítt rafmagn fyrir þá sem koma á umhverfisvænum bílum.

Um er að ræða sex græn bílastæði. Tvö þeirra eru klukkustæði næst háskólabýggingunum en fjögur gefa fólki kost á að hlaða rafmagnsbílana sína á dagvinnutíma eða opnunartíma skólans. Í þessi stæði má einungis leggja bílum sem geta gengið fyrir hreinum innlendum orkugjöfum eins og metani eða rafmagni.



Ódýr aðgerð fyrir skólann

Nýju bílastæðin voru formlega tekin í notkun á dögunum. Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, lagði af því tilefni áherslu á að rafvæðing íslenska bílaflotans væri í raun aðgerð sem allir gætu tekið þátt í. Með því að veita starfsmönnum og nemendum aðgengi að hefðbundnu rafmagni þá geti eigendur rafbíla hlaðið bílana sér að kostnaðarlausu. Ekki er um hraðhleðslustöðvar að ræða heldur nota eigendur eigin búnað til að setja í samband við hefðbundna 16 ampera innstungu. Bílar nemenda og starfsfólks standa yfirleitt í nokkra klukkutíma á dag við skólann og því nýtist tíminn til hefðbundinnar hleðslu. „Þetta er ódýr aðgerð fyrir skólann en er framlag HA til þess að auðvelda rafbílavæðingu og notkun annarra vistvænna orkugjafa,“ sagði Eyjólfur.



Leggja sitt af mörkum

Í lok síðasta árs og í kjölfar loftslagsráðstefnunnar í París í byrjun desember buðu FESTA og Reykjavíkurborg stofnunum og fyrirtækjum að skrifa undir sameiginlega yfirlýsingu um markmið í loftslagsmálum. Háskólinn á Akureyri tekur virkan þátt í minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda með því að minnka útblástur frá bifreiðum. Starfsmenn HA leigja bifreiðar í ferðum til Reykjavíkur og á hinum ýmsu stöðum um land allt. Nýjar reglur háskólans munu kveða á um að starfsmenn þurfi að leigja rafmagnsbíl ef vegalengdir þeirra verða 100 km eða styttri í hverri leigu, en mega líka kjósa sér rafmagnsbifreið sjálfir þó um lengri vegalengdir sé að ræða. Með þessu móti er stuðlað að því að draga verulega úr fótspori Háskólans á Akureyri gagnvart losun gróðurhúsalofttegunda, segir í frétt á vef skólans. /MP

TIL SÖLU PLASTGRINDUR Í FJÁRHÚS



Grindurnar hafa nú verið settar í fjárhús að Stóru Hámundarstöðum (þeir sem áhuga hafa á að skoða geta hringt í síma 897 6075)

Nánari upplýsingar um grindurnar fást í síma 8973290 eða í gegnum email: haukur@samleid.is



Samleið ehf.
Sunnubraut 2,
620 Dalvík
www.samleid.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Ný sending af FRD fleygum á leiðinni.



Ný sending af BOMAG þjöppum á leiðinni.



Útvegum undirvagnshluti frá LINSEAR undir allar vélar bæði á stál og gúmmibeltum



Eigum nýja snjóglóga á lager

VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is
www.velafl.is

www.n1.is facebook.com/enneinn



Hugsaðu um búnaðinn í vetur



Þjarkur samfestingur

Vnr. 9628 120020

Þunnur samfestingur með hnjúpúðavösum. Hentar vel fyrir iðnaðarmenn, bændur o.fl Navy blár með royal bláu á brjósti.



Gildan háskólaþeysa

Vnr. 9643 12000

Háskólaþeysa úr bómullarblöndu. Litir: Svartur og navy. Stærðir: S - 3XL



Micorflex regngalli

Vnr. 5790 691935*

Microflex regnkuldagalli. Blár að lit.



COFRA nitrildýfðir hanskar Flexynit

Vnr. 7151 G007 K100

Vandaðir bómullarhanskar með sterkri NITRA-X húð. Ólíupólnir og henta í allan iðnað. Litur: Grænn með svörtum lófa. Stærðir: 9, 10 og 11



Bragi regnstakkur með hettu

Vnr. A414 69118*

Lokaður að framan. Styrkingar á ermum og faldi. Stillanlegur strengur í hettu. Endurskinsmerki á ermum.



DUNLOP stígvél Purof Professional

Vnr. 9655 D460933

Hentug stígvél við margskonar aðstæður. Létt með höggdeyfi í sóla. Endast vel og gott að þrifa þau. Græn. Stærðir: 37 - 48

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Grindavík s. 426 8290 • Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574
Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245
Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Hluti af vetrarverkunum



Gamli traktorinn



Rauða stjarnan frá Ungverjalandi

Ungverski vélaframleiðandinn Hofherr-Schranz-Clayton-Shuttleworth eða HSCS var samstarfsverkefni ungverskra og breskra viðskiptaaðila. Fyrirtækið var þjóðnýtt af kommúnistastjórninni í Ungverjalandi árið 1950 og fékk nafnið Rauða stjarnan.

leiðslu til 1938 og þóttu sterkar og endingargóðar dráttarvélar.

Lanz Bulldog voru vinsælar dráttarvélar á Spáni, Portúgal, Austurríki og í Frakklandi enda þekktar fyrir að ganga á nánast hvaða olíu og þar á meðal úrgangs smurolíu. Ungversku eigendunum tókst ekki að viðhalda þeim markaði og smám saman fjarðaði undan sölnunni í þeim löndum.



Þjóðnýtt 1950

HSCS var þjóðnýtt af kommúnistastjórninni í Ungverjalandi árið 1950. Ári seinna var nafni fyrirtækisins breytt í Dráttarvélaframleiðandinn Rauða stjarnan og traktorarnir kallaðir Dutra.

Dutra dráttarvélar voru framleiddar í Búdapest og framleiddar til ársins 1975. Um 200



Fyrirtækið var stofnað aldamótaárið 1900 og aðsetur þess í Ungverjalandi. Í fyrstu framleiddi fyrirtækið gufuvélar fyrir austur-evrópska og rússneska markaðinn. Ensku hluthafarnir voru keyptir út úr rekstrinum 1912 og fyrirtækið í eigu Ungverja eftir það.

Breska fyrirtækið sem í hlut átti hét Clayton og Shuttleworth og hafði um margra áratuga skeið framleitt landbúnaðartæki, meðal annarra þreskivélar, sem það seldi til Austur-Evrópu og Rússlands.

Fyrsti traktorinn 1923

Árið 1923 setti HSCS fyrsta traktorinn á markað. Eins stökka bensínvél á járnhjólum. Fimmtán árum síðar, 1938, setti fyrirtækið nýjan traktor á markað sem kallaðist HSCS K40. Sá var með



dísilvél og hálfgerð eftirlíking af þýskum Lanz Bulldog. HSCS hefði keypt Lanz árið áður og því í fullum rétti að nýta sér tækni þeirra. Lanz/HSCS voru í fram-

slíkar voru fluttar til Bretlands á sjöunda áratug síðustu aldar. 4.500 fóru til Austur-Þýskalands undir heitinu D4K og DKK-B og Svíar keyptu 120 stykki og sami fjöldi var sendur sem þróunaraðstoð til Kúbu. Þessar vélar voru 65 til 90 hestöfl.

Aðrar týpur af Dutra, sem vert er að nefna, eru Dutra U-28, og Dutra Robuste UE 40, sem naut nokkurra vinsælda í Frakklandi. Dutra 4654 og Dutra Stey 110 voru öflugustu dráttarvélar sem Rauða stjarnan framleiddi, báðar 110 hestöfl.

Sameinast RABA

Árið 1973 sameinaðist Dráttarvélaframleiðandinn Rauða stjarnan ungverska dráttarvélaframleiðandanum RABA, sem framleiddi og framleiðir enn Steiger dráttarvélar fyrir austur-evrópska og rússneska markaðinn. /VH

Utan úr heimi



FBI handtekur mann fyrir stuld á erfðaefni plantna

Maður hefur játað að hafa stolið erfðabreyttu fræi af maískólfum í ræktun í Iowa-ríki í Bandaríkjunum. FBI hafði fylgst með manninum í tvö og hálf ár og allt að tíu ára fangelsisdómur getur legið við slíkum þjófnaði.

Reyndar er málið æsispennandi og í anda bestu nýsnasögu. Menn frá Bandarísku alríkislögreglunni, FBI, höfðu fylgst með ferðum mannsins, sem er Kínverji en bandarískur ríkisborgari, um miðriki Bandaríkjanna í tvö og hálf ár, komið fyrir staðsetningartæki á bifreið hans og hlerað símann hans. Stolnu fræin fundust við húsleit heima hjá honum í umbúðum utan af örbylgjupoppi. Sá seki sagðist við fyrstu yfirheyrslu hafa ætlað að færa ættingjum sínum í Kína örbylgjupoppið sem gjöf.

Maísinn sem um ræðir var þróaður af líftæknideildum Monsanto og DuPont og varinn með einkaleyfi.



Kínverjinn hefur viðurkennt að ætlunin hafi verið að fara með fræin til Kína þar sem fyrirtæki sem hann starfar fyrir hafi ætlað að nota þau við kynbætur í eigin maísræktun. Allt að tíu ára fangelsisdómur

ur og fimm milljóna bandaríkjadala sekt getur legið við slíkum þjófnaði fái maðurinn þyngsta dóm. Auk Kínverjans liggja sex Bandaríkjamenn undir grun um að að hafa ætlað að selja erfðabreytt fræ í eigu DuPont og Monsanto til fyrirtækis í Kína.

Málið gegn Kínverjanum er það fyrsta sinnar gerða en talið er að þjófnaður af þessu tagi hafi átt sér stað um nokkurra ára skeið. /VH

Nýleg skýrsla FAO um stöðu búfjárkynja í heiminum:

Að lágmarki 17 prósent í útrýmingarhættu

Samkvæmt nýlegri skýrslu FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, eru 17 prósent af búfjárkynjum heimsins í útrýmingarhættu. Önnur 58 prósent er óvissa með, þar sem ekki eru til nýlegar tölur um fjölda gripa. Því er talið að enn fleiri búfjárkyn geti verið í hættu.

Í skýrslunni, sem fjallar einkum um stöðu og horfur fyrir búfjárkyn heimsins, kemur fram að frá árinu 2005 til 2014 hækkaði hlutfall þeirra búfjárkynja sem eru í hættu um heil tvö prósent. Leiddar eru líkur að því að þessa tilhneigingu megi að nokkru leyti rekja til sérhæfingar verksmiðjubúa þar sem markaðslegum kröfum er svarað með hámarksframleiðslu, sem er haldið gangandi með til þess bærnum en tiltölulega fáum búfjárkynjum.

Fjölbreytni búfjárkynja lífsnauðsyn

José Graziano da Silva, framkvæmdastjóri FAO, segir í formála skýrslunnar að 70 prósent af fátæku sveitafólki í heiminum hafi lífsviðurværi sitt af búfjárrækt. Þess vegna sé fjölbreytni búfjárkynja lífsnauðsyn



Íslenska geitin var nýlega skráð inn í verkefni Slow Food-hreyfingarinnar sem er ætlað að styðja við búfjárkyn í útrýmingarhættu. Mynd / smh

fyrir heimsbyggðina; landbúnað, byggðapróun í dreifbýli og fæðuöryggi.

Alþjóðlega Slow Food-hreyfingin hefur látið sig þessi mál varða og hluti af þeirra starfsemi er að reka sérstaka stofnun um líffræðilegan fjölbreytileika. Einn þáttur í þeirri starfsemi er stuðningur við búfjárkyn sem eru í hættu, í gegnum verkefni sín sem heita Presidia og Bragðörkin (Ark of

Taste). Presidia miðar til dæmis að varðveislu framleiðsluaðferða, vistkerfa og búfjárkynja – og íslenska geitin var einmitt skráð þar inn fyrir skemmstu fyrir tilstuðlan Slow Food-deildarinnar sem er starfandi á Íslandi. Bragðörkin miðar til dæmis að því að varðveita afurðir og þar innanborðs eru íslenska landnámsheitan, íslenska mjólkurkýrin, íslenska sauðféð, íslenska forystuféð, auk geitfjárens íslenska. /smh



Endurmenntun Lbhí

Námskeið um meðferð varnarefna í landbúnaði og garðyrkju

Í samstarfi við Umhverfisstofnun, Vinnueftirlitið og Farskólann

Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja öðlast notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörur vegna notkunar í landbúnaði og garðyrkju samkvæmt reglugerð nr. 980/2015.

Boðið verður upp á tvö námskeið:

Kennsla hefst 15. mars í húsnæði Farskólans á Sauðárkróki

Kennsla hefst 6. apríl hjá Lbhí á Reykjum í Ölfusi



www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
– Næsta blað kemur út **10. mars** –

limtrevirnet.is



Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með Yleiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og brunapolin. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

Ráðgjöf til viðskiptavina

Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.



Fjós



Vélaskemma



Hesthús

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

JEPPADEKK

DEEGAN | MTZ | BAJA CLAW

MICKEY THOMPSON

jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi

M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.
Stærðir 32" - 54"

Ice-track ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is

ChitoClear®

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2012

SÁRASPREY FYRIR ÖLL DÝR

- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sári
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
- Íslensk framleiðsla

Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um land allt

primex

Síglufjörður • Sími 460 6900 • info@primex.is • www.primex.is

Vantar nýja lykila?

Smiðum og forritum langflestar gerðir bíllykla

- Húslyklar
- Lášús og fylgihlutir
- Lyklakerfi
- Peningaskápar
- Silindrar
- Hurðapumpur

Neyðarþjónustan

Skútuvgi 11 • www.neyd.is • s: 510 8888
Opíð alla virka daga 8-18 laugardaga 10-14

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

LELY Welger Tornado RPC 245

Sambyggð rúllu og pökkunarvél

2 ÁRA VERKSMÍÐJU-ÁBYRGÐ

Samtæða sem byggir á áralangri reynslu Welger í smíði rúlluvéla. RPC 245 Tornado er sterk og afkasta mikil rúllusamtæða.

NÚNA ER TILVALIÐ AÐ TRYGGJA SÉR GÓÐA VÉL FYRIR SUMARIÐ

LELY

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Helstu nytjadýr heimsins



Í náttúrunni róta hænsn eftir fæðu á jörðinni. Þau eru tannlausar alætur sem aðallega lifa á fræjum og smádýrum.

Hænsni – stærsti fuglastofninn í heimi

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Áætluð heimsframleiðsla á kjúklingakjöti árið 2015 er rúmlega hundrað milljón tonn og samkvæmt einni áætlun verpa hænur heimsins 1,1 trilljón eggjum á ári. Rómverjar töldu hænsn vera spádómsfugla og fólk klæðir sig upp þegar því er boðið í hanastél.


Omögulegt er að gera sér grein fyrir því hversu mörg hænsni finnast í heiminum. Áætlaður fjöldi þeirra er allt frá því að teljast þrjár hænur á mann eða rúmlega 22 milljarðar, miðað við 7,4 milljarða af fólki, upp í 50 milljarða. Af húsdýrum í heiminum er fjöldi hænsnfugla langmestur og hænsni eru stærsti fuglastofninn í heimi.

Kjötframleiðsla

Heimsframleiðsla kjúklingakjöts árið 2015 er áætluð rúm 100 milljón tonn. Mest var framleiðsla í Bandaríkjunum, rúm 18,3 milljón tonn og næstmest í Brasilíu, tæp 13,5 milljón tonn. Í Kína, sem er í þriðja sæti yfir stærstu framleiðendur kjúklingakjöts í heiminum, nam framleiðslan 13,1 milljón tonna. Sameiginleg framleiðsla í löndum Evrópusambandsins var rúm 10,8 milljón tonn og á Indlandi var hún um 4,2 milljón tonn árið 2015. Lönd í sjötta til tíunda sæti voru Rússland, Mexíkó, Argentína, Tyrkland og Taíland, þar sem framleiðslan var frá rúmlega 3,6 milljón tonn niður í rúmlega 1,6 milljón tonn.

Brasilía er stærsti útflytjandi kjúklingakjöts í heiminum og flytur út tæplega 3,9 milljón tonn, Bandaríkin eru í öðru sæti með útflytningu upp á rúm 3,2 milljón tonn, samanlagt flytja lönd Evrópusambandsins út rétt tæp 1,2 milljón tonn. Því næst koma Kína og Taíland með 377 og 360 þúsund tonn.

Japan er stærsti innflytjandi kjúklingakjöts, um 875 þúsund tonn á ári, Sádi-Arabía er annar stærsti innflytjandinn með 850 þúsund tonn og Mexíkó er þriðji stærsti innflytjandi kjúklingakjöts í heiminum, 770 þúsund tonn. Því næst koma lönd



Samanburður á erfðaeftir sýnir talsverðan skyldleika hænsna og grameðlna, eða Tyrannosaurus Rex, sem dóu út fyrir 68 milljón árum.



Íslenska landnámshænan.



Að vera eins og reytt hæna á vel við í þessu tilfelli.

Evrópusambandsins undir einum hatti með 720 þúsund tonn og Írak sem flytur inn rúm 700 þúsund tonn af kjúklingakjöti á ári.

Framleiðsla á kjúklingakjöti á Íslandi árið 2015 var tæp 7,7 þúsund tonn og sama ár voru flutt til landsins 560 tonn af frystu kjúklingakjöti en í þeirri tölu er ekki talið kjúklingakjöt sem flutt er inn í unninni kjötvöru og tilbúnum réttum.

Eggjaframleiðsla

Hænur verpa eggjum sem eru gríðarlega mikilvæg fæða um allan heim. Egg eru gerð úr skurn sem er yst. Undir skurninu er himna sem kallast skjall. Innan við skjallið er hvíta og í henni rauða. Hænur hefja varp fjórum mánuðum eftir að þær klekjast úr eggjum.

Áætlaður fjöldi varphæna í heiminum er tæplega 5 milljarður. Mestur er fjöldi þeirra í Kína, tæplega einn milljarður, næstflestar varphænur finnast í Bandaríkjunum, um 300 milljón, um 290 milljón í löndum Evrópusambandsins, 133 milljón á Indlandi og 115 milljón varppúddur eru sagðar vera í Mexíkó.

Framleiðsla á eggjum á Íslandi árið 2014 var 3.617 tonn.

Þýskaland flytur inn mest af eggjum en Bandaríkin eru stærsti útflytjandinn. Íbúar í Mexíkó neyta allra þjóða mest af eggjum eða um 321 egg á mann á ári. Næstmest er neyslan í Bandaríkjunum, 255, Frakkar borða tæp 250 egg á mann

á ári, Portúgalar 186 og Indverjar 40. Framræktaðar varphænur geta orpið hátt í 300 eggjum á ári. Samkvæmt einni áætlun verpa hænur heimsins 1,1 trilljón eggjum á ári. Trilljón er einn með tólf núllum á eftir.

Auk þess sem hænsni gefa af sér kjöt og egg eru fjaðrirnar notaðar í sessur og sængur og þurrkaður hænsnaskítur er góður áburður.

Hænsn eru skyld grameðlum

Rannsóknir á þróun fugla sýna að þeir eru skyldir forneðlum. Samanburður á erfðaeftir sýnir talsverðan skyldleika hænsna og grameðlna, eða Tyrannosaurus Rex, sem dóu út fyrir 68 milljón árum.

Tannlausar alætur

Hænsni eru hópdýr og teljast vera miðlungs eða stórir fuglar, 1,5 til 2 kíló að þyngd. Vængir þeirra eru litlir miðað við stærð búksins og hænsni eru ófleyg. Fáir hænur í hópum að unga út eggjum skiptast þær á að sitja á og ala ungana upp í sameiningu. Útungunartími frjórna hænueggja er 21 dagur.

Goggunarröð í hæsnahópum er mikil og dýr ofar í goggunarröðinni hafa forgang að æti. Finni ríkjandi hani fæðu kallar hann oft á hænurnar sínar og leyfir þeim að éta fyrst. Hænur sýna sömu hegðun gagnvart ungum.

Valdabarátta lausagöngu hæna í eldi þar sem pláss er takmarkað getur leitt til kannibalisma innan hópa.

Þegar hanar stíga í vængi við hænur dansa þeir tignarlegan dans hjá eða í kringum hænuna þar sem þeir sýna og lækka vængina frammi fyrir henni.

Í náttúrunni róta hænsn eftir fæðu á jörðinni. Þau eru tannlausar alætur sem aðallega lifa á fræjum og smádýrum. Hænsn gleypa matinn heilan með goggnum og þaðan fer hann í svonefndan sarp þar sem fæðan mýkist. Melting fæðunnar á sér stað í þremur stigum. Úr sarpinum fer fæðan í kirtilmaga þar sem eiginleg melting hans á sér stað og að lokum er hann mulinn í fóarninu.

Karldýr hænsna kallast hanar, kvendýrin hænur og ungarnir



Goggunarröð í hænsnahópum er mikil og dýr ofar í goggunarröðinni hafa forgang að æti. Finni ríkjandi hani fæðu kallar hann oft á hænurnar sínar og leyfir þeim að éta fyrst.



Fornleifar benda til að hanar hafi verið notaðir í hanaat 5.400 árum fyrir Krist.

kjúklingar. Samheiti þeirra er hænsn og í eina tíð, þegar hænur, hanar og ungar gengu frjáls til sveita, voru þau stundum kölluð skíthólahopparar. Sagt er að hænur gaggi eða gali.

Líftími hænsna er mismunandi eftir kynjum, fimm til tíu ár. Samkvæmt Heimsmetabók Guinness náði elsta hænsn sem vitað er um sextán ára aldri. Kvikindið var hani sem að lokum drapst úr hjartaáfalli.

Kambur og hálssepar eru kyntákn

Kamburinn og hálsssepinn á höfði hænsna hefur það hlutverk að kæla blóð dýranna. Hænsni í heitari löndum hafa því stærri kamb en kyn sem hafa þróast á kaldari svæðum. Kamburinn og hálsssepinn þjónar einnig hlutverki í félags- og hegðunarmunstri hænsna. Stór kambur og hálsssepi eykur möguleika hana til mökunar og hanar makast frekar við hænur með stóran kamb en lítinn. Dökkur kambur og sepi eru merki um hreysti og fuglar með dökkrauðan kamb og sepa eru einnig líklegir í að makast en fuglar með ljósan kamb og sepa. Lögun kambsins er mismunandi milli kynja og stundum innan sama kyns og talað er um einfaldan kamb, ertu-, sessu-, rósa- og valhnetukamb, svo dæmi séu tekin til að lýsa lögun hans.

Tamdar fyrir 12.000 árum

Tamin hænsn, Gallus gallus domesticus, eru afkomendur villi- og skógarhænsna, G. bankiva, og er talið að fyrstu hænsnin hafi verið taminn í Suðaustur-Asíu og Kína fyrir um það bil tólf þúsund árum.

Auk G. bankiva teljast seylonhænsni G. lafayetii, leppahæna G. sonneratii og jövu hæna G. varius til ættkvíslarinnar Gallus eða kambhænsna.

Frá Kína bárust hænsni til Indlands og þaðan til Afríku. Talið er að hænsn hafi borist til Evrópu eftir tveimur leiðum. Til Grikklands um 700 árum fyrir Krist frá Afríku og með Mongólum í gegnum Rússland og Pólland.

Rómverjar höfðu mikið dálæti á hænsnum og ólu heilög hænsni í hofum sínum. Þau voru talin spásagnardýr og þeim var blótað fyrir orrustur. Rómverjar höfðu með sér hænsn í landvinningaferðum sínum og eiga því stóran þátt í útbreiðslu þeirra um Evrópu.

Rannsóknir benda til að hænsni hafi borist til Suður-Ameríku, með viðkomu á eyjum í Pólínésíu, nokkur hundruð árum fyrir sjóferð

Kólubusar þangað. Til Íslands bárust hænsni með landnámsmönnum.

Hanaat og hanastél

Fornleifar benda til að hanar hafi verið notaðir í hanaat 5.400 árum fyrir Krist. Hanar voru víða til forna tákn um karlmennsku og frjósemi. Egyptar náðu snemma mikilli leikni í hænsnarækt og kjúklingakjöt og egg voru mikilvæg fæða þeirra um það leyti sem Egyptar voru að reisa pýramíðana. Hænur finnast á egypskum veggmyndum og Egyptar voru farnir að unga út eggjum í massavís í sérstökum útungunarhúsum fyrir rúmum tvö þúsund árum.

Hænsn gegna veigamiklu hlutverki við bálfarir hindúa í Indónesíu. Fuglarnir eru bundnir á fæti nálægt bálinu þar sem því er trúað að illir andar sem geta sótt að þeim látna leiti í hænsnin og festist í þeim. Eftir að bálið brennur út eru hænsnin tekin heim þar sem sagt er að andarnir geti ekki gert þeim mein.

Í Matteusarguðspjalli segir Jesús: „Sannlega segi ég þér: Á þessari nóttu, áður en hani galar, muntu þrisvar afneita mér.“ En hann sór og sárt við lagði að hann þekkti ekki manninn. Um leið gól hani. Og Pétur minntist þess er Jesús hafði mælt: „Áður en hani galar muntu þrisvar afneita mér.“ Og hann gekk út og grét beisklega.

Vegna þessa hafa hanar verið sagðir tákn um svik og pretti.

Í dæmisögum hins gríska Esóps er sagt að ljón séu hrædd við hana. Hanar eru eitt af tólf kínversku stjórnumerkjunum og á Vesturlöndum þykir fínt að vera boðið í veislur sem kallast hanastél.

Lohmann og Ross Cobb

Hundruð ólíkra hænsnakynja sem hafa þróast á mismunandi hátt finnast í heiminum. Kynin eru ólík að stærð, lit fjaðra og holds. Í Kína er til dæmis hænsnakyn sem er með svart hold. Stærð, lögun og litur kambsins er mismunandi, fætur með líkum fjölda taa. Auk þess sem eggin sem kynin verpa eru ólík að stærð og lit. Mörg þessara kynja eru ræktuð sem skrauthænur.

Í eldi eru nokkur hænsnakyn algengust hvort sem um er að ræða kjúklinga til kjötframleiðslu eða varphænur. Fyrir nokkrum áratugum var meirihluti varphæna á Íslandi af kyni sem kallaðist Leghorn eða Hvítir Ítalir. Í dag eru næstum allar varphænur af kyni eða öllu heldur vörumerki sem kallast Lohmann og



Egg eru gerð úr skurn sem er yst. Undir skurninni er himna sem kallast skjall. Innan við skjallið er hvíta og í henni rauða.



Framleiðsla á eggjum á Íslandi árið 2014 var 3.617 tonn.



Heimsframleiðsla kjúklingakjöts árið 2015 er áætluð rúm 100 milljón tonn.



Í Japan er hænsnakyn sem er ræktað sérstaklega vegna langra stélfjaðra.

koma frá Skotlandi. Kjúklingar til kjötframleiðslu eru kyn eða vörumerki sem kallast Ross Cobb og koma frá Þýskalandi. Auk þess sem margir rækta landnámshænur sér til yndis.

Íslenska landnáms hænan

Nokkuð öruggt er að hænsn hafi borist til Íslands með landnámsmönnum frá Noregi. Landnáms hænsn eru þekkt fyrir fjölbreytilega liti og litaafbrigði og sem dæmi má nefna litbrigði eins og guldröfnótt, svart- og hvítýrj-ótt, rauðdröfnótt, gráflíkrótt, ljósgrá og appelsínugult. Stærð landnáms hænsna er nokkuð mismunandi og kamburinn er talsvert breytilegur að stærð og lögun. Mjög gekk á stofn landnáms hæna þegar leið á 18. öldina og dó stofninn næstum út á tíma. Íslenskar landnáms hænur eru hraustar og langlífar.

Getið er um hænur í Hænsnaþóris sögu og sagt að hann hafi ræktað og selt fiðurfé og hana auk þess sem hænsna er getið í Flóamannasögu. Hanarnir Fjalar og Gullinkambur eru nefndir í Völuspá. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson segja í Ferðabók sinni að þeir hafi séð svört hænsni í Öræfasveit.

Búkur landnáms hæna er þéttur og hálsinn stuttur og breiður. Bakið er stutt og breitt og bringan hvelfd. Hausinn er fremur lítill og oft með fjaðratopp. Goggurinn er stuttur og breiður. Stélið er hátt sett og sporar hananna langir og uppsveigðir. Íslenskar hænur hafa gulgræn eða gulbrún augu.

Vinsældir þess að eiga nokkrar landnáms hænur hafa farið vaxandi meðal borgarbúa undanfarin ár.

Hauslausar hænur

Fyrst eftir að hausinn er höggvinn af hænsnfuglum geta þeir tekið hraustlega á rás og jafnvel virst fljúga. Astæða þess er að öll líkamsstarfsemi hænsnanna er virk og hjartað slær fyrst eftir hausmissinn. Að lokum hættir starfsemi líkamans vegna súrefnisskorts.

Lesendabás

Erlent ferðafólk mun greiða Íslandsgjaldið með ánægju

Við undirritaðir höfum verið beðnir um nánari útfærslu á hugmyndum okkar um ýmsa þætti ferðamála sem við höfum birt að undanfögnu. Er okkur ljúft að verða við því.

Lykilatriði málsins er þetta: Það er útilokað að íslenska þjóðin geti búið við þá happa- og glappaaðferð sem ríkir í dag. Við óbreytt ástand verður ekki unað. Við leggjum til að erlendir ferðamenn sem ætla að skoða og ferðast um landið greiði 5.000 kr. í aðgangseyri, sem vel mætti kalla Íslandsgjald. Fyrsta árið gerir það 5 milljarða króna miðað við eina milljón gjaldskyldra ferðamanna. Þeir fjármunir og þeir sem síðar innheimtast verði notaðir undanbragðalaust í uppbyggingu innviða og rekstur vegna löggæslu hreppstjóra eða svæðisumsjónarmanna. Kostnaður vegna fræðslu um landið og rekstur björgunarsveita einnig innifalinn.

Sumir ráðamenn vilja borga brúsann úr ríkissjóði. Með peningum sem ekki eru til eða ættu frekar að fara í annað. Það teljum við misráðið. Þeir sem koma gagnert til að njóta hins stórkostlega íslenska náttúruundurs eiga að greiða fyrir það sanngjarnan aðgangseyri. Til að við getum varðveitt landið fyrir komandi kynslóðir. Koma í veg fyrir ótröð. Grunur okkar er sá að erlendir ferðamenn munu almennt skilja það og greiða sinn hluta með ánægju. Og fá fyrir það ýmsa þjónustu sem þeir njóta ekki í dag. Þeir verða ánægðir þegar þeir verða varir við að allt sé á hreinu sem hægt er. Þeir sem ekki una gjaldtökkunni munu þá fara annað. Þeir koma bara seinna. Enda takmarkað hvað Ísland þolir af erlendum ferðamönnum. Þar hljóta að vera einhver mörk. Íslendingar eiga svo að njóta góðs af þessu er þeir ferðast um eigið land. Kemur þar margt til.

Eftirfarandi kostnaðartölur yfir það sem hér er rætt um leggjum við fram, með tilvísun til fyrri greinar. Þetta eru auðvitað frumstæðar hugmyndir leikmanna að vestan, sem hafa kannski lítið vit á því sem þeir eru að tala um. En samt.

Hreppstjórar

Við höfum lagt til að þeir verði 100 talsins, starfi undir stjórn lögreglustjóra og sýslumanna og fái sérstakt erindisbréf. Reiknað er með að kostnaður við hvert embætti verði um 10 milljónir kr. á ári og hreppstjórnarnir starfi meira og minna allt árið. Góð tilhugsun að endurreisa gömul embætti á nýjum grunni. Í þau verði ráðnir samkv. umsóknum menn af báðum kynjum sem gjörþekkja allar aðstæður á heimaslóðum.

- Laun hreppstjóra 4,200,000
- Launatengd gjöld 2,500,000
- Bílaleigubíll 2,000,000
- Húsnaði 1,000,000
- Annar kostnaður 300,000
10,000,000,- x 100

= Alls einn milljarður
Salernisaðstaða

Það sem við meinum með salernisaðstöðu er laglegt hús með kannski 10 salernum, sameiginlegu rými með vöskum, handklæðum, speglum, lítilli sölubúð með hreinlætisvörur og aðstöðu fyrir eftirlitsmann. Hæfileg bílastæði. Mega vera ómalbikuð fyrst í stað. Þar sem ekki er rafmagn frá samveitu verði settar upp sólarráhlöður og gas til upphitunar. Húsakostur verði boðinn út í heilu lagi. Rekstur einnig boðinn út. Ókeypis aðgangur fyrir alla! 50 einingar til að byrja með.

- Stofnkostnaður
50 x 50,000,000
= 2,500,000,000,-
- Rekstur 50 x 9,500,000
= 475,000,000,
- Stjórnun, eftirlit o.fl.
= 25,000,000,-
Alls þrír milljarðar

Fræðsla og björgunarsveitir

Fræðsla um Ísland. Reyndir leiðsögumenn og ferðaskrifstofufólk sjái um þennan þátt. Eðli málsins samkvæmt yrði sú starfsemi einkum á Keflavíkurflugvelli.

Kostnaður, ósundurliðað
= 500,000,000,-

Björgunarsveitir

Björgunarsveitir kæmu að þessu með því að sjá um fræðslu einkum fyrir þá sem ætla sér að ferðast um hálendi landsins og aðra fáfarna staði. Síðan eru þær alltaf í startholunum að vanda. Verði jafnvel á ferðinni vítt og breitt til að leiðbeina. Verði sýnilegar. Standi jafnvel vaktir á hættulegum stöðum í samráði við hreppstjóra og lögreglu. Virkt forvarnarstarf!

Framlag, ósundurliðað
=500,000,000,-

Alls allur pakinn fimm
milljarðar króna

Rúsínan í pylsuendanum

Svo er það rúsínan í pylsuendanum. Hver á að sjá um innheimtuna? Því er fljótsvarað: Það eiga flugfélögin að gera. Hjá þeim er myljandi hagnaður af ferðamönnum sem eru komnir til að skoða landið. Eru ekkert of góðir til að sjá um smá viðvik í staðinn fyrir allan gróðann. Fyrir Ísland og komandi kynslóðir.

Enginn mun njóta eins góðs af tillögum okkar í beinhörðum peningum. Þeir ættu auðvitað að hafa forystu í málinu ef vel ætti að vera. En sjálfsagt verður bent á að þetta sé óframkvæmanlegt. Þeir munu varla þekkja sinn vitjunartíma ótilneyddir. En hver veit!

Hallgrímur Sveinsson,
Bjarni G. Einarsson,
Guðmundur Ingvarsson

Heyrt fyrir norðan

Er komin meiri bláða og blóm í haga í íslenskum kúabúskap? Eða er það eintómur njóli sem skyggir á raunverulegt ástand í framtíðarsýn mjólkurframleiðslunnar?

Ekki ætla ég að daga úr bjartsýni um betra gengi mjólkurframleiðslunnar eða segja, „Þetta minnir um of á upphaf hrunsins“ þ.e.a.s. ný fjós, breytt fjós, snaraukin framleiðsla mjólkur og þá allra mest umfram kvóta eða s.k. umframmjólk.

Ja, því ekki?

Gott mál, fáir á höttunum eftir kvóta og mjólka allt hvað þeir geta, þ.e. tilkostnaður við aukinni framleiðslu getur ekki verið lægri, engin kvótakaup, bara hey og kjarnfóður, og svo auðvitað fleiri kýr, og það hefur auðvitað haft áhrif á verð kúa til mjalta svo ekki sé nú talað um fyrsta kálfs kvíga komnum að burði, líklega nú í lok ársins 2015, 250–270 þúsund + vsk.

Undirritaður sem starfað hefur með mjólkurframleiðendum í tug ára getur vitnað um það að sala og áhugi mjólkurframleiðenda fyrir uppbyggingu og eflingu mjólkurframleiðslunnar er með eindæmum og hef ég þó starfað með mjólkurbændum í 35 ár.

Sala á mjaltþjónum tekur stökk

Sala á mjaltþjónum hefur tekið margfalt stökk upp á við og hafa mjaltþjórnar hreinlega flætt inn í landið, bygging nýrra fjósa í sögulegu hámarki og víða stórfelldar breytingar eldri fjósa og aflagðra hlaðna.

Sem dæmi hefur sala Delaval mjaltþjóna og fylgibúnaðar slegið allar áætlanir á hliðina og verið margfalt meiri en gert var ráð fyrir.

Eitthvað eru þó bankarnir misáhugasamir að lána mjólkurframleiðendum fyrir uppbyggingarkostnaði en sem dæmi má reikna með að bygging nýs fjóss með öllum búnaði, þ.m.t. mjaltþjóni, kosti um 120–140 milljónir.

Fer auðvitað einnig eftir því hvort heimamenn séu laghentir eða a.m.k. duglegir við að bjarga sér og geti því allt að því byggt fjósið sjálfir með smá aðstoð fagmanna, þá er þetta hægt fyrir innan við 100 millj. kr.

Auk hefðbundinnar mjólkurframleiðslu með sölu mjólkur í samlag hefur áhugi á „með sölu“ þ.e. beint frá býli stóruaust og eru vörur merktar „Beint frá býli“ orðnar afar vinsælar, jafnvel þótt þær séu oft dýrari en markaðurinn almennt.

„Færanlegt mjólkursamlag“

Og nú fyrir stuttu sá ég fjallað um hugmynd Halldórs Karlssonar mjólkurfræðings um „Færanlegt mjólkursamlag“ þ.e.a.s. Halldór ætlar að byggja stóra kerru eða aftanívagn sem dreginn yrði milli bæja sem hefðu áhuga á að framleiða mjólkurafurð úr hluta eða allri tilfallandi mjólk á viðkomandi bæ tímabundið, skyr, jógúrt, margar tegundir osta o.s.frv. og yrði síðan markaðssett sem „Beint frá býli“.

Þessi hugmynd varð ofarlega í samkeppni um nýsköpunarverkefni en fékk ekki alveg nægilega margar tilnefningar til að hljóta fjárframlag sem er að mínu viti synd, en stórhuginn Halldór er ekki af baki dottinn og hyggst halda áfram með hugmyndina og að mínu viti væri meira vit í að setja peninga í þessa hugmynd en margar aðrar sem hafa hlotið náð fyrir augum „vitringa“, sem



sé, gangi þér vel, Halldór minn, þú ert sannarlega ferskur og framsýnn.

Lífrænar landbúnaðarafurðir

Nokkuð hefur gustað um framleiðslu á lífrænum landbúnaðarafurðum og sú tegund búskapar sem ég þekki best til, þ.e.a.s. mjólkurframleiðslan, hefur ekki haft erindi sem erfiði á þessari skilgreiningu framleiðslunnar þrátt fyrir að borgað er eða a.m.k. var, 25% herra verð fyrir lífræna mjólk.

Raunar hef ég eftir langt starf sem mjólkureftirlitsmaður ákveðna skoðun á lífrænni framleiðslu mjólkur og þótt áhugi margra kaupenda sé umtalsverður tel ég að ofmat og röng vitneskja um tilurð, mat og kröfur fyrir lífrænni vottun sé mjög algeng.

Margir kaupendur halda að þetta sé jafngildi gæðavottunar, hreinleikastimpils, lágrar líftölu (gerlamagn) snyrtilegheit, góða umgengni o.s.frv. Að lífræn mjólk sé miklu betri og hollari en hefðbundin mjólk.

Málið er hins vegar það að lífræn vottun tekur ekki til neins þessara þátta, heldur einvörðungu kröfur um að hefyngur viðkomandi sé tilkominn án tilbúins áburðar og ákveðin efni bönnuð við heyskap, lyfjanotkun fyrir skepnurnar er háð

takmörkunum og útskolunartími lyfja er lengri, gjöf kjarnfóðurs er háð ákveðnu efnainnihaldi o.s.frv. og e.t.v. hef ég gleymt einhverju.

En eins og einn vottunaraðili sagði við mig, við erum ekki að votta gæði mjólkur, umgengni eða hrein mjólkurhús og fjós, okkur kemur það ekkert við. Sem sé vottunin að mestu leyti hvað kýrnar mega éta.

En í stuttu máli, lífræn mjólk er hvorki betri né verri en „venjuleg“ mjólk. Óska þeim sem reyna að standa áfram að lífrænum búskap alls hins besta.

Eins og mörgum kúabændum er ljóst verður framleiðslukvóti skertur um 4 millj. lítra 2016 og víst að búvörusamningurinn, sem ekki er tilbúinn til umræðu, en stefnir í að apa eftir ES allt bæði gáfulegt og heimskulegt, þ.e.a.s. að fella niður kvótann og láta frumskógarlögmálið gilda.

Eins hefur ákvörðun MS um fulla greiðslu fyrir alla mjólk, þ.e. sk. umframmjólk komið sérlega einkennilega á sama tíma og framleiðsluréttur er skorinn niður.

Ég ætlaði að lesa mér til um málið í grein Jóhanns í Hildisey hér á síðum naut.is en, Jóhann minn, þessi grein hefði þurft að vera þrískipt svo menn sofnuðu síður yfir henni og skreyta þínulítið með myndum svo þetta verði ekki eins og greinin er, grá af letri og allt of löng, en engu að síður er greinin upplýsingalega góð, full af visku og upplýsingum og mundi gagnast flestum væri hún ekki svona svakalega langdregin og menn stelast til að hlaupa yfir helling, áfram? Auðvitað!

Led-lýsing í fjósum

Á seinna hundraðinu sá ég áhuga verða umfjöllun, grein um Led-lýsingu í fjósum og líðan gripa vegna lýsingar, hafa bændur hugað um lýsingu sem eitt af stóru málunum? Held almennt ekki, þarna hvet ég bændur til að fylgjast nú vel með Led-væðingunni því af Led stafar lítil rafsegulsviðsmengun vegna miklu minni orkuþarfar, hún gengur köld og eyðir eins mörgum sinnum minni orku en hefðbundin halogen- eða glóperu-lýsing og er auk þess vanalega mun bjartari, þ.e.a.s. meiri birta fyrir margfalt minna verð, þ.e. þegar búið er að vinna upp muninn á verði stofnkostnaðar sem er nokkuð hærri í Led, en ekki gleyma borgun til baka í betra heilbrigði gripa og þegar það er metið með er Led-lýsing betri og ódýrari til lengri tíma lítið.

Takið hiklaust stefnuna á LED í ný fjós.

Með von um bjartan kúabúskap og góð mjólkurá, Kristján Gunnarsson



Bændablaðið
á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)
Smáauglýsingar 56-30-300

Lesendabás

Sauðfjárbændur samþykkja hvað sem er

Nú liggur fyrir Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Sem okkur sauðfjárbændum gefst kostur á að samþykka eða synja í atkvæðagreiðslu. Fljót á litid virðist samningurinn vera í einhverju samræmi við samningsmarkmið sem sett voru á aðalfundi LS í apríl 2015, en þegar nánar er aðgætt er reyndin talsvert önnur.

Í nóvember gafst bændum kostur á að fylgjast aðeins með gerð þessa nýja samnings og þá var vissulega reynt að anda í drukkinn. Samningamönnum okkar var gerð grein fyrir því að aldrei hefði staðið til að leggja niður greiðslumarkið eða að kollvarpa núverandi kerfi. En nú á samt að gera það.

**Algert afnám
framleiðslustjórnunar**

Megin virði núverandi beingreiðslukerfis liggur í þeirri framleiðslustjórnun sem í því felst. Afnáms beingreiðslna jafngildir afnámi framleiðslustjórnunar. Með stuðningskerfi nýja samningsins munu bændur keppa beint hver við annan um framleiðslustyrkina, með því að framleiða sem mest. Þannig samkeppni mun óhjákvæmilega leiða af sér aukna framleiðslu. Og það virðist vera helsta gúlrotin í samningnum; tækifærið til að framleiða meira.

Það vantar ekki kindakjöt á Íslandi. Síðast þegar ég vissi vantaði heldur ekki kjöt á erlendum mörkuðum. Við erum að flytja út kjöt og getum hvenær sem er aukið við framleiðsluna ef eitthvað verður upp úr útflutningi að hafa. Það verður ekkert vandamál.

Beingreiðslur falla til afurða sem seldar eru innanlands

Enginn íslenskur skattgreiðandi kærir sig um að niðurgreiða framleiðslu sem flutt er úr landi. Með afnámi beingireiðslna mun öll framleiðsla hljóta sömu styrkina, hvort sem þörf er fyrir hana innanlands eða ekki. Útflutningur á vörum framleiddum í stuðningskerfi nýja samningsins verður ríkisstyrktur, nákvæmlega eins og vörur á innlendan markað. Enginn íslenskur bóndi kærir sig um að svara fyrir ríkisstyrktan útflutning árið 2026. Sauðfjárbændur gáfust endanlega upp á því áður en landið fór að taka þátt í söngvakeppinni, sællar minningar, fyrir 30 árum.

Allir gildandi viðskiptasamningar við útlönd gera ráð fyrir að landbúnaðarvörur til útfloðnings séu ekki ríkisstyrktar svo nokkur nemi og ég hreinlega skil ekki hvernig þessi nýi samningur á að tryggja farsælan og gróðavænlegan útfloðning landbúnaðarvara um langa framtíð. Samkvæmt mínu viti er það í besta



Sigríður Jónsdóttir sauðfjárbóndi, Arnarholti.

Myndir / HKr.

falli óskhyggja, í versta falli blekking.

Sá samningur um starfsskilyrði
sauðfjárræktar sem nú er lagður
fram, mun óhjákvæmilega leiða af
sér aukna framleiðslu, með tilheyr-
andi fjölgun sauðfjár.

Það vantar ekki kindur á Íslandi

Margir Íslendingar vilja nota land til alls annars en sauðfjárræktar og sumir vilja hvergi sjá kind í námunum við sig eða sitt. Fækkun sauðfjárá landinu og gróðurframvinda undanfarinna áratuga hefur aukið okkur sauðfjárbændum von og bjartsýni um að við gætum búið í friði við samborgarana eitthvað lengur. Með þessum nýja samningi virðist það gert útilokað.

Offramleiðsla og ofbeit eru sviðsmyndir sem vert er að fella í atkvæðagreiðslu.

*Fram undan er væntanlega
fundaherferð*

Sauðfjársamningurinn er vandlega veggfóðraður með lofordum sem sjálfsagt verða kynnt fjálglega sem kostir samningsins.

Okkur verður sagt að nýliðum verði gert auðvelt að byrja að búa. Það vantar ekki fleiri sauðfjárbændur. Því miður. Sauðfjárbændur vantar meiri tekjur og þær fást ekki með því að fleiri bændur framleiði meira.



vernda okkur fyrir allri óheillabró-
un. Mín skoðun er sú að við þurf-
um ekki að láta narra okkur inn
í þennan samning. Í upphafi skil-
endirinn skoða og afleiðingarnar
geta verið hverjum manni ljósar
nú þegar. Það þarf að semja upp
á nýtt og semja óðrúvisi. Hér er
verið að breyta breytinganna vegna
og, eins og stundum áður, fyrir þá
sem hafa veðjað hátt og hafa lítið
til að leggja undir annað en afkomu
annarra.

Óvissa framtíð og ekki sérlega hjarta er sauðfjárbændum ætlað að samþykkja. Því þeir eru slíkar gungur að þeir munu samþykkja hvað sem er.

Kæru félagar. Við verðum að fella þennan samning. Við getum ekki látið þetta yfir okkur ganga og við þurfum þess heldur ekki. Við höfum atkvæðisrétt og segjum nei.

Sigríður Jónsdóttir,
sauðfjárbóndi Arnarholti.

IÐNAÐARHURÐIR BÍLSKÚRSHURÐIR

- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Polir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is

Styrkir til rannsókna og þróunarverkefna í garðyrkju

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um framlög til rannsóknna- eða tilraunaverkefna vegna ársins 2016 samkvæmt 5. gr. í samningi um **starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða**, frá 12. mars 2002, með síðari breytingum.

Framleiðnisjóður annast vörslu umrædda fjármuna, auglýsir eftir umsóknum og sér um greiðslu framlaga. Styrkir vegna rannsóknna/tíllauna geta numið allt af 50% heildarkostnaði við rannsóknina/tíllaunina. Einungis er veitt framlög til rannsókna eða tíllauna sem nýtast íslenski grænnetisframlæiðslu.

Umsóknafrestur er til 1. apríl n.k

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á www.fl.is.

Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna

Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: umsókn um þróunarfé.

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins; thorhildur@fl.is



Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri – 311 Borgarnes
Sími 430-4300

**HUGSAÐU UM HEILBRIGÐI
HESTSINS**

IPEA.

Bætir meltingarflóruna
GASTRO

Bætir hár og hófvöxt
HUF & HAAR

Minnkar stress og sjónhræðslu
NERVEN

Styrkir sínar og bein
GELENKE

Fyrir vöðvauppbyggingu
MUSKULATUR

Steinefni fyrir keppnishestinn
VITALIS SPORT

IPEA.

BRIMCO

FLUGUMÝRI 8 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur

Ýviður – tré lífs og dauða, eilífðarinnar, upprisu og endurnýjunar



Askurinn Yggdrasill stendur á Iðavöllum, sígrænn yfir Urðarbrunni þótt ausinn sé hvítum auri. Af honum bíta hindir og verður ekki meint af.

Hann er svo gamall að níu kynslóðir tröllkvenna, sem allra kvikinda verða elstar, muna hann sem nýspróttið ungviði. Og hinn bogfimi Ullur í Ýdölum gerir sér skíði, boga og örvar úr greinum hans og er fyrir vikið með mestu köppum Asheima.

Tákn og skilningur á skáldskapnum

Margir táknfræðingar sem gert hafa sér far um að lesa úr Eddukvæðunum hallast að því að askurinn Yggdrasill hafi alls ekki verið trjategundin sem við almennt köllum ask. Heldur sé askur hér sem kenning fyrir tré almennt. Yggdrasill, heimstréð fjörgamla en síunga og sígræna, gálginna fyrir þíslarvættishengingu Óðins, möndull viðburðanna og hlífiskjöldur allra athafna.

Úr kvistum hans urðu þau til, Askur og Embla, sem æsir-ir Óðinn, Hæmir og Lóður blésu svo mannlífi í. Lim hans myndaði himinhvolfið og ræturnar héldu saman þeim örlagavef sem spannst á jarðarhvelinu. Og ef við heimfærum allt þetta á eina trjategund sem hægt er að skilgreina grasafraðilega kemur aðeins ýviðurinn til greina. Enda verður askur aldrei neitt sérlega bosmamikið, langlíft eða mikilúðugt tré. Hvað þá iðagrænt árið um kring.

Heitið „barraskur“ var eitthvað notað um ývið til forna. Það hefur breyst í „barrlind“ í norsku, dönsku og nokkrum sænskum mállýskum. Þá dregið af því að hægt var að nota trefjarnar innan úr berkinum í bönd líkt og lindibast.

Tvær rúnir fornar

Þrettánda rúnin, „iwaz“ eða „eeoh“, í engilsaxnesku fúþark-rúnunum er strik með stuttu skástriki að ofan til hægri og öðru slíku upp til vinstri. Hún táknar ývið og hljóðið mun hafa verið einhvers konar blásið i-hljóð í frumgermönsku, blendingur af j-og-ð. Á norrænu varð það að „ið“ eða „ið“. Það heldur sér í sænsku. Þar heitir ýviður „id“ eða „idegran“. Og þetta forna heiti ýviðarins er einnig tengt mörgum staðar- og mannanöfnum. Fyrst og fremst „hittust æsir á Iðavöllum“ og Iðunn er fulltrúi eilífðar og endurnýjunar sem holdgervingur hans. Ívar er sá er sá sem skýtur með ýviðarboga og hefur ávallt sigur.

Bæir eins og Ystad á Skáni og Isted sem áður var í Danmörku en tilheyrir nú Slésvík í Þýskalandi og er skrifað Istedt upp á þýsku. Staðarnöfn tengd ýviði eru um alla Vestur-Evrópu en oft erfið að greina þau vegna þess hve frumhljóðið er reikult í framburði og stafsetningu, það er nú ýmist táknað með y, ý, i, í eða ei eftir því hvaða tungumál á í hlut.

Enska heitið er yew og þaðan mun vera komið íslenska heitið ýr, þótt eiginlega þýði orðið – og rúnin „ýr“ í yngra fúþark-rúnakerfinu – bogi úr ýviði, ekki tréð sjálft sem tegund. Ég held mig við ývið þess vegna, en sætti mig samt við ýr-heitið sem endingu á tegundaheitum þegar ýviðir eru skilgreindir með íslenskum nöfnum. Reyndar hafa birst á íslensku heiti eins og „barrlind“ og „bogviður“ þegar ýviðir eru til umfjöllunar. Hvorugt þessara heita eru viðunandi sé litið til menningarsögunnar.



Ankerwycke-ýviðurinn – Lögberg breska heimsveldisins.

Átta tegundir

Ýviður, *Taxus baccata* L., er ein af átta tegundum ýviða sem dreifðar eru um þau svæði Norðurhvels þar sem laufviðir og barrtré vaxa hvað um annað, sunnan hinna eiginlegu barrskóga. Fjórar tegundir eru í Norður-Ameríku og þrjár í Austur-Asíu.

Ættkvíslin er forn og tilheyrir frumættbálki barrviða. Tegundirnar æxlást auðveldlega hver með annarri og eignast fullburða og frjóa einstaklinga sín á milli. Þannig að sumir halda því fram að tegundin sé í raun og veru aðeins ein en hafi aðskilist og einangrast vegna ísalda og landreks fyrir hundruðum árþúsunda.

Í Evrópu er aðeins ein tegund, sá sem við köllum bara ývið. Hann er að finna frá Kaspíahafi, vestur um Kákasus og Evrópu alla leið til Skotlands og Írlands. Til norðurs nær hann til suðurhluta Skandinavíuskagans og yfir Kirjálabotn til syðstu byggða Finnlands síðan um Rússland, Hvítússland og Úkraínu austur til Úralfjalla. Til Bretlandseyja barst hann meðan England og Írland voru landföst meginlandinu sem hæstu toppar á geysivíðfeðmu en láglandu svæði sem náði yfir þar sem nú er Skánn, Danmörk, Norðursjór og nokkuð vestur fyrir Írland.

Ýviðurinn evrópski hefur víðfeðmasta útbreiðslusvæði allra ýviðartegundanna. Aðrar tegundir eru staðbundnari og á afmörkuðum svæðum og yfirleitt í fremur fálíðuðum stóðum á hverjum stað. En þrátt fyrir að útbreiðsla evrópuýviðarins sé þetta dreifð, á hann alls staðar í vök að verjast og til eru skrár um

einstaklingsfjölda ýviða í flestum Evrópulöndum. Allt sem allt stendur varla eftir nema um ein milljón uppvaxinna ýviða í Evrópu. Alls staðar er hann undir eftirliti og víða alfriðaður. Nokkuð er unnið í því að endurheimta ýviðinn með nýplöntun.

Með hæðinni hefst það

Ýviður vex hægt, rétt tosað áfram og bætir varla við sig nema sem nemur einni til tveim spönnum á ári. Og hann hefur tilhneigingu að vaxa á alla kanta en verður aldrei að háum og reisulegum trjám. Um leið og trén hafa náð tólf til fimmtán metra hæð hætta þau að bæta við öðru en því sem kalla má eðlilegt viðhald í hæðarvöxtinn en leggja þeim mun meiri áherslu á að senda upp nýja boli frá rótarhálsi og mynda þétt og þykk bolaknippi sem gera trén mjög breið. Þau sýnast einstofna til að sjá en þegar að er gáð vaxa bolimir saman og vefjast hver um annan.

Því myndar ýviður ekki eiginlegan kjarnavið sem auðvelt er að aldursgreina. Og ýviðartré hafa því tilhneigingu í að verða hol að innan með tímanum. Því reiknuðu menn aldurinn út með því að mæla umfang bolsins eftir ákveðinni formúlu. Á norðurmörkum ýviðarins myndar hann helst lágar beðjur í skjóli stærri trjáa.

Sjaldgæft er að sjá hann sem reisulegt tré. Þó eru samt til nokkrir stórir ýviðir sem hefur verið plantað við kirkjur og herragarða í Danmörku og á Skáni. Við kirkjuna í Österslöv rétt norðan við Kristianstad standa nokkrir státlegrir ýviðir – um 10 metra háir. Talið er að þeir hafi verið gróðursettir þar á árunum 1570–1600. Þá var Skánn danskt landsvæði og



Ýviður – *Taxus baccata*, árçproti, blóm og ber.

presturinn sem þjónustaði söfnuðinn var danskur og trén líklega af dönskum uppruna. Talið er að þetta séu elstu ýviðir Svíþjóðar, en þar vaxa ýviðir strjált í gömlum álm- og beykiskógum. En alls staðar sem lágvaxnir runnar.

Öldungur hefur kynjaskipti í ellinni

Aldursgreining á gömlum ýviðartrjám er mikið sport og hefur verið iðkuð um margar aldir á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu. Meginlandstrén hafa mörg bókfærða þrettán til fimmtán alda sögu. En í byggðalögum Bretlandseyja eru nú að mælast ýviðir sem eru að minnsta kosti þrjú þúsund ára gamlir. Lengi vel var ýviður sem stendur í bænum Fortingall við Perthfjörð í Skotlandi talinn sá elsti með sínar tvö til þrjú þúsund ára gömlu rætur. Hann var upphaflega karlkynstré, ýviðir eru sérþýlistré, en á síðustu árum hefur hann haft kynskipti og ber nú frjó aldin sem hefur verið safnað og sáð af skoskum skógræktarmönnum.

Þannig að það er víst aldrei of seint að fá leiðréttingu á sínum málum, þótt kynslinn hafi blundað í trúnu í tuttugu aldir og kannski vel það. En líklega sannar þetta bara að aldnir geti ávallt tileinkað sér tækifæri og úðaranda yngstu kynslóðanna.

Elsta tré Evrópu?

En nýlega var Fartingall-ýviðnum velt úr sessi aldursforsetans, því að í afskekktu þorpi suður í Wales, St.Cynog, er nýlega búið að mæla og skilgreina ývið sem talinn er vera að minnsta kosti 5000 ára gamall

samkvæmt C14 aðferðinni. Og þá er átt við þann hluta hans sem ofan jarðar stendur. En í rótarleifum undir innsta kjarna hans mælist aldurinn vera 9000 ár. Það fæst hins vegar ekki staðfest sem aldur St.Cynog-ýviðarins vegna þess að ofanvöxt við þær leifar var ekki að finna. En reynist þetta rétt hefur St.Cynog-ýviðurinn verið búinn að skjóta rötum þarna nokkrum öldum áður en England aftengdist meginlandinu.

Ýviðirnir hér að ofan eru báðir á kirkjustöðum. Í hinum ævagömlu launhelgum Drúíða á Bretlandseyjum var – ekki síður en í ásátrú – mikil helgi á ýviðum. Blót voru haldin undir öldnum ýviðartrjám. Þegar kristinn síður komst á voru kirkjur byggðar á gömlu blótsstöðunum við ýviðartrén svo að víða á Bretlandseyjum standa ævagömul ýviðartré við kirkjur frá upphafi kristnihalds.

Lög og regla

En ekki eru samt öll hin öldnu og helgu ýviðartré kirkjum tengd lengur því að í aflögðu nunnuklaustri af benediktínareglunni sem stóð á hólmanum Ankerwycke og umlukinn er Thamesánni á flesta vegu, ekki ýkja langt frá Windsorkastala norðvestur af Lundúnum, stendur aldinn ýviður með átta metra bolumfang og er talinn vera einhverstaðar á milli 1400-2500 ára gamall. Þetta tré er eiginlega Lögberg breska heimsveldisins, því undir því var breska stjórnarskráin, Magna Carta, samin og undirrituð hinn 15. júní árið 1215. Þetta er allt vottað og skjalfest.

Sagan segir líka að undir þessum ýviði hafi Hinrik áttundi hitt Önnu Boleyn á árunum kring um 1530, en samt hefur ekkert um það verið sannreynt og skjalfest þagmælskunnar vegna.

Með aðgát skal farið

Ýviður kemur mikið við sögu garðyrkjunnar. Vegna endurnýjunarkraftsins sem í honum býr, þolir hann allra trjáa best stífa klippingu og tuktun í alls konar form og figúrur. Víða eru stór og mikilfengleg völundarhús, skúlptúrur og skrítnar skepnur gerð úr ýviði.

Í ræktun er ýviðurinn næsta nægjusamur með jarðveg og áburðargjöf ef hann fær bara nægan raka. Hann getur vaxið á berri klöpp ef þar finnst smugur sem vatn safnast í. Rótarkerfið er fremur grunnt og fer víða. Græðingafjöldgun reynist fagmönnum auðveld.

Á Íslandi hefur verið reynt að rækta ýviði. Best hefur þá gengið með japansýr, *Taxus cuspidata*, eða blendinga hans við evrópu-ýviðinn. Þeir blendingar kallast garðayr á íslensku og heita *Taxus × media* á fræðimálinu. En plönturnar þurfa gott skjól og vörn gegn þurrafrostri og umhleyppingum á veturna og þá jafnframt skjól gegn síðvetrarsól. Yrki sem má heita að séu nokkuð harðger hér eru karlkynsklóninn ‘Hatfieldii’ og kvenkynsklóninn ‘Hicksii’, báðir þéttir og sívalir í vaxtarlaginu.

Allir ýviðir eru mjög eitradir, barr, börkur og ber. Berin eru að vísu fuglum skaðlaus, en ekki þarf nema eitt fræ í mannsmaga til að af hljótið alvarlegt slys. Og nýleg dæmi eru um það erlendis frá að fólk hafi verið að drekka te af barrinu sér til heilsubótar – með skelfilegum afleiðingum. En dádýr eru einhverra hluta vegna eina skepna jarðarinnar sem ónæm er fyrir eiturráhrifum ýviðarins.



Fortingall-ýviðurinn – Skipti um kyn á gamals aldri.

Allt er breytingum háð – líka sauðfjárbúskapur

Gömlum frænda mínum þótti lítt til menntunar koma og leit á skólagöngu sem tímasóun. Kannski voru það varnarviðbrögð hjá honum því hann átti ekki kost á að mennta sig. Eða, kannski var hann bara ekki tilbúinn að viðurkenna að það að hleypa heimdragnum og sækja sér þekkingu utanfrá væri til bóta.

Hann var sauðfjárbóndi af gamla skólanum. Hann hélt sauði sem gengu við opið veturlangt og var gefið með beitinni. Hann hafði um 400 ær á vetrarfóðrum. Þeim var gefið tvisvar á dag; lágu við opið en byrgðar inni yfir blánóttina. Hrutarnir voru settir í hjörðina um jólaleytið og náttúran látn hafa sinn gang. Frændi hleypti ekki til gamsanna en hýsti þá og gaf þorra vetrarmánaðanna. Þegar fór að síga á einmánuð voru þeir, ásamt sauðunum, reknir á beit til fjalla. Á algróna bala þar sem snjóla leysti snemma.

Sauðburður fór fram undir bláhimni máisólarinnar sem oft á tíðum lét ekki sjá sig en sendi norðangarrann eða hraglanda og vosbúð í sinn stað. Ærnar voru vaktar með reglulegu millibili allan sólarhringinn og nýbærur aðeins hýstar ef það rigndi eða slyddaði hressilega á þær. Eitt lamb á á þótti gott og burðarhjálp var með öllu óþörf. Krummi sem bjó í nálægu gili var svarinn óvinur frænda míns enda var fuglinn sá fljóttur að fara í veikburða lömb eða ær og kroppa úr augu eða slíta út garnir.

Smala og smala aftur

Ánum var sleppt inn í heiði eins fljótt og hægt var. Fyrst var rekið í heimaréttina, ormalyfi dengt í hjörðina og lömbin mörkuð og merkt áður en þau stukkðu á vit íslenska sumarsins með mæðrum sínum. Í byrjun júlí var svo þarfasti þjónninn beislaður og fénu smalað til rúnings. Sumu hleypt inn á afrétt, annað var kyrrt í heimaheiðinni.

Halda fénu á meðan handklippurnar gengu í gríð og erg eftir skinni skepnanna var verkefni okkar krakkanna. Miserfitt því ærnar voru misvel framgengnar og misskapstórar. Að loknu dagsverki var ullin sett í balla og reidd á klyfberum áleiðis heim, því engin var vegurinn þarna inni í heiðinni. Að hausti var smalað á ný. Dregið í sundur, ásetningurinn valinn og sláturlömbin send burtu eins fljótt og auðið var, jafnvel á smalaðaginn. Minnstu lömbin voru höfð á túnum fram að næstu slátrun en grænfóðurræktun þótti ekki valkostur á þessum bæ. Ánum var sleppt aftur á úthagann þar til þær voru teknar á hús, ef vel viðraði ekki fyrr en í desember.

Leggur og læri

Fjárfstofninn hans frænda míns var



Þórunn Pétursdóttir.

fremur þunnur á lendar og malir. Háfættar og læranettar fjallafálur sem unnu sér oft friðleika til lífs, ekki síður en læragerð. Kynbætur sem miðuðu að stuttum legg og holdugum lendum höfðu ekki náð hans eyrum og voru því ekki hluti af hans skilningi og sýn á sauðfjárrækt. Hvort afurðirnar sem hann framleiddi væru þóknanlegar neytendum var ekki hans mál. Hann stóð sína plikt og markaðurinn skyldi bara gera sér það að góðu.

Hann og kaupfélagið voru eitt. Í kaupfélaginu fékkst allt sem þurfti svo frændi og Sambandið stundduðu í raun vöruskipti. Innlögð að hausti vó upp úttekt af reikningnum næstu 12 mánuðina; ja, eða skuldajafnaði kaupfélagið af stakri gæsku sá um að geyma það á reikningnum góða. Soðið kindakjöt var hversdags, ofnsteik á sunnudögum, saltkjöt við og við og hangikjöt á hátíðisdögum. Heimsmýndin var einföld, um það bil 8000 hektarar. Hversdagurinn samt aldrei eins því fénu fylgdi stöðugt og breytilegt stúss, allt eftir árstíma.

Upp úr 1980 fór unglingurinn á næsta bæ til náms við Bændaskólann á Hvanneyri. Frændi taldi hann og aðra búfræðinga ekkert skárri en þessa spekinga „að sunnan“ sem allt þóttust vita. Frændi minn lærði búskaparhætti af föður sínum og hafði djúpan skilning á þeim vinnubrögðum. En, rétt eins og þekking án skilnings er lítt vænleg til árangurs mun skilningur án aukinnar þekkingar ekki leiða til framfara.

Í næstu sveit

Á níunda áratugnum, meðan frændi minn bjó í tímalausum heimi sauðfjárbúskapar fortíðarinnar, voru aðrir bændur á þeysireið eftir kynbótabrautinni. Þar héldu búfræðingar um taumana og þar var hrútunum ekki hleypt stjórnlaut í ærnar. Ó nei. Allan fengitímann var valið handvirkir hvaða hrútur



Upprunamerking og gæðaflokkun þarf að fylgja afurðinni til neytandans.

skyldi feðra hvaða lömb og allt skráð af ítrustu nákvæmni í fjárbókina. Svampar og strá; eitthvað sem ég vissi ekki að þekktist fyrr en þá. Tilhlepplingar búnar að mestu um jólaleytið. Féð byrgt inni á gjöf frá miðjum nóvember að jafnaði, fram á vor. Ær með stuttan legg og samvaxin læri langt niður undir hækil. Vetrarrúíð. Sauðburður inni, endalausar stíur, vatn í fötum og burðarhjálp fastur liður í daglegri rútínu. Markað fljótlega eftir burð; tvö lömb á á, jafnvel þrjú, fjögur eða fimm þegar best lét.

Úthagabeit yfir sumarið, grænfóður og grösug tún að hausti. Allt viktað við smalamennsku, ekkert sent beint til slátrunar. Viktað aftur og jafnvel aftur áður en sláturbíllinn náði að leggja að. Ásetningur valin eftir ætterni föður, frjósemi móður og gerð skepnunnar. Fallþungi dila skráður eftir númerum og tengdur lífþunga. Meðalafurðir eftir á reiknaðar, kynbótastuðull hrútanna grandskoðaður og strá næstu tilhlepplinga valin eftir lúslestur gegnum hrútaskrána.

Seytján, ekki sautján

Allt var öðruvísi, meira að segja

tungumálið. Skjóla hét fata, reka var skófla, bura var allt í einu orðin að jakka, mögótt var golótt og vellótt var írautt! Sumt var þó eins – kaupfélagið og bændurnir í þessari sveit voru líka eitt. Og – þeir framleiddu afurðir eftir eigin kynbótastefnu án þess að hlusta eftir óskum neytendanna þarna „fyrir sunnan“. Það hraut af vörum sumra að þetta lið þyrfti bara að læra að éta kjöt og bera virðingu fyrir íslenskri framleiðslu. Kynbætur fjárfstofnsins hafa verið helsta aðalsmerki sauðfjárræktarinnar um langt árabil og leitt til ótrúlegra breytinga á vaxtarlagi og vöðvafyllingu skepnanna. Eitt virðist þó ekki hafa breyst mikið; enn er framleitt útrá áhuga og þekkingu bændanna á kynbótum, en ekki svo mikið útrá forsendum markaðarins né óskum neytandans.

Hvar er kjötið mitt?

Ánægjuleg þróun hefur engu að síður átt sér stað síðustu árin í sérvinnslu og sölu landbúnaðarafurða. Í dag getur sá „fyrir sunnan“ með útsjónarsemi og þolinmæði pantað vörur beint frá þeim framleiðendum sem neytandinn vill beina viðskiptum sínum til. Það eru meira

að segja nokkrar sérvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að versla upprunamerktar landbúnaðarvörur. Í hversdeginum fara allflestir þéttbýlisbúar aftur á móti í stórmarkaðinn.

Nokkrar greinar landbúnaðarins bjóða þar upp á vöru sem er upprunamerkt framleiðanda og jafnvel val á milli lífrænna og hefðbundinna afurða. Því miður er lambakjötið ekki í þessum flokki og neytandinn hefur almennt enga hugmynd um hvað hann er að kaupa.

- Hvar er rekjanleikinn sem Gæðastýringin átti að skila?
- Af hverju getur neytandinn ekki sannreynt muninn á gæðaflokkum sláturmatsins?
- Hvar er lífræna framleiðslan?

Það er löngu tímabært að sauðfjárbændur kanni hvað neytandinn vill og geri allt til að mæta þeim óskum. Lambakjöt er hágæðavara og á skilið mun meiri virðing en að vera selt í hálfum skrokkum fyrir smáaur í stórum sekk úr þykku glæru plasti sem á stendur „súpukjöt“.

Þórunn Pétursdóttir landgræðsluvistfræðingur

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

NÚ ER GÓÐUR TÍMI TIL AÐ PANTA LAMBAMERKIN

PANTIÐ TÍMALEGA!

Pantið merkin fyrir 20. mars til að tryggja að þau komi fyrir sauðburð

RITCHEY
fyrir íslenskan búfænað

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

STRÚKTÚR

Límtréshús
Stálgrindarhús
Yleiningar

SHERPA MINI-LOADERS

MARGAR GERDIR

NYTT

VERÐ FRÁ 1.595.000 Kr +vsk

....Made in Holland

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 696 0008 & 860 0264 |

Utan úr heimi

Ostaframleiðsla mikilvæg á Kýpur

Væntanlega tengja ekki margir Kýpur við mjólkurframleiðslu, enda landið líklega mun betur þekkt hér á landi sem ferðamanna-staður.

Kýpur er lítið land í Miðjarðarhafi, rétt rúmlega 9 þúsund ferkílómetrar eða rúmlega tíu sinnum minna en

Ísland, en þar búa þó rúmlega 1.100 þúsund manns. Þegar Kýpur fékk sjálfstæði frá Bretlandi árið 1960 var landbúnaður langmikilvægasta atvinnugrein landsins og grundvöllur sjálfstæðis landsins. Mikilvægasta atvinnugrein landsins í dag er hins vegar ferðaþjónusta en landbúnað-

Styrkir til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir hér með eftir umsókn-um um styrki til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt samkvæmt verklagsreglum Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt, sbr. auglýsingu nr. 702/2014.

Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- Yfirlit um tilgang og markmið verkefnisins
- Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu
- Tímaáætlun verkefnisins
- Fjárhagsáætlun verkefnisins.
- Hvernig verkefnið nýtist nautgriparæktinni.
- Hvar og hvernig niðurstöður verða kynntar

Umsóknafrestur er til 1. apríl n.k

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á www.fl.is.

Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna

Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: umsókn um þróunarfé.

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins; thorhildur@fl.is



Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri – 311 Borgarnes
Sími 430-4300



Landbúnaður á Kýpur býr við stöðugan vatnsskort og því getur mjólkurframleiðsla verið erfið.

ur er þó enn mikilvægur sem fyrr. Landbúnaðurinn er afar fjölbreyttur en bændur landsins sinna framleiðslu á öllum helstu matvælum allt frá korni, grænmeti og ávöxtum upp í mjólkur- og kjötvörur.

Stór kúabú

Kúabúskapur á Kýpur er nokkuð umsvifamikill þrátt fyrir smæð landsins en í landinu eru álíka margar mjólkurkýr og hér á landi eða um 25 þúsund talsins. Kúabúin eru hins vegar allnokkuð stærri en hér og er meðalbúið með um 120 mjólkurkýr og er árleg mjólkurframleiðsla búanna um 800 þúsund lítrar og er landsframleiðslan um 160 milljónir lítra.

Ekki auðveld búgrein

Að vera kúabóndi á Kýpur er alls ekki einfalt mál enda hentar veður-farið ekki sérlega vel fyrir búskap með mjólkurkýr en þar er afar heitt á sumrin. Kúm fer strax að líða illa



Halloumi-osturinn hefur verið framleiddur á Kýpur í hundruð ára en sérkenni þessa osts er að hann er miðlungs stífur og minnir nokkuð á Mozzarella-osta. Halloumi-osturinn var hér áður fyrr unninn úr mjólk frá geitum og ám en hefur í seinni tíð einnig verið unninn úr kúamjólk.



hún mest að vetrinum til og gagnast því ekki nógu vel í hefðbundnum landbúnaði. Vegna þessa hefur verið komið upp mjög fullkomnu söfnunarkerfi bæði fyrir regnvatn og frárennslisvatn frá þéttbýli svo unnt sé að nýta vatnið þegar þurkatímabilið kemur. Þetta kerfi er þó ekki gallalaust enda er frárennslisvatn frá þéttbýli eyjunnar oft mengað og þarf því að hreinsa slíkt vatn eigi að nýta það í hefðbundnum landbúnaði.

Taðtrefjar algengur undirburður

Þó svo að hátt hitastig henti mjólkurkúm alls ekki vel þá geta því þó fylgt ákveðnir kostir fyrir kúabúskapinn en algengt er að kýrnar liggi á taði í fjósum Kýpur, sem og í öðrum heitum löndum. Vegna hás hitastigs þornar mykjan hratt og sé hún að auki sett í gegnum skilju, sem skilur að fljótandi hluta mykjunnar og sjálfar taðtrefjarnar, verður úr mjúkur og þurr undirburður sem kúm fellur vel að liggja á.



Halloumi er með frekar hátt bræðslustig og þykir því henta vel til grillunar eða steikingar.

Aðalfundur Sambands garðyrkjubænda

verður haldinn að Hótel Borgarnesi 8. mars 2016 kl. 14:00.

DAGSKRÁ

SETNING: Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda.

ÁVÖRP GESTA:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2015.
3. Fjárhagsáætlun 2016.
4. Kosningar.
5. Ákvörðun um laun og starfskjör stjórnarmanna.
6. Ákvörðun um framtíð Markaðssjóðs.
7. Búvörusamningar – kynning og umræður.
8. Jarðræktarforritið Jörð – kynning.
Borgar Páll Bragason fagstjóri nytjaplöntusviðs RML.
9. Önnur mál.

Fundastjóri: Erna Bjarnadóttir.



Heilskorið korn algengt

Sé horft til fôðrunar mjólkurkúnnna á Kýpur þá er algengt að bændur slái kornið um skrið og votverki sem svokallað heilskorið korn enda er það úrvalsfóður fyrir mjólkurkúr í lágri eða meðal nyt. Oft er um blöndu af grasi, hveiti og byggi að ræða, saman eða hvort í sínu lagi. Auk þessa gróffóðurs er töluverð kjarnfóðurgjóf stunduð en líkt og í öðrum löndum er heilfóður að verða algengara og algengara en þá er öllu fôðri kúnnna blandað í eina blöndu og ekkert kjarnfóður gefið sér. Sé slíkt gert, þ.e. gefið heilfóður, er kúnum sjaldan hleypt út og þeim haldið í kældum fjósum enda svara hinar svartskjöldóttu kúr slíki fôðurgjöf yfirleitt með miklum afurðum og tilheyrandi lækkun hitastreitumarka.

**Halloumi osturinn**

Þó svo að afurðavinnskur landsins vinni margskonar mjólkurvörur þá stendur ein mjólkurvara upp úr en það er Halloumi osturinn. Halloumi osturinn hefur verið framleiddur á Kýpur í hundruð ára en sérkenni þessa osts er að hann er miðlungs stífur og minnir e.t.v. nokkuð á Mozzarella osta svo dæmi sé tekið.

Halloumi er með frekar hátt bræðslustig og þykir því henta vel til grillunar eða steikingar. Kypverska ríkisstjórnin hefur sótt um svokallaða upprunavernd á Halloumi ostinum en fáist slíkt leyfi tryggir það að enginn annar má framleiða ost og selja með sama nafni innan landa Evrópusambandsins. Halloumi osturinn var hér áður fyrr unninn unnin úr mjólk frá geitum og ám en hefur í seinni tíð einnig verið unninn úr kúamjólk.

Þessi ostur er „skyr“ þeirra Kypverja og er útflutningur á honum gríðarlega mikilvægur bæði kúa-bændum landsins en einnig landinu sjálfu enda nemur árlegt útflutningsverðmæti Halloumi ostsins um 10-12 milljörðum íslenskra króna og hefur verið vaxandi á hverju ári undanfarin ár. Það er því ekki að undra að stjórnvöld á Kýpur hafi slegist í lið með þarlandum samtökum afurðastöðva í þeim tilgangi að ná að lögfasta uppruna Halloumi-ostsins.

Snorri Sigurðsson
sns@seges.dk
Ráðgjafi hjá SEGES P/S
Danmörku



DEUTZ FAHR 5110C - alhliða traktor með nútíma þægindum

5C serían er hönnuð sem alhliða vél sem vinnur frábærlega með ámoksturstækjum. Við hönnun vélarinnar var þess gætt að hún væri notendavæn og þægileg en jafnframt einföld og laus við óparfa rafbúnað og tækni.

5 góðar ástæður til þess að kaupa sér Deutz úr 5C seríunni:

- Þýskur 3,6L Deutz mótör - 110 hö.
- Stop&Go (turbokúpling) - hægt að hemla og stöðva án þess að kúpla
- Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur
- Eco vökvadæla sem skilar hámarksflæði við aðeins 1.600 snúninga
- SSD - tvöföld stýrisdæla, fækkar snúningum á stýri

Bændur, fáid tilboð í DEUTZ-FAHR 5110C með Stoll FZ20 ámoksturstækjum og skóflu hjá sölumönnum okkar.



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



RÉTTU JEPPADEKKIN KOMA ÞÉR ALLA LEIÐ!



TOYO TIRES
driven to perform



BFGoodrich
TAKE CONTROL



MAXXIS®

FÁÐU AÐSTOÐ VIÐ VAL Á JEPPADEKKJUM
HJÁ SÖLUÁÐILUM OKKAR UM LAND ALLT

Grjótháls 10, Fiskislóð 30 og Tangarhöfða 8, Reykjavík
Lyngás 8, Garðabæ
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ
S: 561 4200
www.nesdekk.is



Hjólbarðaverkstæði
Bílabúðar Benna,
S: 590 2045
www.benni.is



Sérfræðingar í bílum



Áhrif heygæða á afurðir og heilsufar sauðfjár – grein 1: yfirlit

Þessi grein og fleiri með sömu yfirskrift sem ætlunin er að birtist hér í Bændablaðinu á næstu vikum eru skrifaðar í tilefni af óvenju miklum vanhöldum sauðfjár á vissum landsvæðum veturinn 2014-15. Fóðrun, heilsufar og afurðir tengjast á marga vegu og verður leitast við að skýra það samhengi.

Þessi fyrsta grein verður yfirlit um viðfangsefnið en síðari greinar munu taka betur fyrir afmarkaðri hluta þess. Lesendur ættu ekki að reikna með að hér verði sett fram ein allsherjar kenning um ástæður vanhalda. En vonandi fræða þessi skrif eitthvað bæði um sértæk og almenn atriði er snerta fóðrun sauðfjár til góðra afurða og heilsufars.

Áhrif veðurfars á heyskapartíma á fóðurgildi gróffóðurs

Þegar jarðrækt og fóðuröflun er eins og best verður á kosið, getur heimaflað gróffóður og beit farið mjög langt með að uppfylla allar fóðurþarfir á íslenskum sauðfjörbum. Það sem helst þyrfti þá að huga að væri að uppbót á vissum steinefnum, snefilefnum og vítamínum, og mögulega einhver viðbót í formi kjarnfóðurs af orku og próteini á síðustu vikum meðgöngu og fyrst eftir burð, þar til féð er komið á næga og góða beit.

Séu skilyrði til gróffóðuröflunar ekki með besta móti, verður framleiðslugildi gróffóðursins (fóðrunarvirði) undir væntingum, og afleiðingarnar geta orðið bæði skertar afurðir og lakara heilsufar fjárins. Gott dæmi um erfið heyskaparskilyrði var einmitt sumarið 2014, þegar saman fóru hlýindi, vætutið og sólarleysi vikum saman. Veltum aðeins fyrir okkur hvaða áhrif þetta hefur á gæði og þar með fóðrunarvirði gróffóðursins:

Þegar saman fara raki og hlýindi spretta grös hratt, tréna hratt, og fóðurgildið fellur því hratt. Styrkur orku, próteins og sumra steinefna í grösunum fellur hraðar en í meðalári og því væri æskilegt að slá snemma til að fóðurgildið verði ekki of lágt.

En rigning tefur fyrir slætti og verkun, þegar þurrkdagarnir loks koma er grasið orðið úr sér spröttið og/eða hrakið. Svo að jafnvel þó að hægt sé að bjarga miklu fóðri á stuttum tíma með nútíma heyskapartækni er hræfnið það lélegt að fóðurgæðin verða mun minni en almennt er stefnt að.

Sólarleysi veldur því að sykruminnihald grasanna verður lágt. Hátt sykruminnihald er einn af þeim þáttum sem skiptir hvað mestu máli varðandi góða niðurstöðu úr votheysverkun. Þegar það fer saman að sykruminnihaldið er lágt og óvenju mikil þörf á að votverka heyið þá verður verkin ekki sem best. Hlutfall óæskilegra efna eins og ammóníaks og smjörσύru verður hátt í fóðrinu eftir verkun.

Nokkuð er af D-vítamíni í gróffóðri sem þurrkað er í sól en lítið D-vítamín er að fá úr gróffóðri sem verkað er í óþurrkum og sólarleysi. Útfjólubláir geislar sólar virkja forstigsefni D-vítamíns í húð, þannig að birgðastaða D-vítamíns í líkama dýra er einnig slök eftir sólarlaus sumur miðað við þau sólríku. Á innistöðunni þarf D-vítamínið að koma úr líkamsforða og/eða fóðri. Af þessum sökum er mikil hætta á D-vítamínskorti eftir sólarlaus sumur, og þarf að bæta upp með viðbótarfóðri.

Fóðrunarvirði gróffóðursins er margfeldi fóðurgildis og áts.

Algengasti mælikvarðinn á fóðurgildi er orkustyrkurinn, mældur sem fóðureiningar (FEm) í hverju kg þurrrefnis (þe). Því herra gildi á þessari stærð (FEm/kg þe), því meiri nýtanleg orka (nettóorka) í hverju kg þe af fóðrinu.



Bakkakotskindur í vænni töðu.

Myndir / HKr.

Áætluð áhrif orkustyrks gróffóðurs á át fullorðinna áa

á gróffóðri frá hausti og fram að burði

1.tafla.

Orkustyrkur, FEm/kg þe	Gróffóðurát, kg þe/dag	Fóðrunarvirði FEm/dag
0,7	1,4	0,98
0,75	1,5	1,13
0,8	1,6	1,28
0,85	1,7	1,45

Síðasti dálkurinn í töflunni sýnir fóðrunarvirði gróffóðursins, sem er margfeldi orkustigs gróffóðursins og daglegs áts kindanna á því, sem sagt sú orkuþörf sem gróffóðrið eitt og sér gæti staðið undir.

Átgeta fullorðinna íslenskra áa í tilraunum hefur oftast verið á bilinu 1,4 til 1,9 kg þe/dag yfir vetrartímann en fer í 2,0–2,5 kg þe/dag fyrst eftir burð og trúlega um og yfir 3 kg þe/dag á beit fyrri hluta mjólkurskeiðsins. Fóðurgæðin hafa veruleg áhrif á átgetuna, því meiri sem þau eru, því meira verður átið. Þarna koma bæði orkugildi og verkunarþættir við sögu. Við gjöf á þurrhevi eða þurrlegu rúlluhevi mestan part vetrar (ekki þó eftir burð) má nota eftirfarandi þumalputtareglu um gróffóðurát hjá fullorðnum ám:

Gróffóðurát, kg þe/dag = 2 x orkustyrkur (FEm/kg þe)

Taka verður fram að þessi formúla gefur aðeins grófa nálgun, hún er lauslega byggð á niðurstöðum ýmissa tilrauna. Niðurstöður fengnar með þessu móti má sjá í 1. töflu:

Orkuþarfir tvílembu í lok meðgöngu eru um 1,45 FEm/dag, og úr töflunni má lesa að besta heyið (0,85 FEm/kg þe) þarf til að uppfylla slíkar orkuþarfir. Sé aðeins í boði hey með orkustyrk 0,70 FEm/kg þe innbyrðir ærin 0,47 FEm/dag minna. Það þýðir að ærin þarf að tálga af sér ca. 85 g á dag af fitu. Nánar síðar um áhrifin af því.

Áætlað át skv. 1. töflu miðast við þurrt eða þurrlegt hey, sem er mjög nálægt hræfninu (grasi) að efna-samsetningu. Sauðfé étur þurrt hey betur en votverkað. Samanburður á áti áa yfir vetrartímann á þvölu og þurrlegu rúlluhevi sýndi mun á áti sem nam 9% fyrri hluta vetrar en 15% á vormánuðum, þurrlega rúlluheyinu í vil (Bjarni Guðmundsson, 1996). Munur í áti milli þurr- og votverkaðra heyya verður meiri eftir því sem verkun votheysins er lakari.

Ög eins og áður var vikið að verður verkinin lakari eftir því sem hræfnið er lakara.

Af öllu þessu má ráða að þegar saman fer að grös eru úr sér spröttin og verkunarskilyrði slæm getur orkujafnvægi áa orðið verulega neikvætt þegar líður á meðgönguna, einkum ef eingöngu er treyst á gróffóður.

Gjafatækni

Aðferð eða tækni við fóðrun getur haft nokkur áhrif á gróffóðurátið. Sjálffóðrun á gjafagrindum er orðin mjög útbreidd aðferð í íslenskum fjárhúsum og hefur sparað bændum mjög mikinn tíma og bakraunir síðustu 15-20 árin. Þegar heygæði eru eðlileg fóðrast fé vel með þessari aðferð að því gefnu að í það minnsta þriðjungur fjárins hafi aðgang að fóðrinu á hverjum tíma og að grindin sé ekki látin standa tóm nema í örstutta tíma á milli gjafa. Eftir því sem heygæði eru lakari reynir meira á að:

- a) Flokka fé í fóðrunarhópa þannig að yngra féð og gamalær fái aðgang að jafnbetra hevi en ær á besta aldri.
- b) Að stilla grindurnar nægilega oft þannig að aðgengi fjárins að fóðrinu sé sem best.
- c) Að fjarlægja moð og grófa stöngla úr grindunum reglulega, ekki bara þegar ný rúlla er sett inn.

Í fjárhúsum með gjafagrindum er aðstaða til kjarnfóðurgjafar víða af skornum skammti. Það er nokkuð sem þarf að reyna að bæta úr og er efni í sérstakt þróunarverkefni að

prófa og kynna góðar lausnir í þessu sambandi.

Efnaskiptasjúkdómar eru afleiðing af ójafnvægi milli næringarefnaþarfa og fóðrunar

Dæmi um efnaskiptasjúkdóma í sauðfé:

- Doði– truflun á efnaskiptum kalsíum (Ca) – stundum vegna D-vítamínskorts, þar sem D-vítamín er nauðsynlegt í Ca-efnaskiptum. Offóðrun á Ca um miðjan vetur getur einnig valdið doða, þá verður nýting þess smám saman lakari þegar líður að burði og þarfirnar aukast.
- Graskrampi – truflun á efna-skiptum magnesíum (Mg), t.d. vegna of mikils styrks kalí (K) í beitargróðri, sem truflar upp-töku Mg.
- Fóstureitrun (súrdoði) - skortur á orku/ glúkósa. Sjá nánari umfjöllun síðar í greininni.
- Of lítill broddmjólkurmyndun vegna ófullnægjandi næringar móður; leiðir af sér skort á næringarefnum og mótefnum sem aftur hefur í för með sér auknar líkur á bæði efnaskipta- og smit-sjúkdómum hjá lömbum.

Það er samhengi milli efnaskorts og sjúkdóma af völdum smits og sníkjudýra

Mótefnastaða og þar með líkur á smitsjúkdómum er mjög tengt næringarástandi. Nokkur dæmi um slíkt samspil:

- Samhengi er milli tíðni jógurbólguþilfella og ójafnvægis í snefilefnastöðu.
- Skortur á próteini í fóðri getur valdið auknu tjóni af völdum ormasýkinga.
- Ef næring er ekki í nægilegu jafnvægi við þarfir verður mótefnastaða lakari og líkur aukast að mun á skaða af völdum ýmissa smitsjúkdóma sem ekki næðu sér á strik við eðlilegar aðstæður þó svo að smitefnið væri fyrir hendi.

Nokkur efni í fóðri sem hafa áhrif á mótefnastöðu:

Mörg efni hafa áhrif á ýmsa mælikvarða mótefnastöðu í búfé, þar á meðal vissar aminosýrur og fitusýrur (t.d. línólsýra), hin fituleysanlegu A-, D- og E- vítamín, hin vatnsleysanlegu C- og B-vítamín (am.k. fólínsýra, B6 og B12) og snefilefni á borð við zink, kopar, járn, selen, króm og kóbalt. Í gegnum tíðina hafa zink og E-vítamín verið hvað mest rannsökuð í þessu sambandi, en sameiginleg virkni selens og E-vítamíns er einnig þekkt t.d. varðandi móttöðu gegn jógurbólgu. Á síðari árum hafa komið fram ýmsar rannsóknir sem sýna mikilvægi D-vítamíns fyrir ónæmiskerfið. Þó að líkur bendi til að meira og minna sömu efnin séu mikilvæg fyrir ónæmiskerfið í mismunandi tegundum spendýra, hefur kerfi meltingar og efnaskipta í ólíkum dýrategundum nokkuð um það að segja hver þessara efna þurfa að koma beint úr fóðrinu. Jörturdýr framleiða sjálf C-vítamín og örverur vambarinnar sjá skepnunni fyrir nægu af B- vítamínum og helstu aminosýrum.

Samspil efna varðandi mótefnastöðu er oft flókið. Framangreind upptalning efna gefur aðeins hugmynd um mikilvægi þeirra. Um mörg efnanna (þó ekki öll) gildir að bil á milli skortsmarka (lágmark) og eiturmarka (hámark) í fóðri er býsna breitt og því oft ódýrara að gefa nokkuð ríflega af þessum efnum en að eiga hættu á að þau

skorti. Leiðirnar til að koma þessum efnum í gripina eru margar og misdýrar. Mörg þessara efna er að finna í nægum mæli í góðu gróffóðri. Til þess að átta sig á þörf á aðkeyptum efnum á einhverju formi er æskilegt að þekkja innihald gróffóðursins. Þegar gróffóðurgæði af einhverjum ástæðum eru með lakara móti er sérstök ástæða til að huga að þessum þáttum.

Veikburða einstaklingar þola verr léleg heygæði

Ær með lausar tennur eða jaxlavandamál geta verið fljótar að dragast aftur úr í fóðrun. Aðrar ástæður eins og fótavandamál, eða bara elli, geta leitt til þess að kindur eru ekki alveg samkeppnisfærar. Ef svona kindur eru teknar sér og settar á betra hey og gjarnan kjarnfóður með er oft hægt að fódra þær ágætlega svo framarlega að önnur og alvarlegri vandamál standi þeim ekki fyrir þrifum. Tíðni svona tilvika fer vaxandi þegar fóðurþarfir aukast eftir því sem líður á meðgönguna, sérstaklega þó ef hey eru gróf, ólystug og orkusnauð.

Sauðfé er minna viðkvæmt fyrir beinum meltingartruflunum en nautgripir

Það liggur að hluta til í því að mikil kjarnfóðurgjöf sem oft er orsakavaldur meltingartruflana hjá nautgripum er ekki algeng hjá sauðfé. Hins vegar er sauðfé viðkvæmara en nautgripir fyrir meltingarsjúkdómum af völdum smits, svo sem af völdum Clostridium gerla (bráðapest, gamaeitrun o.fl.)

Skipti á milli gróffóðurgerða eru ekki sérlega áhættusöm hjá sauðfé, svo lengi sem heildarfóðrunin byggir á að uppfylla heildarþarfir fjárins eins vel og hægt er. Þannig á að vera í góðu lagi að gefa orkuríkt og orkusnautt fóður saman, t.d. í sitt-hvort málið ef gefið er á garða eða í sitt-hvort endann á gjafagrindinni ef um sjálffóðrun er að ræða. Þetta gengur vel upp (líka á gjafagrind) ef hvorttveggja fóðrið er sæmilega lystugt. Þar ræður hræfnið (gras-tegundin) miklu um hvernig til tekst.

Sauðfé er viðkvæmara fyrir efnaskiptasjúkdómum fyrir burðinn en minna viðkvæmt eftir burðinn en nautgripir

Góð dæmi um þetta eru doði og súrdoði, hvort tveggja er algengara eftir burðinn hjá kúm en fyrir burðinn hjá sauðfé, þar sem súrdoðinn heitir reyndar meðgöngueitrun (pregnancy toxemia/twin lamb disease).

Hvað er meðgöngueitrun?

Ástæður þessa efnaskiptasjúkdóms eru hratt vaxandi orkuþarfir á síðustu vikum meðgöngu og eftir burð, sem næst sjaldnast að mæta fyllilega með fóðri. Því meira (neikvætt) bil sem er á milli þarfa og fóðrunar, því meiri hætta! Orkusnautt og ólystugt gróffóður er uppskrift að þessu vandamáli, fleira getur þó ýtt undir, svo sem: snögggar fóðurbreytingar; óregluleg fóðrun, ormasýkingar, hnjask og rask af ýmsu tagi.

Meginvandamálið er skortur á glúkósa (blóðsykri) en glúkósi er nauðsynlegur m.a. fyrir heilastarfsemina, mjólkurmyndun og ekki síst fyrir fósturin, sem hafa forgang á glúkósann og því er líklegra að ærin lendi í glúkósaskorti heldur en lömbin. Glúkósaskortur leiðir til aukins fituniðurbrots, sem skaffar bæði fitusýrur til brennslu og glyseról til glúkósanýmyndunar; sem fer fram í lifrinni. Hratt fituniðurbrot leiðir til uppsöfnunar á ketónefnum í blóði og þvagi, sem veldur lækkuðu sýrustigi (pH), með eituráhrifum á borð við andnauð, truflanir í



miðtaugakerfi, ofþornun og skerta meðvitund.

Hratt fituniðurbrot leiðir einnig til uppsöfnunar á fitu í lifur (fitulifur) sem getur tekið langan tíma að jafna sig og veldur almennt truflun á starfsemi lifrarinnar og þar með ýmsum mikilvægum efnaskiptaferlum.

Glúkósaskortur (blóðsykurfall) veldur truflunum í heila/miðtaugakerfi. Æmar verða daufar, fjarlæggar, drepast innan 10 daga án meðhöndlunar. Meðhöndlun felst í því að gefa propylen glycol og saltlausn, einnig getur verið ráð að kalla til dýralækni til að fjarlægja lömb með með keisaraskurði.

Ær sem hafa verið vel feitar á miðri meðgöngunni en leggja hratt af á síðustu vikum meðgöngunnar eru hvað líklegastar til að verða fyrir meðgöngueitrun. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að geta gefið betra fóður á síðasta hluta meðgöngunnar til að dempa fallið í orkujafnvæginu eins og hægt er.

Ef orku-/glúkósaskortur er jafn og langvinnur, eins og líklegt er þegar gróffóðurgæði eru mjög jafnléleg stóran hluta vetrar, þá er ekki líklegt að fitulifur myndist, vegna þess að fituniðurbrotið er hægara. Glúkósaskorturinn sem slíkur hefur hins vegar sömu afleiðingarnar að öðru leyti, þ.e. truflun á miðtaugakerfi, mjólkurmyndun o.fl. Það fer svo eflaust eftir því hve langt þetta ferli gengur hvort einstakir gripir ná að jafna sig að fullu þegar betri tíð kemur. Hætt er við að erfið tíð vorið 2015 hafi gert útslagið með að sumar ær náðu því ekki þá þó að þær hefðu átt möguleika á því í betri vorum.

Áætlanir og greining vandamála

Til þess að koma í veg fyrir tjón af



völdum lélegra heyja þarf að beina sjónum að því hvernig við getum gert heyin betri, jafnvel í óþurrkasumrum. Það er efni í annan pistil. En þegar haustið kemur hverju sinni þá verður að vinna út frá þeim heyforða sem til er. Jafnframt má fullyrða að reglulegt eftirlit og árvekni geti fyrirbyggt mörg vandamál. Hér verða nefnd nokkur atriði sem vert er að hafa í huga.

Skráning á uppskeru í gegnum vefforritið jord.is sem mjög margir bændur hafa aðgang að er einföld í framkvæmd og gefur gott yfirlit um heyforðann ef skráningin er vönduð. Þarna er gert ráð fyrir að flokka heyforðann eftir gæðum. Slíkar upplýsingar er síðan hægt að nýta við áætlanir um fóðrun vetrarins.

Efnagreiningar á heyinu hjálpa til við að gera sér enn betur grein fyrir gæðum heyjanna heldur en hægt er að gera út tilfinningunni einni saman, þó hún skuli ekki vanmetin. E.t.v. má líka segja að efnagreiningarnar hjálpi mönnum smám saman til að fá betri tilfinningu fyrir heygæðunum.

Til að skráning heyforðans og efnagreiningar komi að sem bestu gagni er mikilvægt að raða heyforðanum til vetrargeymslu á sem skipulegastan hátt. Ekki er verra að hafa einhverja hugmynd um það þegar sú röðun fer fram hvaða hey er líklegt að verði gefið hvaða hópi á hvaða tíma. Þegar þessi röðun fer fram væri gott ráð að taka til hliðar t.d. 2 rúllur af hverri heytegund og hafa aðgengilegar til að taka úr þeim sýni að haustinu, til að senda í efnagreiningu. Jafnvel mætti prófa að gefa þessar prufurúllur fljótlega að haustinu til að fá betri tilfinningu fyrir því hvort heygæðin standast væntingar.

Ötvíráðasti mælikvarðinn á fóðurgildi heyjanna er hvernig féð þrífst af þeim. Glögg fjármannsauga meðtekur töluverðar upplýsingar um það, en til að styrkja það mat og sannreyna er vigtun ágæt aðferð. Í fjárræktarfélagunum var á árum áður gjarnan haft það vinnulag að vigta féð þrisvar á vetri. Slíkar vigtanir lögðust smám saman af á flest-

um bæjum, mögulega hafa menn haft minni áhyggjur af fóðruninni eftir að heygæði bötnuðu almennt með bættri heyskapartækni.

Það kann að hafa verið afturför. Hér skal a.m.k. hvatt til þess að nota fjárvigtina oftar en bara að haustinu.

Ef vigtað er þrisvar á vetri væri líklega rökrétt að fyrsta vigtun væri við ásetning og flokkun ánnu að haustinu, um það leyti sem féð væri tekið inn. Önnur vigtun væri svo hæfilega tímasett í janúar/febrúar, eftir að fengitið er vel um garð gengin. Flokkun ánnu í fóðrunarhópa væri endurskoðuð með hliðsjón af þeirri vigtun og með tililiti til niðurstaðna úr fósturtalningu. Þriðja vigtunin væri svo eðlilegt að færi fram u.þ.b. mánuði fyrir burð, þ.e. nógu snemma til að hún valdi ekki óþarfa hnjaski. Þessi vigtun ætti að gefa góðar vísbendingar um áherslur í fóðruninni á síðustu vikum meðgöngunnar.

Hvaða aðferðir sem notaðar eru þá er mikilvægt að fylgjast með bæði hjörðinni sem heild og eins-

tökum gripum. Fjöldi vandamála-tilfella geta gefið vísbendingar um það í hvaða átt hjörðin í heild er að stefna.

Lokaorð

Vetrarfóðrun sauðfjár hérlandis byggist að langstærstum hluta á heimaöfluðu gróffóðri. Ræktunarmarkmið fyrir íslenska sauðfjárstofninn felur í sér að stefnt er að tveimur vænum lömbum eftir hverja fullorðna á og einu slíku eftir hverja lambgimbur. Til að gróffóður og beit standi undir þessum væntingum þarf árangur í jarðrækt og fóðuröflun að vera framúrskarandi góður. Sveiflur í veðurfari og fleiri þáttum gera þetta reikningsdæmi nokkuð snúið en jafnframt áhugavert.

Við höfum í dag ýmsar aðferðir til að búa okkur sem best undir slíkar sveiflur, og við þurfum að nýta þær markvisst til að árangurinn verði sem jafnastur og bestur. Þessi pistill og aðrir sem á eftir koma verða vonandi innlegg í það mál.

Jóhannes Sveinbjörnsson, Landbúnaðarháskóla Íslands

Helstu heimildir:

Árni B. Bragason, 2013. Sjúkdómar og sauðfé. 10. kafli (bls. 192-224) í: Sauðfjárrækt á Íslandi. Uppheimar 2013. Bjarni Guðmundsson, 1996. Verkun heys í rúlluböggum handa ám. Rit búvísindadeildar nr. 17. Bændaskólinn á Hvanneyri. Morgante, M., 2004. Digestive disturbances and metabolic-nutritional disorders. Kafli 10 í Dairy Sheep Nutrition (ritstj. G. Pulina & R. Bencini). Cabi Publishing.

BYLTINGARKENND NÝJUNG!

21m² og 43m² hús fullbúin á nokkrum klukkustundum.

Sömu húsin fást aðeins breiðari svo þau verða 24m² og 48m², án aukagjalds ef óskað er.

Verð frá 1920 þús. fyrir fullbúið hús.



Tvö hús komast í 20ft gám



Húsið innpakkað



Fyrsta og annað stig: Húsið tilbúið til uppsetningar



Þriðja stig: Veggir og þak reist og gólfflötur stækkaður



Fjórdða stig: Gaflar reistir



Fimmta stig: Göflum lokað



Sjötta stig: Þakklæðning sett á



Sjöunda stig: Kjölur settur á þakið



Húsið tilbúið til notkunar

VERÐDÆMI:
ASI525-P01
20.85m²



Verð án vsk, afhent í Reykjavík:

Standard hús án skrautklæðningar, kr 1.920.000,-

Með PVC skrautklæðningu, t.d. vatnslæðning í viðarlíki, 2.190.000,-



Tvö stærri hús komast í 40ft gám, eða fjögur minni.



Jarðarberjaræktun í útlöndum

Í janúar 2016 heimsótti höfundur þessar greinar nokkra jarðarberjaræktendur í Þýskalandi og Hollandi með það markmið að fá meiri þekkingu af jarðarberjaræktun og bera saman framleiðslu þar og á Íslandi til að sjá hvað er hægt að bæta í jarðarberjaræktun á Íslandi.

Í Þýskalandi og Hollandi eru jarðarber ræktuð í stórum stíl. Fyrst og fremst eru jarðarber ræktuð úti í röðum í heilum spildum. Einnig eru jarðarber ræktuð á hryggjum, sem eru huldur svartri plastfilmu og undir henni eru vökvunarkerfi sett upp. Filman kemur í veg fyrir uppgufun vatnsins og spírur illgresis.

Með réttu vali á yrki er hægt að lengja uppskerutímabilið en ýmsar fleiri aðferðir eru til. Til dæmis er hægt að rækta jarðarberin í einföldum plastgróðurhúsum sem er færð hvert ár. Í þannig gróður-göngum eru jarðarberin ræktuð í asparhryggjum. Þetta er tiltölulega fyrirhafnasamt ferli en plönturnar fá vernd gegn veðri og það er hægt að fá þroskuð ber 2–3 vikum fyrir en við ræktun án ganga í heilum spildum. Göngin eru 5,50–8,50 m breið og 2,30–3,90 m á hæð. Það er hægt að hafa annað hvort þrjá til fimm hryggi með tvöföldum röðum eða fimm til sjö hryggi með einni röð. Ef ekki er hægt að ferja göng, er hægt að rækta í föstum gróður-göngum (mynd 1). En til að koma í veg fyrir plöntusjúkdóma og verja uppskeruöryggi er nauðsynlegt að rækta í pottum sem settir eru ofan á svarta plastfilmuna. Með því má



Föst göng fyrir jarðarberjaræktun í janúar.



Jarðarber í pottum á borðum í raflystu og upphituðu gróðurhúsi í janúar.



Dúkur yfir jarðarberjum í gróðurhúsi í janúar.

ábyrgjast að jarðarberjaræturnar koma ekki í snertingu við jörðina.

Annar möguleiki er að rækta í gróðurhúsum í pottum á háum beðum. Dúkur er breiddur yfir plönturnar þar til blómgun hefst. Með þessari aðferð er hægt að að fá þroskuð ber meira en einni viku fyrir en án dúks (mynd 2).

Til að framleiða jarðarber allt árið um kring eru raflyst og upphituð gróðurhús nauðsynleg. Garðyrkjustöð eins og sjá má á mynd 3 var með sambærileg skilyrði fyrir jarðarber eins og í jarðarberjatilraunum á Reykjum. Munurinn var bara plöntuþéttleiki, þau voru með 12 jarðarberjaplöntur af yrkinu 'Sonata' á metra, sem gaf



10 plöntur á fermetra en við vorum með þrengri göng og því með 12 plöntur á fermetra. Þau fengu 60 ber á plöntu með 700 g söluhæfa uppskeru á plöntu á 6 vikna uppskerutímabili. Meðalþyngd bers var 11,7 g (þyngdin lækkaði frá 30 niður í 10 g yfir uppskerutímabilið). Markmið okkar á Íslandi verður því að ná sama árangri. Vonandi næst það í næstu jarðarberjatilraun.


Jarðarberjaræktun á óhefðbundnum tíma á Íslandi

Uppskerutímabil af íslenskum jarðarberjum hefur verið um það bil frá maí til október og því eru íslensk jarðarber ekki í boði vetur og vor. Hins vegar vilja íslenskir neytendur gjarnan líka borða jarðarber yfir veturinn og þess vegna eru jarðarber flutt til landsins. En í Hollandi og Belgíu er nokkurra áratuga hefð fyrir ræktun jarðarberja í upphituðum gróðurhúsum.


Svo eru einnig Norðmenn að prófa sig áfram með gróðurhúsa-ræktun jarðarberja yfir veturinn. Vetrarræktun í gróðurhúsum á Íslandi er algjörlega háð aukalýsingu. Viðbótarlýsing getur því lengt uppskerutímamann og komið í stað innflutnings að vetri til. Grænmetið er ræktað yfir veturinn með lýsingu og spurning hvort ekki er hægt að lengja vaxtarskeið jarðarberja á sama hátt. Í ljósi þessa var Landbúnaðarháskóli Íslands að prófa vetrarræktun jarðarberja með það markmið að sjá, hvort það er mögulegt á Íslandi og hvort ljósstyrkur hefði áhrif á uppskeru og gæði jarðarberja. Einnig var hagkvæmni slíkrar ræktunar skoðuð. Verkefnisstjóri var Christina Stadler og verkefnið var unnið í samstarfi við jarðarberjabændur og styrkt af Sambandi garðyrkjubænda.

Tilraunaskipulag

Gerðar voru tvær tilraunir með jarðarber (Fragaria x ananassa, yrki 'Sonata'), sú fyrri (A) frá janúar til maí 2015 og sú síðari (B) frá miðjum maí til loka júlí 2015, í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum. Jarðarber voru ræktuð í pottum í fimm endurtekningum með 12 plöntur/m² undir topplýsingu frá háþrýsti-natríumlömpum (HPS) með tvenns konar ljósstyrk (150 W/m² og 100 W/m²) að hámarki í 18 klst. Daghliti var 16° C og næturhliti 8° C, CO₂ 800 ppm. Jarðarberin fengu næringu með dropavökvun. Í hluta



Mynd 1: Opið blóm / ber á plöntu í hluta A og hluta B við mismunandi ljósstyrk.



Mynd 2: Uppskeyra af jarðarberjum og meðalþyngd aldina árið 2015 í hluta A og hluta B eftir mismunandi ljósstyrk. Munur milli meðferða er ekki marktækur (HSD, $p \leq 0,05$).

A og hluta B voru áhrif ljósstyrks prófuð og framlegð reiknuð út.

Niðurstöður og umræða

Það tók 1-2 daga frá blómgun til frjóvgunar. Fjöldi blóm / ber náði 60 í hámarki við hærri ljósstyrk en um 55 við lægri ljósstyrk í hluta A. Hins vegar var fjöldi í öfugri röð í hluta B við næstum 60 blóm / ber við lægri ljósstyrk og næstum 55 við hærri ljósstyrk (mynd 1). Eftir að ná hámark, minnkaði fjöldi því jarðarberin voru byrjað að tina.

Ljósstyrkur Hluti A	Hlutfallsleg skipting söluhæfra og ósöluhæfra jarðarberja eftir ljósstyrk í hluta A og hluta B						
	Söluhæf uppskera	Ósöluhæf uppsker					
úrvalsfl.	1. fl.	2. fl.	of smá	mygluð	illa löguð	græn	
150 W/m ²	82	12	0	1	0	4	1
100 W/m ²	78	12	1	2	0	5	2
Hluti B							
150 W/m ²	79	9	0	1	0	8	3
100 W/m ²	71	15	0	2	0	9	3

Ávextir voru þroskaðir eftir 42 daga í hluta A og í hluta B eftir 33-35 daga. Í upphafi uppskerutímabils gaf meðferð með hærri ljósstyrk

nokkrum dögum fyrir þroskuð ber en við 100 W/m² (mynd 2). Í lok uppskerutímabils fengust 600 g/plöntu markaðshæfrar uppskeru við

150 W/m² en 500 g/plöntu við 100 W/m² í hluta A, en munurinn var ekki tölfraðilega marktækur. Í hluta B fengust 450 g/plöntu við 150 W/m² en rúmlega 350 g/plöntu við 100 W/m² sem var heldur ekki tölfraðilega marktækur munur. Jákvæð áhrif hærri ljósstyrks á markaðshæfa uppskeru var aukning um 13 % / 19 % (hluta A / hluta B). Munurinn milli mismunandi ljósstyrks þróast í upphafi uppskerutímabils.

Ástæðan fyrir meiri uppskeru við hærri ljósstyrk var aukinn fjöldi jarðarberja í úrvalsflokki, en meðalþyngd minnkaði eftir því sem leið á uppskerutímabilið frá 15–23 g/ber til um 7 g/ber og var aðeins hærri við 150 W/m² í hluta B en ekki í hluta A (mynd 2).

Það virðist sem ómarkaðshæf uppskera hafi minnkað við hærri ljósstyrk. Hlutfall uppskerunnar sem hægt var að selja var 90–94 % í hluta A og 86–88% í hluta B. Hærra hlutfall ómarkaðshæfrar uppskeru í hluta B var vegna hærri hluta af jarðarberjum sem voru illa löguð vegna ófrjóvgunar (tafla 1).

Pegar hærri ljósstyrkur var notaður, þá jókst uppskera um 0,8 kg/m² (1 % hækkun í ljósstyrk jók uppskeru um 0,3-0,4 %) og framlegð um 900 ISK/m² í hluta A og 1.500 ISK/m² í hluta B. Hærri rafmagnsgjaldskrá breytir framlegð næstum ekkert. Það skiptir ekki máli hvort gróðurhús er staðsett í þéttbýli eða dreifbýli, framlegð er svipuð.

Ályktun

Frá hagkvæmnisjónarmiði er mælt með því að nota hærri ljósstyrk til að auka uppskeru og framlegð jarðarberja. Nú eru aftur farnar af stað tilraunir við LbhÍ þar sem prófuð verða áhrif ljósstyrks yfir háveturinn 2015/2016 á tvö jarðarberjaryrki, 'Sonata' og 'Elsanta'. Niðurstöður verður kynntar í Bændablaðinu þegar þær liggja fyrir.



Vert að lofa velgengni forvarna í írskum landbúnaði

Árlega koma út ársskýrslur ársins á undan um ýmis mál í byrjun árs. Nokkrum sinnum hef ég vitnað til H.S.A. (Helth and Safety Authority) á Írlandi sem mætti kalla „heilbrigðisstofnun Írlands“.

Undir H.S.A. eru allar stofnanir sem hafa með forvarnir, slys og heilbrigðismál að gæra á Írlandi. Eftir útkomu ársskýrslu um banaslys á Írlandi fyrir árið 2014 þar sem 30 banaslys urðu í írskum landbúnaði það ár var lagt upp með áherslu sem beindust að farsímanotkun, börnum undir 17 ára aldri, hættu á gaseitrun frá haughúsum og starfsmönnum sem voru 55 ára og eldri. Árangurinn var að á síðasta ári létust 18 við landbúnaðarstörf sem reiknast nálægt 40% fækkunar sýna við landbúnað.

**100% árangur í tveim
áhersluatriðum**

H.S.A. þakkar velgengnina fyrst og fremst auknu fjármagni til forvarna. Alls voru 55 banaslys á Írlandi á síðasta ári. Í héruðunum 21 á Írlandi

koma verst út vinsælustu ferðamannahéruðin tvö vegna mikillar aukningar ferðamanna samfara aukningu umferðar á þróngum vegum hér-
aðanna. Árangurinn af áherslunum var bestur varðandi haughúsin þar sem enginn lést, einnig var ekkert slys sem mátti rekja til farsímanotkunar, 50% færri slys barna, en svipað margir sem voru yfir 55 ára létust og árið áður.

Barátta og virkur gagnagrunnur síðan fyrir 1990

H.S.A. hefur gefið út mikið af bæklingum, veggspjöldum og verið með starfsmenn sem fara í heimsóknir sem bæði fræða og laga það sem þarf. Í fréttakynningarriti frá H.S.A. þar sem vitnað var í forstjóra H.S.A. og ráðherra atvinnu og heilbrigðismála voru þeir sammála um að árangurinn væri góður en aldrei mátti slaka á í forvörnun. Tölur og skýrslur einfaldlega sýndu að um leið og slakað væri á þá yrði aukning á slysum. Einnig voru þeir sammála um að það eina sem þeir væru ráðþrota í væri að fækka slysum í landbúnaði hjá þeim



Hættuleg dráttarvél getur í augum barns sem er að stíga sín fyrstu skref út í lífið lítið út sem hvert annað leikfang. Reynslulaust barnið hefur litlar forsendur til að meta hættuna.

sem eru eldri en 55 ára þrátt fyrir mikla áherslu á þennan aldurshóp,

en fyrir nokkrum árum voru gefnir
út sérstakir forvarnarbæklingar sem

ætlaðir voru fyrir markhóp sem er eldri en 65 ára.

FROSTFRÍAR LAUSNIR

Polarflex Pirit Pro frostfríar slöngur



Slöngur með innbyggðan
sjálfvirkan hitastilli sem hitnar
þegar þörf er á.

Tilvalin lausn þegar færa þarf vatn og frárennsli frá A til B á kuldaslóðum!



Polarflex snjóbræðslumottur

Bræða klaka og snjó við
snertingu þannig að svæði
haldist snjólaus og klakalaus.

Enginn snjómokstur, klaki
eða salt!



KJARAN ehf. | Síðumúla 12-14 | 108 Reykjavík | Sími 510 5500 | kjaran@kjaran.is | kjaran.is

KJARAN

KROSSGÁTA Bændablaðsins



32	FÓTLAMA	BLÆR	STARTARI	BERIST TIL	SITJANDI		SKJÖN	HRÓPA	NEDAN VIÐ	GRIND
BURST										
SNÍKILL						SPIL				
						HVIDA				
PRJÓNA- VARNINGUR				BRAG- SMÍÐS						
				SÁLDRA						
